Í grunnskólanum er einkum horft til bóklegrar hæfni nemandans fremur en almennrar eða verklegrar hæfni. Staða bóknáms og iðn- eða starfsnáms er ólík í samfélaginu. Tækniskólaval hefur víða verið valfag í 10. bekk. Þar kynnast nemendur grunnþáttum iðn- og starfsnáms með beinum hætti með því að vinna verkefni, kynnast inntaki námsins og nota tilheyrandi tækjabúnað. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í reynslu og upplifun nemenda í Tækniskóla Íslands af Tækniskólavali og upplifun þeirra af náms- og starfsfræðslu í grunnskólanum sem snýr að iðn- og starfsnámi. Þá var einnig skoðuð reynsla nemenda af því að hefja nám í Tækniskólanum. Rannsóknin var gerð með eigindlegri aðferð og byggir á viðtölum við átta nemendur úr Tækniskólanum og við þrjá starfsmenn til að fá innsýn í tilgang og skipulag Tækniskólavalsins. Helstu niðurstöður sýndu að upplifun nemenda af Tækniskólavalinu var jákvæð. Þar fengu nemendur fræðslu um iðn- og starfsnám sem þau fengu ekki í grunnskólanum þar sem fræðslan virðist vera lítil, yfirborðskennd og ómarkviss. Öllum viðmælendum úr hópi nemenda fannst mikilvægt að fá að prófa hlutina sjálfir til að geta valið sér nám á upplýstan hátt og flestir töldu umræðu um bóknám stýrandi í grunnskólanum. Niðurstöður benda til að viðhorf til iðn- og starfsnáms sé almennt neikvætt, sérstaklega hjá ungu fólki. Viðmælendur úr hópi nemenda höfðu allir jákvæða upplifun af námi í Tækniskólanum.

Ásta Gunnarsdóttir
Soffía Valdimarsdóttir

## Er glatað að vera pípari? Reynsla pípulagningameistara og nema í faginu

Iðnnám og annað starfstengt nám hefur í gegnum tíðina verið litið hornauga. Að sama skapi hafa nemendur sem stunda nám af slíkum toga verið flokkaðir sem annars flokks nemendur. Meginmarkmið rannsóknarinnar sem hér er fjallað um var að fá innsýn inn í upplifun og reynslu pípulagninganema og pípulagningamanna af námi og starfi sem og upplifun þeirra á viðhorfum samfélagsins til starfsgreinarinnar. Rannsóknin var unnin með eigindlegum aðferðum og byggðist á viðtölum við átta einstaklinga, fjóra pípulagninganema, þrjá starfandi pípulagningamenn og einn séfræðing á sviði iðn- og starfsnáms. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að viðmælendur upplifðu eigin reynslu af námi og starfi sem jákvæða en töldu námsval ungmenna almennt litað af viðhorfum samfélagsins fremur en áhuga. Að auki álitu þeir skólakerfið mjög bóknámsmiðað. Viðmælendurnir upplifðu oft neikvæð viðhorf fólks til námsins og starfsins, ástæðuna töldu þeir vera fáfræði um eðli námsins og starfs pípulagningamanna. Kynjahalli er umtalsverður, þó að fleiri konur nemi og starfi við fagið en áður. Kvenkyns viðmælendur upplifðu oft á tíðum mikla undrun fólks yfir því að þær hefðu valið sér slíkt starf sem þykir frekar karllægt. Viðmælendur voru sammála um að aukin fræðsla um iðn- og starfsnám sem hæfist fyrr í skólakerfinu gæti að einhverju leyti breytt þessum viðhorfum

Fríða Guðlaugsdóttir
Soffía Valdimarsdóttir

## „Það er svo mikill fókus í okkar námi á bóknám"

Á undanförnum árum hefur ákall um eflingu náms- og starfsráðgjafar hér á landi meðal annars snúist um aðgerðir gegn brotthvarfi og til að efla starfsnám. Mun færri nemendur velja starfsnámsbrautir framhaldsskólanna en bóknámsbrautir að loknum grunnskóla, og í alþjóðlegum samanburði er hlutfall ungs fólks í starfsnámi á Íslandi lágt. Það virðist því skjóta skökku við að rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á að meirihluta nemenda líkar betur við verklegar greinar en bóklegar í grunnskóla. Í þessari rannsókn var markmiðið annarsvegar að varpa ljósi á þær áskoranir sem náms -og starfsráðgjafar í grunnskólum landsins standa frammi fyrir með áherslu á ráðgjöf um starfsnám og hinsvegar var kannað hver sé sýn þeirra á að nemendur velji síður starfsnám en bóknám við lok grunnskólans. Tekin voru hálfstöðluð opin viðtöl við sjö náms- og starfsráðgjafa sem starfa í grunnskólum. Helstu niðurstöður sýndu að þeir telja sig ekki skorta þekkingu á starfsnámi né vera hallir undir bóknám en grunnskólinn er að þeirra mati mjög bóknámsmiðaður. Allir telja að tengsl við atvinnulífið ættu að vera meiri og að stefna stjórnvalda þurfi að vera skýrari hvað varðar náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum, náms- og starfsfræðslu og að skilgreinda námskrá vanti. Þeir telja að val á námi að loknum grunnskóla snúist fyrst og fremst um val á skóla fremur en námsbraut og að nemendur séu óákveðnir varðandi val á námi við lok grunnskólans.

Sandra D. Gunnarsdóttir
Kristjana Stella Blöndal
Sif Einarsdóttir

## Val á námsleið þvert á áhuga – erum við að kynna allar námsbrautir í framhaldsskóla jafnt?

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í reynslu nemenda þegar þau standa frammi fyrir námsvali að loknum grunnskóla og þá sérstaklega hvað hefur áhrif á að nemandi velji námsleið þvert á áhuga sinn. Rannsóknin var byggð á viðtölum við sjö einstaklinga sem voru á aldrinum 18–26 ára og höfðu byrjað á bóknámsbraut en skipt yfir í starfsnám. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að ungmennin völdu fyrst hvaða framhaldsskóla þau vildu fara í áður en þau ákváðu hvaða námsbraut þau ætluðu að velja. Þau litu öll á framhaldsskólann sem sjálfstætt framhald af grunnskóla og tóku ekki upplýsta ákvörðun um hvað þau ætluðu að læra heldur fylgdu vinum sínum og óskum foreldra við val á námi. Ungmennin virðast hafa vannýtt að afla sér þekkingar á námsleiðum en einnig var kynning á starfsnámi lítil sem engin. Með öflugri náms- og starfsfræðslu er hægt að fyrirbyggja að nemendur taki óupplýsta ákvörðun um námsval í framtíðinni. Með því að skoða hvað það er sem hefur áhrif á val ungmennanna er hægt að skipuleggja kynningar á öllu námi og störfum betur og nýta þessa fræðslu í átt að frekari könnun hjá ungmennunum.

Guðbjörg Birna Jónsdóttir
Sif Einarsdóttir
Kristjana Stella Blöndal

## „Hvernig dettur þér í hug að reyna að selja föndur?“

Lífseig neikvæð viðhorf til handverks og starfa í iðn- og verkgreinum valda að ósekju miklum bóknámshalla í íslensku skólakerfi. Þess sér bæði stað í námsvali ungmenna og einnig í því að grunnskólar rækja ekki námskrárvarinn rétt nemanda til menntunar í list- og verkgreinum. Í þessu erindi rýni ég í gögn sem ég hef safnað á árunum 2019-2020 meðal starfandi handverksfólks hringinn í kringum landið. Markmiðið er að kanna upplifun þátttakenda á viðhorfi fólks til starfs síns í handverki. Í því skyni vann ég eftirágreiningu með aðferðum grundaðrar kenningar á nótum úr þátttökuathugunum á vinnustofum og viðtölum við sjö rómaða handverksmenn. Eins og við mátti búast í ljósi fyrri rannsókna voru helstu niðurstöður þær að viðmælendur upplifðu oft neikvæð viðhorf samfélagsins og jafnvel sinna nánustu. Þátttakendur greindu frá því að fólk taldi starfsvalið óraunhæft, það hlyti að vera tímabundið og tilkomið í einskonar uppgjöf. Neikvætt viðhorf birtist viðmælendum einnig í vanvirðingu eða vanmati almennings og stjórnvalda á störfum sínum og framlagi. Þátttakendur segjast þó einnig upplifa að með þrotlausri vinnu, sérhæfingu og raunhæfri verðlagning breytist viðhorf fólks til starfa þeirra og afurða.

Soffía Valdimars

## Mikilvægi velferðarþjónustu á tímum vár

Mikilvægi velferðarþjónustu í kjölfar vár hefur lítið verið rann¬sakað hérlendis. Rannsóknir á viðbrögðum við vá víða um heim hafa sýnt að velferðar- og félagsþjónusta leika stórt hlutverk við að tryggja öryggi og heilsu íbúa í kjölfar vár (Rapeli et al. 2017). Hérlendis sinnir félagsþjónusta sveitarfélaga grunn¬framfærslu og -þjónustu við fjölmarga hópa. Í erindinu verður fjallað um fyrstu viðbrögð yfirvalda vegna COVID-19. Í fyrstu var áhersla lögð eingöngu á heilbrigðisþjónustu en smám saman var þörfin fyrir félagsþjónustu einnig ávörpuð. Stjórn¬völd og stjórn¬endur félagsþjónustu gátu ekki stuðst við viðbragðs¬áætlanir fyrir félagsþjónustu heldur þurfti að ákveða hvert skref. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Norrænnar saman¬burðar¬rannsóknar á viðbragðsáætlunum félags-þjónustu og hvort hún væri hluti af almannavarnakerfi hvers lands, en í henni kom í ljós að Ísland hafi að litlu leyti ávarpað þetta atriði í löggjöf og skipulagi almannavarna og félagsþjónustu.

Guðný Björk Eydal

## Áskoranir og úrlausnir í öldrunarþjónustu vegna COVID-19

Í COVID-19 faraldrinum fyrr á árinu var dregin varnarlína um þá íbúa samfélagsins sem teljast til viðkvæmra hópa. Þar á meðal voru notendur félagslegrar þjónustu sveitarfélaga eins og eldra fólk, fatlað fólk og fólk með langvinn veikindi og fólki sem stendur sérstök og aukin hætta af kórónaveirunni. Þar með varð að endurmeta þjónustuþarfir, samskipti og aðferðir við að veita þjónustuna hjá sveitarfélögum og gera það með hliðsjón af stöðu, heilsu og sóttvörnum notenda og starfsfólks í framlínu félagsþjónustunnar.

Í erindinu verða rakin dæmi um áskoranir og aðgerðir sem gerðar voru vegna COVID-19 í heimaþjónustu til eldra fólks, dagdvalarþjónustu og innan dvalar- og hjúkrunarheimila á Akureyri. Meðal þess er aukið samstarf milli þjónustuaðila, notendur fengu úthlutað einum starfsmanni eða tengilið í stað fleiri heimsókna dag hvern. Það voru settar í gang reglulegar heimsóknir í gegnum síma eða með myndsímtölum, umgengi og heimsóknir starfsmanna og aðstandenda takmarkaðar, notendum og starfsfólki skipt í hópa eða sóttvarnarhólf, innskriftum í dagdvöl og hjúkrunarheimili frestað og starfsfólk sinnti í staðinn verkefnum heima hjá einstaklingum en ekki inn á dagdvöl eða á hjúkrunarheimilinu. Í lok erindisins verður velt upp spurningum um afleiðingar þessarar reynslu á hlutverk og mikilvægi félagslegrar þjónustu sveitarfélaga.

Ásthildur Sturludóttir
Halldór S. Guðmundsson

# Félagsþjónusta sveitarfélaga og áfallastjórnun á tímum COVID-19

Meginmarkmið félagsþjónustu sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Rannsóknir undanfarinna áratuga hafa sýnt að sveitarfélög ættu að leggja ríkari áherslu á að nýta þekkingu og bjargir félagsþjónustu og félagsráðgjafar þegar þau undirbúa og takast á við samfélagsleg áföll af öllu tagi. Félagsþjónustan hefur yfirsýn og upplýsingar um tjónnæma (e. vulnerable) hópa og viðnámsþrótt (e. resilience) samfélagsins auk þess að hafa þekkingu á félagslegum tengslum og virkni í samfélaginu sem hún starfar í.  Árangur áfallastjórnunar byggist á því að tiltækar séu áætlanir, skipulag og undirbúningur sem tekur mið af því umhverfi sem áfall verður í og hafa rannsóknir sýnt fram á mikilvægi langtímaaðstoðar með sérstakri áherslu á fjölskyldur í þeirri vinnu. Erindið fjallar um skipulag og úrræði félagsþjónustu á starfssvæði Velferðarþjónustu Árnesþings í kjölfar Covid-19 í ljósi framangreindrar þekkingar. Athyglinni er sérstaklega beint að mikilvægi sérstakrar viðbragðsáætlunar félagsþjónustunnar, forgangsröðunar viðfangsefna og gerð gátlista til að auka öryggi og gæði þjónustunnar og að formlegri skráningu atburða og verkefna í þeim tilgangi að draga lærdóm af reynslunni.

Ragnheiður Hergeirsdóttir

# COVID-19 og leikskólinn, börn og fjölskyldur - Upplýsingaflæði og samskipti við heimili

Í erindinu er greint frá niðurstöðum byggðum á gögnum sem aflað var á tímum samkomubanns. Í fyrsta lagi gögnum úr spurningakönnun sem lögð var fyrir starfsfólk leikskóla um skólastarf í miðju samkomubanni og í öðru lagi gögnum úr viðtalsrannsókn við tólf fjölskyldur leikskólabarna. Tekin voru endurtekin viðtöl við fjölskyldurnar frá mars og fram í júní um lífið á tímum samkomubanns og markmiðið að varpa ljósi á hvernig samskiptum og upplýsingaflæði milli heimila og skóla var háttað. Niðurstöður sýna að skólar leituðu fjölbreyttra leiða til að hafa góð samskipti við heimilin, margir lögðu áherslu á að gefa vandaðar upplýsingar en eftir á að hyggja telur starfsfólk að betur hefði mátt sinna fjölskyldum þeirra barna sem ekki mættu í leikskólann á þessu tímabili. Foreldrar voru almennt ánægði og eru þakklátir fyrir þá þjónustu og upplýsingar sem þeir fengu en taka í sama streng og starfsfólk að betur mætti huga að þeim sem ekki mættu í skólana á tímum samkomubanns. Af niðurstöðum má ráða að margir skólar hafa staðið sig vel, bæði hvað varðar að sinna upplýsingaflæði til fjölskyldna leikskólabarnanna og einnig í að eiga samskipti við þær á tímum samkomubanns. Sums staðar mætti þó bæta þjónustu við þær fjölskyldur sem ákváðu að hafa börnin heima á meðan að samkomubanni stóð.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir

# COVID-19 og leikskólinn, börn og fjölskyldur - Samskipti við foreldra við upphafi og lok dags

Fjallað er um niðurstöður rannsóknar um leikskólastarf á tímum samkomubanns, augunum er beint að samskiptum við foreldra. Sérstaklega er skoðað hvernig skipulag tengt því að koma með börn og sækja þau var skipulagt og hvernig dagleg samskipti við foreldra gengu fyrir sig. Gagna var aflað með spurningakönnun á neti fyrir allt starfsfólk leikskóla allstaðar af landinu. Nokkrar spurningar sneru að þeim tíma dagsins sem flestir snertifletir eru við foreldra, hvernig sá tími var skipulagður og hvernig gekk að fylgja skipulaginu. Samskipti við foreldra komu enn fremur fram í opnum spurningum og eru þau gögn jafnframt notuð. Fram kom að flestir leikskólar settu sér reglur tengdar komu og kveðjustund barna. Mikið var lagt upp úr að halda tveggja metra reglu, en ljóst að víða voru vandamál því tengd. Bæði vegna ungs aldurs barna og aðstæðum í leikskólanum sjálfum. Starfsfólk var margt kvíðið yfir samskiptum við foreldra og sérstaklega þá foreldra sem áttu erfitt með að fara eftir reglum. Sumt starfsfólk taldi jafnframt að leikskólastjórar mættu standa betur með starfsfólki gangvart foreldrum sem fóru á svig við reglur. Lærdómur sem draga má af rannsókninni er að það er ekki nóg að setja skýrar reglur um samskipti foreldra og starfsfólks ef ekki er séð til þess að þeim sé framfylgt eins og kostur er. Líka er ljóst að flestir gerðu sitt besta til að starfið gengi upp.

Kristín Dýrfjörð

# COVID-19 og leikskólinn, börn og fjölskyldur - Fjölskyldan heima

Rannsóknin byggir á viðtalsrannsókn sem fram fór á tímum samkomubannsvegna COVID-19. Regluleg viðtöl voru tekin við 12 fjölskyldur þar sem markmiðið var að skoða áhrif samkomubanns á líf foreldra og barna og áskoranir sem þeir standa frammi fyrir í daglegu lífi. Sótt er í þann hluta gagnanna sem snýr að samskiptum fjölskyldnanna við skóla og nærfjölskyldur sem og áhrif þess að vera heima í samkomubanni, sóttkví og/eða einangrun með börn í langan tíma. Nokkrar fjölskyldur voru bæði með börn á leik- og grunnskólaaldri.
Niðurstöðurnar sýna að fjölskyldur nýttu ýmiss úrræði til að hafa samskipti við skólana, vini barnanna og fjölskyldur, einnig voru ljósvakamiðlar góð viðbót við daglegt líf fjölskyldna. Að mati margra foreldra varð nánd og samveran ánægjuleg en þegar leið á samkomubannið mátti greina óþreyju og ákveðinn kvíða gagnvart framtíðinni. Mörgum fannst þessi tími góður á margan hátt þrátt fyrir að allir þurftu að takast á við mjög breytt heimilishald. Rannsóknin gefur vísbendingar um hvað er gott að hafa í huga í aðstæðum sem þessum og hvernig gekk að aðlaga líf barna og fjölskyldna í heild að breyttu lífsmynstri. Jafnframt hvað mætti betur fara við að styðja við fjölskyldur sem búa við mikið álag og nýjar, og oft óþekktar, áskoranir.

Jórunn Elídóttir

# Samspil félagshegðunar og faraldsfræði í fyrstu bylgju COVID-19

Aðgerðir stjórnvalda í fyrstu bylgju COVID-19 faraldursins á Íslandi fólust að miklu leyti í því að hafa áhrif á félagshegðun Íslendinga bæði með beinum reglum og tilmælum, auk þess sem faraldurinn sjálfur hafði áhrif á hegðun. Hér er sjónum beint að samspili félagshegðunar og útbreiðslu veirunnar, nánar tiltekið hvernig breytingar á hegðun fólks höfðu áhrif á þróun faraldursins. Byggt er á gögnum úr daglegri netkönnun sem Félagsvísindastofnun HÍ framkvæmdi á samskiptum, viðhorfum og aðstæðum Íslendinga, sem og gögnum frá Landlæknis-embætti Íslands um fjölda smita og fjölda einstaklinga í sóttkví á hverjum tíma. Svör um hversu marga einstaklinga svarendur höfðu verið í samskiptum við undanfarna tvo sólarhringa spáðu vel fyrir um það hversu margir einstaklingar þurftu í sóttkví fyrir hvert smit sem greindist á þeim tíma (þessi svör geta útskýrt ríflega 40% af breytileikanum yfir tíma). Í ljósi þess er mikilvægt að skilja hvað hefur áhrif á samskipti fólks í faraldri. Hlýðni við sóttvarnaraðgerðir, sem og hvort starf krefðist návígis, spáðu best fyrir samskipti fólks. Eftir því sem faraldrinum vatt fram minnkuðu þó áhrif hlýðni, en áhrif svara um störf jókst. Niðurstöðurnar kunna að gefa til kynna að yfir afmarkað tímabil geti viðhorf og hlýðni haft veruleg áhrif á hegðun, en að yfir lengra tímabil hafi aðstæður fólks og skipulag starfa meiri áhrif á þá hegðun sem ræður þróun faraldursins.

Magnús Þór Torfason
Sigrún Ólafsdóttir
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
Jón Gunnar Bernburg

# Viðhorf Íslendinga til mismunandi leiða við opnun landamæra á tímum heimsfaraldurs

Vaxandi útbreiðsla COVID-19 í Kína um og eftir áramótin 2020 olli í fyrstu ekki verulegum áhyggjum á Íslandi. Þetta breyttist þegar veirusýkingin var orðin að heimsfaraldri með hratt vaxandi fjölda tilfella af COVID-19 hér á landi, samkomubanni og 2-m reglu í samskiptum fólks. Markmið rannsóknarinnar var að lýsa og greina viðhorf Íslendinga til aðgerða við landamærin til að stemma stigu við útbreiðslu faraldursins. Tekið var 1983 manna tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Könnunin var framkvæmd 23. júní til 6. júlí 2020 og fengust svör frá 839 (42%) manns. Gögnin voru viktuð eftir kyni, aldri og búsetu svo þau endurspegluðu sem best samsetningu landsmanna. Almenn ánægja (96%) var með aðgerðir stjórnvalda við fyrstu bylgju COVID-19 hér á landi. Meirihluti svarenda var á þeirri skoðun að beita ætti hörðum aðgerðum við landamærin. Svarendur voru frekar sammála eða mjög sammála aðgerðum eins og að setja alla í 14 daga sóttkví (37%), banna fólki að koma frá löndum þar sem heimsfaraldur geisar (63%) og banna Íslendingum að fara til slíkra landa (57%) eða eiga viðskipti við þau (7%). Konur voru almennt marktækt jákvæðari en karlar gagnvart ströngu eftirliti á landamærum en tekjur, búseta, menntun og stjórn-málaskoðanir svarenda höfðu einnig áhrif. Niðurstöður benda til þess að meirihluti landsmanna vilji harðar aðgerðir við landamærin til að koma í veg fyrir frekari dreifingu veirunnar á Íslandi.

Geir Gunnlaugsson
Jónína Einarsdóttir

## Væntingar og þátttaka almennings í sóttvarnaraðgerðum

Kynntar verða niðurstöður úr daglegum könnunum á þátttöku almennings í sóttvarnaraðgerðum þegar COVID-19 faraldurinn stóð sem hæst í apríl 2020. Könnunin veitir einstakt tækifæri til þess að skoða hvaða hlutverk væntingar hafa í því að virkja einstaklinga til þátttöku í sameiginlegum aðgerðum sem miða að sameiginlegum gæðum (e. collective action). Ástæðan er sú að könnunin er framkvæmd á meðan óvissuástand ríkir um ávinning aðgerða. Niðurstöður sýna að vissulega voru þeir sem áhyggjur höfðu af faraldrinum líklegri til þess að taka þátt í sóttvarnaraðgerðum. En auk þess höfðu væntingar um endanlegan árangur sóttvarnaraðgerða sterk tengsl við þátttöku; þeir sem töldu að aðgerðirnar myndu skila árangri voru líklegri til þess að taka þátt í sóttvarnaraðgerðum. En slíkar væntingar voru afar útbreiddar meðal almennings jafnvel í hinu mikla óvissuástandi sem ríkti í aprílbyrjun. Loks kemur fram hvernig skynjun á þátttöku annarra skilyrðir áhrif bæði áhyggna og væntinga á þátttöku í sóttvarnaraðgerðum. Áhyggjur af faraldrinum og væntingar um árangur aðgerða höfðu veruleg tengsl við þátttöku þeirra sem tilheyrðu netverki þar sem þátttakan var lítil. En í netverkum þar sem þátttakan var mikil virðast persónulegar áhyggjur og væntingar um árangur skipta litlu máli fyrir þátttökuna; í slíkum netverkum var þátttakan einfaldlega mikil meðal þeirra sem þeim tilheyrðu, burtséð frá áhyggjum þeirra og væntingum.

Jón Gunnar Bernburg
Sigrún Ólafsdóttir
Magnús Torfason
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

## Samskipti á tímum COVID-19

Það er augljóst að COVID-19 faraldurinn hefur haft áhrif á samskipti okkar við aðra. Faraldurinn umbreytti daglegum samskiptum við okkar nánustu, samstarfsfólk og þá sem standa okkur fjær. Í þessari rannsókn skoðum við samskipti einstaklinga á þeim tíma sem COVID-19 faraldurinn var í hámarki. Annars vegar beinum við sjónum að jákvæðum samskiptum sem eru mæld sem tíðni samskipta við aðra og hins vegar skoðum við neikvæð samskipti sem eru mæld eftir því hvort samskipti við aðra hafi versnað. Til að svara þessum spurningum notum við gögn sem safnað var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í apríl 2020. Niðurstöðurnar sýna að fólk hefur aukið samskipti sín, en tæplega 50% segjast líklegri til að ræða áhyggjur sínar við aðra, og tæp 60% segjast hafa átt meiri samskipti við ættingja og vini í gegnum samskiptamiðla eftir að faraldurinn hófst. Hins vegar virðist ekki hafa orðið mikil aukning í neikvæðum samskiptum. Einungis um 4% segjast hafa átt verri samskipti við aðra á sama tíma. Jafnframt benda niðurstöður til þess að áhyggjur, atvinna og reynsla einstaklinga af faraldrinum, sem og að hluta til kyn og aldur, skipti máli fyrir það hvernig fólk hagaði sínum samskiptum á hápunkti faraldursins.

Sigrún Ólafsdóttir
Magnús Torfason
Jón Gunnar Bernburg
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

## Rými fyrir kvikar sögur: Ósýnilegur arfur fatlaðs fólks á söfnum

Í þessu erindi er skoðað hvernig hægt sé að nálgast frásagnir um líf og reynslu fatlaðs fólks á söfnum, sem draga í senn fram flóknar og samþættar frásagnir og ganga þvert á hefðbundinn, línulegan skilningi á menningararfi og sögulegum frásögnum. Fyrri rannsóknir benda til þess að meðhöndlun safna á menningararfi undirskipi frásagnir fatlaðs fólks: meðal annars skapa tæknilegar úrlausnir skapa takmarkað sjónarhorn sem undanskilur líf og reynslu tiltekinna samfélagshópa og dylja þannig fjarveru þeirra í frásögnum. Tilraunir til að bregðast við því hafa að mestu snúist um að leysa fjarverurnar af hólmi með viðverum. Þótt slíkar úrbætur í formi viðbóta valdefli og upplýsi þá draga þær samtímis fjöður þá þýðingu sem fjarvera hefur í menningararfi fatlaðs fólks. Hér er rætt hvernig fjarvera er ekki ófullkomin efnismenning eða holrúm sem þarf að fylla heldur hluti af efnismenningu sem er vert að gera skil. En hvernig? Skoðað er hvernig Hversdagssafnið á Ísafirði fer handan hefð-bundinna frásagnarleiða með skapandi hætti og tvinnað við hugmyndir Tim Ingold um samofnar og samtengdar línur. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna hvernig brotakenndar frásagnir mynda samvefnað þar sem fjarvera og nærvera efnisgerast í flóknum samþættum tengslum ólíkra þátta en skapa um leið rými fyrir margþættar og kvikar sögur.

Arndís Bergsdóttir

# Disability and the conditions of narrative in medieval saga writing

Making use of Michael Bérubé's work on disability studies and literature, this paper will explore the relationship between disability and the conditions of narrative in medieval saga writing. Drawing on examples from several Icelandic sagas, it will demonstrate how a deeper understanding of certain of the narrative methods employed by saga writers become evident through a close examination of the sagas' representations of disability – that is, of characters with atypical or nonconformist bodies or minds. Representations of disability, for example, frequently involve straying from the sagas' supposed default impersonal and objective narrative style, providing access to the inner experiences, thoughts, and feelings of certain saga characters. In this and perhaps other respects, disability can function as a means through which a saga's reading audience becomes more deeply immersed in the narrative. Conversely, other disability representations in the sagas seem to insist upon forms of human embodiment that inescapably elude such insight towards characters who cannot participate in the telling of their own stories but can only be narrated at some distance by others. In both cases, a disability studies approach provides important insight toward how saga characters relate to the narratives in which they appear.

Christopher Crocker

# On the Lives of Deaf and Non-Speaking People in Late Medieval Iceland

Disability is prevelant throughout the medieval Icelandic sagas. However, only a few characters are described as experiencing hearing and speech loss, and there are certainly no Deaf communities like in modern times. Perhaps this is why there has been little previous research on the topic of deafness and non-speaking people in the sagas. This paper will deal with deaf or non-speaking characters in the Íslendingasögur as well as Old Norse religious sagas and miracles. Following a Deaf Studies approach and a close reading of these literary texts, the paper will examine the alternative means of communication available to late medieval Icelanders. The paper will focus on the experiences of people with hearing and speech loss as they are described in these texts; while they will by no means be treated as "historical", these texts nevertheless provide evidence for how deafness and non-speaking people were dealt with in late medieval Iceland. This paper will show that, despite providing little explicit evidence for deafness and non-speaking people, Old Norse literature is nevertheless a useful resource for understanding attitudes towards people living with these disabilities as well as how they communicated with the hearing and speaking world.

Yoav Tirosh

# Guðmundur Bergþórsson as Creator and Creation: Examining the life, works and folkloric legacy of a skald

This case study of the life and legacy of Guðmundur Bergþórsson (1657 – 1705) seeks to provide an insight into the lived experiences and artistic legacy of a physically disabled poet, to be contrasted with narratives recorded by 19th and 20th century folklorists which purport to tell of his life. Guðmundur Bergþórsson was one of Iceland's most active poets of the rímur genre and a significant amount of poetry attributed to him has been preserved in manuscripts and in oral tradition. Through the narrative analysis of Guðmundur Bergþórsson's own words, as well as the cautious use of historical documents, the first part of this research aims to present a coherent picture of both an artist and an individual. Drawing upon modern understandings of disability as a social construct, folk legends about Guðmundur Bergþórsson recorded over a century after his death will subsequently be subjected to critical examination. In many of these legends, his life becomes defined by two key events relating to his disability. Associations between disability and other-than-human abilities, as well as the idea of disability as tragedy gain prominence as Guðmundur's life is told through the words of others. Finally, by contrasting these two distinct versions of Guðmundur Bergþórsson, this research aims to encourage a discussion about the responsibilities of folklorists towards individuals who become marginalised within narrative tradition.

Alice Bower

# From life with a different body to recreated folklore of accentuated difference

People who are considered physically and/or mentally different often become the object of gossip, and the stories about their differences affect both the individuals in question as well as the community. We work from the idea that disability and disability understanding is formed via stories of disability. Combining insights from disability studies, microhistory, and folkloristics the paper explores the relationship between the lived experience of difference and the living tradition of tales of difference. Within that framework we weave together life-threads and legends of Sigríður Benediktsdóttir (Stutta-Sigga) (1815-1900) and Þorsteinn "tól" Gissurarson (1768-1843). This tapestry reveals how Sigríður and Þorsteins differences became material of gossip that had disabling effect on their lives and beyond. When their bodies and physical differences ceased to exist in death, the gossip turned into legends which are still being recreated through printed medium as cultural memory. This recreation has turned their lives into stereotypical legends, narrating their characters and physique in terms of difference. As the paper demonstrates, the legends texts have not change significantly but the social context in which they are received continues to change, influencing the stories interpretations and meaning and reflecting the disability understanding at the time of each re-creation. Because of their disabling difference Þorsteinn and Sigríður have been transformed from real people to folklore of disability.

Eva Þórdís Ebenezersdóttir
Sólveig Ólafsdótti

## Neteinelti meðal unglinga á Norðurlöndunum og áhrif þess á lífsánægju

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða algengi neteineltis meðal unglinga sex Norðurlandaþjóða og hvernig það skaraðist við hefðbundið einelti. Enn fremur að kanna hugsanleg tengsl neteineltis og hefðbundins eineltis við lífsánægju. Notast var við gögn úr fyrirlögn rannsóknarinnar Health Behaviour in School-Aged Children (HBSC) veturinn 2013-2014. Alls svöruðu 32.210 unglingar frá Norðurlöndunum sem öll voru á aldrinum 11-15 ára. Niðurstöður benda til að algengi neteineltis bæði með mynd- og textaskilaboðunum var um 2% meðal unglinga á öllum Norðurlöndunum. Undantekningin var Grænland þar sem hlutfallið var talsvert hærra. Algengi hefðbundins eineltis var mun breytilegra milli landa. Meðal stráka var þessi gerð eineltis algengari meðal yngri þátttakenda en minnkaði með hækkandi aldri. Neteinelti var að meðaltali algengara meðal stelpna og frekar hjá 13 og 15 ára nemendum en hjá 11 ára. Fjárhagur fjölskyldu hafði fylgni við hefðbundið einelti en ekki neteinelti. Neteinelti var hins vegar algengara meðal unglinga sem bjuggu hjá einstæðum foreldrum eða í stjúpfjölskyldum heldur en þeim sem bjuggu með báðum foreldrum. Báðar gerðir eineltis höfðu neikvæða fylgni við lífsánægju. Takmörkuð skörun reyndist milli neteineltis og hefðbundins eineltis, sem bendir til þess að um tvö aðskilin fyrirbæri sé að ræða, að minnsta kosti meðal unglinga á Norðurlöndunum.

Ársæll Arnarsson

## Útivera, vinátta og einelti

Almennt er talið að börn verji minni tíma úti en áður og mikilvægir áhrifaþættir eru taldir vera aukin skjánotkun, önnur áhugamál, samgöngur og hættur í umhverfinu. Margar ástæður eru fyrir því að hafa áhyggjur af minni útiveru barna m.a. áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra. Í erindinu eru kynntar niðurstöður sem greina hversu miklum tíma börn á Íslandi verja úti og er sérstök áhersla lögð á að skoða útiveru í ljósi vináttu og eineltis. Niðurstöður byggja á spurningum úr rannsókninni Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC) 2017/2018, sem rúmlega sjö þúsund nemendur í 6., 8. og 10. bekk svöruðu. Niðurstöðurnar varpa ljósi á að félagslegir þættir eins og vinátta virðast tengjast því hve miklum tími börn, sérstaklega strákar, verja úti. Börn sem eiga fáa eða enga vini eru mun minna úti. Þetta er áhyggjuefni því að rannsóknir benda til þess að í leikur úti sé kjörinn vettvangur til að þjálfa samskiptafærni og skapa tengsl á milli barna. Þá er vinátta verndandi gegn einelti. Í erindinu verður rætt um niðurstöðurnar og þau jákvæðu áhrif sem aukin útivera barna getur haft á vináttu og jafnframt nýst sem forvörn gegn einelti.

Jakob Frímann Þorsteinsson

## „Nú stoppið þið“ Hvernig börn og fullorðnir geta stutt við gerendur eineltis

Þrátt fyrir neikvæðar afleiðingar eineltis geta þolendur oft á tíðum nefnt atriði sem aðstoðuðu þá við að takast á við afleiðingar eineltis, bæði sem börn og einnig á fullorðinsárum. Eru þetta kallað verndandi þættir (e. protective factors). Í baráttunni gegn einelti er mikilvægt að vita hvaða atriði þetta eru, því nýta má verndandi þætti í forvarnarskyni. Í rannsókninn sem hér um ræðir voru tekin eigindleg viðtöl við 150 einstaklinga 18 ára og eldri sem voru lagðir í einelti sem börn. Viðtölin voru tekin á árunum 2014 – 2019 í samstarfi við nemendur í námskeiðinu Einelti, leiðir og lausnir við mennta¬vísindasvið HÍ. Viðtölin voru á bilinu 30 til 60 mínútur og voru þau afrituð orðrétt, marglesin, þemagreind og kóðuð. Í ljós kom að viðmælendur áttu það margir sameiginlegt að geta nefnt einn eða fleiri verndandi þætti, þá helst fjölskyldu, vini og tóm¬stundir en einnig persónulega þætti sem flokka mætti undir þraut¬seigju. Með því að kortleggja verndandi þætti eineltis er hægt að veita kennurum, tómstunda- og félagsmálafræðingum og öðru fagfólki sem vinnur með börnum mikilvæga vitneskju sem þau geta nýtt í forvarnarskyni. Í erindinu verður fjallað nánar um niðurstöðurnar, ásamt því að komið verður með hagnýtar hugmyndir um hvernig hægt er að nýta verndandi þætti í baráttunni gegn einelti.

Steingerður Kristjánsdóttir
Vanda Sigurgeirsdóttir

## “Hann barði mig með spýtu” Rannsókn meðal fyrrum þolenda eineltis

Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá á einelti ekki að viðgangast í grunnskólum. Þrátt fyrir það sýna niðurstöður rannsóknarinnar heilsa og lífskjör skólabarna (HBSC) að þeim börnum sem segjast hafa orðið fyrir einelti tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2006. Rannsóknir geta átt þátt í að snúa þessari þróun við. Í erindinu verður fjallað um eiginlega rannsókn meðal tæplega 100 fyrrum þolenda og gerenda eineltis. Viðtölin voru tekin á árunum 2014 til 2019 í samstarfi við nemendur í námskeiðinu Einelti, leiðir og lausnir við menntavísindasvið HÍ. Viðmælendur voru 18 ára og eldri þegar viðtölin voru tekin. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á reynslu viðmælenda af einelti, með áherslu á afleiðingar, verndandi þætti, viðbrögð fullorðinna og drauma¬viðbrögð viðmælenda. Niðurstöður voru sláandi og hafa afleiðingar fylgt flestum viðmælendum fram á fullorðinsár. Í erindinu verður fjallað nánar um niðurstöðurnar með áherslu hvernig hægt er að nýta þær til að auka skilning, breyta viðhorfum og betrumbæta forvarnir og inngrip í eineltismál.

Vanda Sigurgeirsdóttir

## Virkni endurskoðunarnefnda

Endurskoðunarnefndir gegna mikilvægu hlutverki er varðar gagnsæi og reikningsskil fyrirtækja og stofnana. Tilgangur rannsóknar er að skoða virkni endurskoðunarnefnda út frá tíðni funda og gæði fundargagna. Könnun var gerð 2016 meðal nefndarmanna endurskoðunarnefnda hjá einingum tengdum almannahagsmunum. Könnunin veitir ákveðna innsýn í starfsumhverfi endurskoðunarnefnda og skoðanir nefndar¬manna. Þessi rannsókn snýr að störfum endurskoðunarnefnda með tilliti til fjölda funda, fundargagna og umræðna. Störf og starfsumhverfi endurskoðunarnefnda hefur lítið verið rannsökuð og er greinin framlag í þá umræðu. Til að meta gæði fundargagna voru settar fram þrjár spurningar; hvort gögn komi með nægjanlegum fyrirvara, hvort gögn séu sett fram á fullnægjandi hátt og hvort gagnrýnar umræður fari fram á fundum. Nefndarmenn endurskoðunarnefnda mátu sjálfir þessa þrjá þætti. Áhrifaríkasta tölugildi til að segja til um virkni endurskoðunarnefnda er fjöldi funda og notaðar eru því breytur er tengjast fundum endurskoðunarnefnda, - annars vegar fjöldi nefndarfunda og hins vegar fjöldi funda endurskoðunarnefnda með ytri endurskoðanda. Til að kanna möguleg frávik á gæðum fundargagna voru breyturnar krosskeyrðar; Fjöldi nefndarfunda, fjöldi funda með ytri endurskoðanda og allar þrjár breyturnar er tilheyra gæðum fundargagna. Settar voru fram tvær tilgátur. Niðurstaðan er sú að vísbendingar séu um það að fjöldi nefndarfunda hafi tengsl við gæði fundargagna og umræðu en ekki fjöldi funda endurskoðunarnefnda með ytri endurskoðanda.

Einar Guðbjartsson
Jón Snorri Snorrason
Eyþór Ívar Jónsson

## Stjórnarhættir endurskoðunarnefnda

Tilgangur endurskoðunarnefnda er að tryggja að gæði og áreiðanleiki fjárhagsskýrslna og fjárhagsupplýsinga sé sem mestur, hvort sem um er að ræða skýrslur til stjórnenda félagsins eða til hagsmunaaðila utan félagsins. Tilvist endurskoðunarnefnda tengist því beint góðum stjórnarháttum. Umgjörð og fyrirkomulag endurskoðunarnefnda hefur mikið að segja um hvort þessum tilgangi verði náð eða ekki. Hér er áhersla lögð á að skoða fjölbreytni, sérfræðiþekkingu og sjálfstæði nefndarmanna. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á endurskoðunarnefndum á Íslandi sem miða að því að skoða þætti eins og samsetningu nefnda m.t.t. markvirkni endurskoðunarnefnda. Bornar eru saman tvær kannanir, annars vegar frá 2012 og hins vegar frá 2016, sem gerðar voru með sambærilegum hætti og er því góður grunnur fyrir samanburð. Rannsóknin bendir til þess að fjölbreytni og sérfræðiþekking hvað varðar samsetningu endurskoðunarnefnda á Íslandi sé viðundandi og að hún stuðli að markvirkara starfi þeirra. Samsetning er einn af þeim þáttum er stuðla að markvirkni. Þetta er grundvallaratriði í að skipuleggja og byggja upp starf endurskoðunarnefnda í eftirlitskerfi góðra stjórnarhátta sem byggist á forsendum í umboðskenningunni.

Jón Snorri Snorrason
Einar Guðbjartsson

# Values, opinions, and perceptions of visitors to inform management at seal watching related sites in Húnaþing vestra

Tourism has increased in Iceland and wildlife tourism is a popular activity. Previous research shows that tourism pressure may lead seals to change their spatial distribution or to be more vigilant, indicating that tourism may disturb the critically endangered population of harbor seals in Iceland. The aim of this study was to investigate how best to manage visitors along the Vatnsnes peninsula in Húnaþing vestra to limit tourists' impacts on sensitive seal species in Iceland. The objectives were to investigate what types of management actions would be accepted most easily, and if there are differences in acceptance of regulations or awareness of the impacts of seal watching depending on visitors' level of egoistic and biospheric values. A person's values act as guiding principles throughout their life; and biospheric and egoistic values determine to what degree a person makes decisions based on their impact on the environment or their own well-being. Visitor surveys were collected at two seal watching spots and a seal museum (n=597). This study finds that seal watching visitors have high biospheric values, low egoistic values, and are open to most regulations. These results will inform managers on which management actions may be the most effective to encourage ethical behavior at seal watching sites and help them in designing a management strategy for Icelandic seal watching.

Cécile Chauvat
Jessica F. Aquino
Sandra M. Granquis

## Tungumál í ferðaþjónustu

Samhliða aukinni ferðaþjónustu á Íslandi hefur sífellt borið meira á því að fyrirtæki taki upp ensk heiti og auglýsingaskilti ferðaþjónustu og vegvísar séu á ensku. Erlendu starfsfólki hefur fjölgað mikið og alloft getur það ekki leiðbeint gestunum og svarað spurningum þeirra á íslensku. Aðalmarkmið þeirrar rannsóknar sem hér er kynnt er að kanna stöðu íslenskrar tungu á ýmsum sviðum ferðaþjónustu. Við gagnaöflun var notuð blönduð aðferðafræði þ.e. bæði eigindleg og megindleg aðferð. Framkvæmd rannsóknarinnar var tvíþætt. Í fyrsta hluta voru tekin 30 viðtöl við ferðaþjónustuaðila á Norður- og Suðurlandi þar sem þeir voru spurðir um tungumálanotkun í fyrirtækjum þeirra. Í öðrum hluta var spurningakönnun send til 1050 ferðaþjónustufyrirtækja um land allt. Að auki voru teknar myndir af auglýsingaskiltum og vegvísum á ensku. Niðurstöður sýna að íslenska virðist ekki vera tungumál ferðaþjónustunnar. Ferðaþjónustuaðilar telja mikilvægara að starfsfólk geti leiðbeint gestum og svarað spurningum þeirra á ensku en á íslensku. Í viðtölum kom fram að enska er ráðandi tungumál bæði í samskiptum við gesti og í hópi starfsmanna stærri fyrirtækja. Allir viðmælendur telja markaðssetningu á ensku nauðsynlega, einkum vegna þess að bókunarsíður eru á ensku og vefsíður, bæklingar og matseðlar því undantekninga- lítið á ensku. Algengustu ástæður þess að erlent starfsfólk sækir ekki íslenskunámskeið er áhugaleysi, skammur starfstími þeirra hér á landi og að íslenskunám býðst á óheppilegum tíma.

Anna Vilborg Einarsdóttir
Sigríður Sigurðardóttir
Ágústa Þorbergsdóttir

## Hestaferðir sem hefð: Að vera ferðamaður í eigin landi

Í ljósi ferðatakmarkana á landamærum víða um heim, má ætla að óvenju margir Íslendingar hafi á liðnu sumri verið ferðamenn í eigin landi. Fyrir marga eru ferðalög innanlands ákveðin nýlunda en aðrir byggja sín ferðalög á aldagömlum hefðum líkt og raunin er með ferðalög á hestum. Þrátt fyrir að töluverðar rannsóknir séu til á hestaferðaþjónustu sem slíkri, eru rannsóknir á því hvernig áþreifanlegur og óáþreifanlegur menningararfur og hefðir í tengslum við íslenska hestinn og ferðalög Íslendinga á hestum, afar takmarkaðar. Í þessari rannsókn er horft til þeirra hefða og þess menningararfs sem finna má í hestaferðum Íslendinga á eigin vegum um Ísland. Rannsóknin var framkvæmd í gegnum þátttöku- og vettvangsrannsókn sem og 11 viðtöl við Íslendinga sem stunda slík ferðalög. Niðurstöður benda til að hefðir og menningararfur fyrri kynslóða hafi veruleg áhrif á ferðalög og upplifun Íslendinga þegar þeir ferðast á eigin vegum á hestum um Ísland. Það að geta riðið um (reið)slóðir forfeðranna í orðsins fyllstu merkingu og að hafa tækifæri til að upplifa það að ferðast með góðum hópi hesta og fólks í íslenskri náttúru, virðist vera aðdráttarafl í sjálfu sér en fjölmargir fara árlega í slíka ferð jafnvel áratugum saman. Það að ríða fornar reiðleiðir og götur er einnig aðdráttarafl og mikilvægur hluti menningararfsins. Með þessu móti eru núlifandi kynslóðir að upplifa menningararfinn og jafnframt að skapa nýjar hefðir fyrir komandi kynslóðir.

Guðrún Helgadóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir

# „Það sem ég kann best“: Afdrif brautskráðra nemenda úr ferðamálafræði og viðburðastjórnun við HH og HÍ 2013-2018

Haustið 2018 fór fram viðhorfskönnun meðal brautskráðra nemenda úr ferðamálafræði og viðburðastjórnun við Háskólann á Hólum (HH) og úr ferðamálafræði við Háskóla Íslands (HÍ). Markmið með könnuninni var að fá upplýsingar um viðhorf og upplifun nemenda af náminu, fá innsýn í afdrif þeirra eftir brautskráningu og sýn á framtíðarstarfsvettvang. Þýðið, sem könnunin tók til, samanstóð af öllum brautskráðum nemendum á árunum 2013-2018, alls 509 einstaklingar. Svarhlutfall var um 53% frá nemendum brautskráðum frá HÍ og 60% frá nemendum brautskráðum frá HH.  Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður varðandi a) afdrif einstaklinganna á vinnumarkaði eftir brautskráningu, b) um viðhorf þeirra til þróunar á eigin þekkingu, hæfni og færni á skilgreindum sviðum í náminu og c) möguleikum og/eða áhuga á starfsframa innan ferðaþjónustu.

Frumgreining á niðurstöðum könnunarinnar sýnir að meirihluti svarenda hefur atvinnu eftir nám og meirihluti er í starfi tengdu ferðaþjónustu. Nokkur breidd er í svörum varðandi það hvort menntunin hafi nýst í núverandi starfi, en flestir eða 60-70% telja að þau muni starfa við ferðaþjónustu eftir þrjú ár.

Laufey Haraldsdóttir
Gunnar Þór Jóhannesson

# Aukin verðmætasköpun með framleiðslu á „*Grass fed*" afurðum

Umhverfisvernd, sjálfbærni, gæði og rekjanleiki eru hugtök sem koma í vaxandi mæli upp þegar rætt er um matvælaframleiðslu. Aukin krafa er um að matvæli séu framleidd í sátt við náttúru og samfélag, þar sem einnig er tekið fullt tillit til dýraverndarsjónarmiða. Erlendis eru á markaði kjöt- og mjólkurvörur merktar sem «Grass fed» sem þýðir að um er að ræða afurð af dýri sem hefur verið grasfóðrað úti í haga og sem fengið hefur ekkert eða lítið af kjarnfóðri. Slíkar vörur eru seldar á hærra verði en «venjulegar» vörur. Á Íslandi er víðast gnótt af grasi á heimavelli og möguleikar á framleiðslu matvæla af grasfóðruðum dýrum á hagabeit ættu því að vera nægir. Markmiðið með erindinu er að kynna hvað felst í hugtakinu «Grass fed»; hvernig það tengist vistvænni og sjálfbærari matvælaframleiðslu og hver áhrifin eru á gæði afurðanna, m.a. innihald af vítamínum, andoxunarefnum og magn æskilegra fitusýra, ss. Omega-3 og CLA. Leitast verður við að varpa ljósi á þá möguleika sem gætu falist í að nýta betur þá auðlind sem íslenskt beitiland er, sem og þá verðmætasköpun sem falist getur í framleiðslu og markaðssetningu á hinum svokölluðu «Grass fed» vörum hérlendis, ekki síst meðal innlendra og erlendra ferðamanna, sem er umhugað um vernd heilsu, náttúru og dýra.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir
Laufey Haraldsdóttir

# Fjölbreytileiki gagnreynds vinnulags (EBP)

Til að mæta síbreytilegum þörfum er kallað eftir nýjum hugmyndafræðilegum áherslum innan velferðarþjónustunnar, breyttri starfsmenningu og tækifærum til starfsþróunar. Fagfólk er hvatt til að viðhalda faglegri færni sinni í stöðugu lærdómsferli þar sem sí- og endurmenntun sé hinn daglegi veruleiki og einkennist af reglubundinni leit að gagnreyndri þekkingu og gagnlegum nýjungum á sviðinu. Í þessu samhengi hafa fagmenn innan ýmissa ólíkra greina, þar á meðal félagsráðgjafar, sýnt líkaninu um gagnreynt vinnulag áhuga og litið á það sem tækifæri til þess að bæta þjónustu og efla fagmennsku. Í erindinu verður fjallað um hugtök og skilgreiningar gagnreynds vinnulags (e. evidence based) og leitast við að draga fram ólík sjónarmið og áherslur í notkun hugtaksins og mikilvægi skýrleika í umræðu um gagnreynt vinnulag og gagnreyndar aðferðir. Fjallað verður um átta ólík hugtök og skilgreiningar sem tengjast gagnreyndu vinnulagi og rakin dæmi um fjölbreytileika gagnreyndra aðferða.

Halldór S. Guðmundsson

## Beiting gagnreynds vinnulags í velferðarþjónustu

Áhersla um aukna fagmennsku og gagnreynt vinnulag innan velferðarþjónustu hefur verið áberandi á síðustu áratugum. Umræðan hefur meðal annars snúið að því hvernig megi nýta niðurstöður rannsókna til þess að styðja faglegar ákvarðanir og gagnreynt vinnulag. Árið 2002 var sett fram þríliða líkan til þess að styðja fagfólk, þar á meðal félagsráðgjafa, við það að beita gagnreyndu vinnulagi í starfi. Þetta líkan hefur mætt andstöðu meðal hóps félagsráðgjafa sem telja það ekki samræmast starfsaðferðum félagsráðgjafa eða þörfum notenda. Í erindinu verður fjallað um viðhorf félagsráðgjafa til rannsókna og gagnreynds vinnulags og það sett í sögulegt samhengi. Megindleg rannsókn var gerð árið 2015 á viðhorfum starfandi félagsráðgjafa á Íslandi til rannsókna og gagnreynds vinnulags. Niðurstöður þeirrar rannsóknar benda til þess að félagsráðgjafar á Íslandi nýti niðurstöður rannsókna að takmörkuðu leyti í starfi en hafi almennt jákvætt viðhorf til gagnreynds vinnulags. Þrátt fyrir jákvætt viðhorf hafi þeir óljósar hugmyndir um hvernig beita megi gagnreyndu vinnulagi við ákvarðanatöku. Höfundur telur að þörf sé á umræðu og leiðbeiningu um beitingu gagnreynds vinnulags við ákvarðanatöku til þess að bæta gæði í velferðarþjónustu.

Hervör Alma Árnadóttir

## Faghandleiðsla- þróunarverkefni

Kynnt verður þróunarverkefni um faghandleiðslu og útgáfu bókar með samnefndu heiti, Handleiðsla- til eflingar í starfi. Vinnuvernd, fagvernd, mannvernd. Markmið verkefnisins er að styrkja faghandleiðslu sem aðferð og hliðarstólpa í faglegu starfi á sviði heilbrigðis- og velferðarþjónustu, í því augnamiði að efla fagþroska, vernda fagfólk fyrir ofurálagi og afkastakröfum, og koma þannig í veg fyrir starfsþreytu og kulnun. Sérfræðingar hafa unnið hópstarf um fræðagrunn og þróun handleiðslu um langt skeið, sem hér er kynnt, m.a. þróun, heimildayfirlit, efnissöfnun og vinnsla bókar. Bókin sem er gefin út hjá Háskólaútgáfunni og Rannsóknasetri í barna og fjölskylduvernd, RBF, og jafnframt kynnt á veggspjaldi, er fræðslu-og kennsluefni um handleiðslufræði handa háskólanemum og fyrir fagfólk á sviði félags-heilbrigðis og menntavísinda. Þekkingin sem hér er miðlað kemur að gagni fyrir yfirmenn og stjórnendur á sviði velferðarþjónustu og á vettvangi menntunar og uppeldisstarfa, en einnig á stofnunum atvinnulífsins, þ.e. þróunar og þjónustu, verslunar og viðskipta. Efnið spannar breitt svið handleiðslu þar sem 17 höfundar rita um sögu, hugmyndafræði og þróun handleiðslu. Kynnt eru ólík líkön og margvísleg aðferðanálgun, m.a. í erfiðum og ágengum málum, og fjallað um leiðir til að eflingar í starfi og vernda starfssjálfið gegn álagi og kulnun.

Sigrún Júlíusdóttir
Kristín Lilliendahl
Sveindís A. Jóhannsdóttir

## Lýðræðið og hin mörgu hlutverk háskólanna

Háskólar eiga sér fjölbreytta sögu og í umræðum um eðli þeirra og hlutverk hafa tekist á ólík sjónarmið sem nauðsynlegt er að huga að þegar spurt er hvert sé lýðræðishlutverk háskóla. Greina þarf á milli frumspekilegra hugmynda um hvað háskóli sé, siðrænna hugmynda um hvernig háskólar þjóni verðugum gildum og stjórnskipulegra kenninga um innra skipulag háskóla og tengsl þeirra við ytra samfélag. Í erindinu verða dregin fram þau einkenni háskóla sem virðast mikilvægust frá sjónarhóli lýðræðis. Spurt verður hve veigamikil þessi atriði séu í ríkjandi hugmyndum um háskóla og samfélagslegt gildi þeirra og færð rök fyrir því að þau eigi verulega undir högg að sækja.

Háskólahugtakið rúmar ólíkar stofnanir með mismunandi hlutverk. Háskólar geta þjónað mörgum verðugum gildum með ólíku innra skipulagi og tengslum við samfélagið. Lýðræði er eitt þessara gilda. Háskólastarf getur verið birtingarmynd lýðræðis, táknrænt fyrir lýðræðisleg gildi, hluti lýðræðislegs þjóðskipulags og haft verðmætar afleiðingar fyrir lýðræði. Til að geta vísvitandi þjónað lýðræði verða háskólar að hafa svigrúm til að leggja rækt við þætti á borð við borgaralegar dygðir í lýðræðisþjóðfélagi, lýðræðislega þjóðfélagsumræðu og mótun lýðræðismenningar. Einsleitir, hnattvæddir mælikvarðar á gæði háskóla, ásamt viðskiptavæðingu þeirra, vega að þessu svigrúmi og þar með að lýðræðishlutverki háskóla.

Sigurður Kristinsson

## Hvað er sérfræði? Hvaða hlutverki gegnir hún í lýðræðisskipulagi?

Markmiðið er að varpa ljósi á stöðu sérfræðiþekkingar lýðræðiskerfi. Nútíma lýðræðisríki eru flókin og ekki er hægt að stjórna þeim svo vel sé nema með aðstoð sérfræðinga. Ítarleg þekking og reynsla eru uppistaðan í sérfræði. Borgararnir eru flestir ekki sérfræðingar. Almenningur tekur sumar lýðræðislegar ákvarðanir í kosningum og þar ræður afl atkvæða úrslitum. Að öllu jöfnu er engin þekkingarkrafa gerð til borgara í lýðræðisríkjum þegar þeir greiða atkvæði í almennum kosningum. Spurningin er: Getur það verið skynsamlegt að borgararnir taki mikilvægar ákvarðanir sem krefjast þekkingar? Athuguð verða rök og hugmyndir tveggja heimspekinga um þekkingarfræði lýðræðisins. Stuðst verður við heimspekilega hugtakagreiningu og athyglinni beint að hugtökunum þekking, sérfræði, lýðræðisleg ákvörðun og skynsamleg afstaða borgara til sérfræði. Almennt gildir að allar manneskjur eru háðar öðrum um stærstan hluta þekkingar sinnar. Borgarar í lýðræðisskipulagi verða að geta leitað til sérfræðinga og treyst orðum þeirra, fjallað um þekkinguna sem þeir veita, skilið hana og efast um hana. Niðurstaðan er að borgararnir geta ekki stjórnað ríkinu nema styðjast við þekkingu sérfræðinganna en lýðræðið gerir þá kröfu að sérfræðingarnir geti sett fram þekkingu sína svo að borgararnir skilji.

Guðmundur Heiðar Frímannsson

## Háskólar og samtal við samfélagið – Vinnumatskerfið sem stýrandi afl

Í erindinu verður sjónum beint að hugmyndum akademískra starfsmanna um samspil lýðræðislegs hlutverks háskóla og vinnumatskerfa, einkum þegar kemur að því hlutverki háskóla að styðja við gagnrýna og lýðræðislega umræðu í samfélaginu. Umfjöllunin byggir á niðurstöðum hálf opinna einstaklings-viðtala við 26 háskólakennara innan tveggja fræðasviða við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Viðtölin fóru fram í desember 2019 og janúar 2020. Viðtölin voru þemagreind með það að markmiði að öðlast skilning á hvaða sess matskerfi skipa í hugmyndum háskólakennara um eigin störf. Niðurstöðurnar varpa ljósi á hugmyndir háskólakennara um vald matskerfa og tengsl þeirra kerfa við hugmyndir um akademískt frelsi og mikilvægi kennslu. Viðmælendur bentu á að það færi eftir eðli fræðigreina hversu vel vinnumatskerfin þjónuðu þeim og þau féllu einnig misvel að stefnu og sérstöðu ólíkra háskóla. Eitt af leiðarstefum í orðum viðmælenda var að finna þyrfti leiðir til að láta vinnumatskerfin vinna fyrir sig á sama tíma og þau mættu ekki verða of stýrandi. Það væri mikilvægt til þess að háskólar og akademískir starfsmenn þeirra gætu tengst samfélaginu og ræktað lýðræðislegt hlutverk sitt.

Guðrún Geirsdóttir
Valgerður S. Bjarnadóttir
Anna Ólafsdóttir

## Nýfrjálshyggja og lýðræði: markaðsvæðing sem ólýðræðislegt afl

Markaðsvæðing hefur verið áberandi fyrirbæri síðustu áratugi eins og fjöldi fræðimanna úr mörgum ólíkum fræðigreinum hafa fjallað um útfrá allskonar sjónarhornum. Ein nálgun hefur verið sú að skilja markaðsvæðingu sem einungis einn anga af stærra og víðfeðmara fyrirbæri sem oftast er kallað nýfrjálshyggja. Eitt grundvallareinkenni nýfrjálshyggjunnar samkvæmt því sjónarmiði er þá einmitt það að hún leitast sífellt við að stækka og „leggja undir sig“ svið samfélagsins þar sem markaðsrökvísi og lögmál áttu ekki við áður. Hefur slík markaðsvæðing haft mikil og víðtæk áhrif á ólík svið samfélagsins. Er menntakerfið þar ekki undanskilið. Í erindinu verður markaðsvæðing háskólana tekin til skoðunar, sérstaklega með tilliti til lýðræðishlutverks þeirra. Færð verða rök fyrir að nýfrjálshyggjan sé í eðli sínu ólýðræðislegt afl og hafi þar með mikil og þó að mörgu leyti vanmetin áhrif á lýðræðisleg gildi og hugsjónir. Fáir myndu neita því að háskólarnir hafi a.m.k. einhverju mikilvægu lýðræðishlutverki að gegna (þó ekki sé endilega sammælst um nákvæmlega í hverju það sé fólgið). En rætt verður hvernig nýfrjálshyggjan grefur beinlínis undan öllum slíkum hugmyndum og gerir háskólunum erfitt, ef ekki ókleift, að sinna slíku hlutverki í nútímasamfélagi.

Jóhann Helgi Heiðdal

## Þættir sem hafa áhrif á heilsufar eldra fólks á Norðurlandi

Ein mesta áskorun við skipulagningu íslenskrar heilbrigðisþjónustu í framtíðinni er hvernig gera má eldra fólki kleift að búa á eigin heimili sem lengst. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá upplýsingar um heilsutengda hagi eldri Norðlendinga sem búa heima. Rannsóknin var þversniðsrannsókn þar sem þátttakendur voru valdir með slembuðu lagskiptu úrtaki úr Þjóðskrá. Úrtakið var lagskipt eftir aldri, kyni og búsetu. Rannsóknarsvæðið var Akureyri (n=105) og dreifbýlissvæði austan og vestan Eyjafjarðar (n=70). Fjórir starfsmenn rannsóknarinnar voru þjálfaðir til að safna gögnum í einu viðtali við hvern þátttakenda. Þátttakendur svöruðu 10 alþjóðlega viðurkenndum mælitækjum, líkamlegar mælingar voru gerðar og lyfjanotkun skráð niður eftir lyfjakorti. Flestum eða 63% fannst þeir hafa gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Meira óyndi (fleiri stigi á þunglyndiskvarða), hærri líkamsþyndarstuðull og það að hafa ekki nægar tekjur til að uppfylla eigin þarfir og not á fleiri lyfseðilsskyldum lyfjum hafði sjálfstæð neikvæð áhrif á mat einstaklings á eigin heilsu. Þátttakendur sem telja ráðstöfunartekjur sínar nægar taka fleiri lyfseðilsskyld lyf en þeir sem ekki telja sig hafa nægar ráðstöfunartekjur. Meira óyndi (fleiri stig á þunglyndiskvarða) tengdist aukinni vitrænni skerðingu, inntöku fleiri lyfseðilsskyldra lyfja og hærri aldri. Huga þarf að andlegri líðan eldri einstakinga sem eru með vitræna skerðingu, einnig að því að ráðstöfunartekjur eldra fólks geta haft áhrif á not á lyfjum hjá þeim.

Árún K. Sigurðardóttir

## Samband D-vítamíns, þunglyndiseinkenna og búsetu hjá eldra fólki á Norðurlandi

Ein mesta áskorun sem við stöndum frammi fyrir á Norðurslóðum er að mæta þörfum eldri einstaklinga, bæði innan félagslega kerfisins og heilbrigðiskerfisins. Að meta geðheilbrigðisþarfir þessa hóps og mæta þeim á viðeigandi máta er stór hluti þessarar áskorunar. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða þunglyndiseinkenni eldra fólks á Norðurlandi og samband þeirra við D-vítamín hag þátttakenda. Þessi rannsókn er hluti af stærri rannsókn sem fjallar um heilsuhagi eldra fólks á Norðurlandi. Þetta tiltekna erindi einblínir á fjórar breytur og samband þeirra; skammdegisþunglyndi mælt með SPAQ listanum (seasonal pattern assessment questionnaire), þunglyndiseinkenni mæld með GDS listanum (geriatric depression scale), og D-vítamín hag (mælt með D-vítamín hag) ásamt búsetu (þéttbýli vs dreifbýli). Úrtak var valið handahófskennt byggt á búsetu, aldri og kyni og gögnum safnað í viðtölum auglitit til auglits við þátttakendur.  Svarhlutfallið var 57.9% (N=175), og meðal aldur þátttakenda var 74.2 ár. Heilt yfir reyndust einkenni bæði þunglyndis og skammdegisþunglyndis frekar lág hjá báðum hópum, og ekki reyndist marktækur munur milli hópanna tveggja nema þegar kom að skammdegisþunglyndis einkennum, en þar reyndist eldra fólk í dreifbýli með ívið meiri einkenni en hópurinn sem bjó í þéttbýli. Fyrirsjáanlega versnaði D-vítamínhagur beggja hópa umtalsvert þegar leið á veturinn.

Gísli Kort Kristófersson
Árún K. Sigurðardóttir

## Er heilsulæsi eldra fólks á Norðurlandi tengt ójöfnuði?

Merki eru um heilsufarslegan ójöfnuð í Evrópu út frá menntun og tekjum, en hvað með aldur og hvar/hvernig fólk býr? Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna heilsulæsi eldri íbúa á Norðurlandi og hvort munur sé á heilsulæsi eftir t.d. tekjum, menntun, mati á eigin heilsu, búsetu og búsetuháttum. Um þversniðs- þýðisrannsókn er að ræða þar sem 303 þátttakendur, 65 ára og eldri í eigin búsetu á Norðurlandi voru valdir með slembuðu lagskiptu úrtaki. Gagna var aflað með HLS-EU-Q16-IS spurningalistanum sem metur heilsulæsi, ásamt bakgrunnsspurningum. Lýsandi tölfræði og línulegri aðhvarfsgreining var beitt við greiningu gagna. Alls tóku 175 þátt (57,9% svarhlutfall), þar af 70 sem bjuggu í dreifbýli. Meðalaldur var 74,2 (sf 6,3) ár, spönn 65-92 ár. Karlar voru 100 eða 57%. Tæplega 34% hafði lokið grunnskóla, en 12,7% háskólaprófi og 75,4% taldi sig hafa nægar tekjur til að uppfylla þarfir sínar. Niðurstöður benda til að um 35% þátttakenda sé með takmarkað heilsulæsi og eigi t.d. erfitt með að skilja og meta upplýsingar úr fjölmiðlum. Marktækur munur er á heilsulæsi eftir tekjum ($t(132)= 2.03; p<0.05$), hærri aldri ($t(132)= 2.76; p<0.05$) og menntun ($F(2,130)=7.209$, $p<0.05$), en ekki mati á eigin heilsu, búsetu eða búsetuháttum. Vísendingar eru um að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til þarfa eldra fólks á heilsutengdum upplýsingum og þjónustu.

Sonja Stelly Gústafsdóttir
Árún K. Sigurðardóttir
Sólveig Ása Árnadóttir
Lena Mårtensson

# Líkamleg færni eldri Norðlendinga og dagleg hreyfing þeirra á lífsleiðinni – hefur búseta í dreifbýli eða þéttbýli eitthvað að segja?

Markmið verkefnisins var að rannsaka hvernig líkamleg færni eldri einstaklinga, sem búa heima í dreifbýli eða þéttbýli, tengist „hreyfisögu" þeirra á lífsleiðinni. Rannsóknin var megindleg og lýðgrunduð og þátttakendur voru 65-92 ára Norðlendingar (N=175, 43% konur, 40% úr dreifbýli). Gagna var aflað á árunum 2017-2018 með stöðluðum viðtölum og mælingum. Eftirfarandi breytur endurspegluðu líkamlega færni: Grunnhreyfifærni metin í sek á Tímamældu upp og gakk prófi (TUG), byltuhætta (TUG ≥12 sek), bylta á síðasta ári (≥1 bylta/ári) og endurteknar byltur (≥2 byltur/ári). Hreyfisaga byggði á sjálfmati á líkamlegri áreynslu á unglingsaldri, ung-fullorðinsaldri, miðjum aldri og á efri árum (≥65 ára). Miðað við þéttbýlisbúa, þá lýstu dreifbýlis-búar meiri hreyfingu á öllum aldursskeiðum, voru líklegri til að hafa dottið á síðasta ári og teljast í byltuhættu. Hjá þéttbýlis-búum voru sjálfstæð tengsl milli byltu á síðasta ári og minni hreyfingar á miðjum aldri. Hjá öllum þátttakendum voru sjálf-stæð tengsl milli endurtekinna bylta og meiri samanlagðrar hreyfingar á lífsleiðinni og hjá dreifbýlisbúum voru sjálfstæð tengsl á milli endurtekinna bylta á síðsta ári og að vera karl-maður. Hjá dreifbýlisbúum voru sjálfstæð tengsl á milli betri grunnhreyfifærni og meiri hreyfingar á efri árum. Byltuhætta tengdist ekki hreyfisögu, en hjá dreifbýlisbúum hafði hún sjálf-stæð tengsl við hærri aldur þátttakenda. Niðurstöðurnar nýtast við skipulag heilsueflandi þjónustu í dreifbýli og þéttbýli, með áherslu á líkamlega færni og byltuvarnir á efri árum.

Sólveig Ása Árnadóttir
Lára Einarsdóttir
Árún K. Sigurðardóttir

## Reynsla eldri kvenna sem annast maka með vitræna hnignun

Markmið rannsóknarinnar var að skoða reynslu eldri kvenna sem annast maka með vitræna hnignun. Aðferðin var eigindleg þar sem notað var vinnulag grundaðrar kenningar við uppbyggingu rannsóknar og greiningu gagna. Viðtöl voru tekin við 11 konur á aldrinum 70-92 ára, bæði á Íslandi og í Noregi. Viðtölin fóru fram á heimilum kvennanna, vorið 2018 í Noregi og haustið 2018 á Íslandi. Konurnar voru spurðar um fyrrverandi og núverandi reynslu sína af því að vera umönnunaraðilar. Niðurstöður sýndu að þrátt fyrir að konurnar hafi fengið heima-þjónustu til aðstoðar við umönnun eiginmanna sinna, þá þurftu þær stöðugt að vera á varðbergi og aðstoða þá við ýmsa praktíska þætti. Þær þurftu að vaka yfir þeim nótt eftir nótt, að endurtaka sömu samræðurnar, að takast á við ásakanir um ó-heiðarleika, að upplifa yfirgang og stundum ofskynjanir, ofbeldi og ótta. Konurnar þurftu meiri upplýsingar, meiri aðstoð og tíma frá umönnunarhlutkverkinu ásamt því að þurfa tilfinningalegan og sálrænan stuðning. Konurnar voru ekki meðhöndlaðar sem einstaklingar með eigin umönnunarþarfir og raddir þeirra heyrðust ekki. Byggja þarf upp persónumiðaða nálgun í öldrunarþjónustu við þá sem búa heima þar sem kjarni þjónustunnar snýst um hjón/pör en ekki bara einstaklinga. Þróa þarf kerfisbundna samvinnu milli heimaþjónustu og fjölskyldna svo hægt sé að mæta þörfum umönnunaraðila til jafns við þarfir sjúklinga á viðunandi og heildstæðan máta.

Olga Ásrún Stefánsdóttir
Mai Camilla Munkejord
Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir

## Teikn um heimsmarkmið SÞ í kennsluskrá einstakra fræðasviða Háskóla Íslands

Markmiðið rannsóknarverkefnisins var að fá yfirlit yfir hvar í námskeiðum fræðasviða Háskóla Íslands (HÍ) er unnið með sjónarmið sjálfbærrar þróunar í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (SÞ) samkvæmt kennsluskrá HÍ háskólaárið 2019–2020. Rýnt var í námskeiðslýsingu og hæfniviðmið allra námskeiða allra fræðasviða, hvort sem námskeið voru kennd þann vetur eða ekki. Niðurstöður benda til þess að á félagsvísindasviði séu flest teikn á sviði heimsmarkmiðs nr. 4, menntun fyrir alla, og nr. 10, aukinn jöfnuður. Á heilbrigðisvísindasviði voru skýrust teikn á sviði heimsmarkmiðs nr. 3, heilsa og vellíðan, og heimsmarkmiðs nr. 4, menntun fyrir alla. Á hugvísindasviði voru skýrust teikn um heimsmarkmið nr. 4, menntun fyrir alla, nr. 5, jafnrétti kynjanna, og nr. 10, aukinn jöfnuður. Á menntavísindasviði voru skýrust teikn um heimsmarkmið nr. 4, menntun fyrir alla, og nr. 3, heilsa og velíðan. Á verkfræði- og náttúruvísindassviði voru teiknin dreifðari en á öðrum fræðasviðum háskólans. Skýrust voru þau þó varðandi heimsmarkmið nr. 12, ábyrg neysla og framleiðsla, og heimsmarkmið nr. 11, sjálfbærar borgir og samfélög. Hins vegar komu engin teikn fram um heimsmarkmið nr. 4. Niðurstöður má nýta við endurskoðun á stefnu háskólans í heild sem og á hverju fræðasviði við endurskoðun á upplýsingum um námskeið í kennsluskrá HÍ.

Lára Jóhannsdóttir
Auður Pálsdóttir
Atli Rafnsson
Bjarni Bachmann
Guðjón Már Sveinsson og Hafdís Ósk Jónsdóttir

## Greining á stefnum HÍ16 og HÍ21 út frá áherslum á sjálfbærni og sjálfbæra þróun

Markmið þessarar rannsóknar var að orðræðugreina inntak tveggja síðustu stefna Háskóla Íslands (HÍ) með hliðsjón af þróun hugmynda um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Tímabil fyrri stefnunnar er 2011–2016 (HÍ16) og þeirrar síðari 2016–2021 (HÍ21). Þessar tvær stefnur voru valdar því þær voru í gildi á þeim tíma sem þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SÞ) runnu sitt skeið og heimsmarkmið SÞ um sjálfbæra þróun tóku við. Í rannsókninni var leitast við að finna vísbendingar um þrástef, þögnun og löggildingarlögmál og hvort greina mætti stefnubreytingu milli þessara tveggja stefna. Niðurstöður benda til þess að takmörkuð áhersla virðist vera lögð á orðræðu sem tengist sjálfbærni og sjálfbærri þróun í stefnum HÍ. Þótt hugtakið „sjálfbærni" hafi ekki oft verið nefnt í HÍ16 er mikilvægi þess að innleiða hugmyndafræði sjálfbærni innan veggja skólans skýrt tekið fram. Í HÍ21 er sjálfbærnihugtakið notað sem hluti af framtíðarsýn, en á óljósan hátt en skýrast í sambandi við vottað umhverfisstjórnunarkerfi sem HÍ hyggst innleiða. Niðurstöður gefa vísbendingar um að dregið hafi úr áherslum á sjálfbærni og sjálfbæra þróun við innleiðingu á núverandi stefnu Háskóla Íslands miðað við HÍ16. Niðurstöðurnar eru því mikilvægar í ljósi þess að fyrir dyrum stendur endurskoðun á stefnu háskólans, þar sem tækifæri gefst á því að skerpa á umræddum áherslum.

Atli Rafnsson
Auður Pálsdóttir

# Styrkleikar og veikleikar í námsframboði Háskóla Íslands með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna

Markmið rannsóknarinnar var að fá yfirlit yfir hvaða heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SÞ) virðist skýrast sinnt í námsframboði Háskóla Íslands (HÍ) og hvar séu sóknarfæri til að gera betur. Öll námskeið allra fræðasviða í kennsluskrá 2019–2020 voru greind og rýnd, bæði í námskeiðslýsingu og út frá hæfnisviðmiðum hvers námskeiðs, hvort sem námskeiðin voru kennd þann vetur eða ekki. Fjögur fræðasvið voru með skýra tengingu við heimsmarkmið nr. 4 (menntun fyrir alla), þrjú fræðasvið með nokkuð skýra tengingu við nr. 10 (aukinn jöfnuður) og tvö við nr. 3 (heilsa og vellíðan). Áhersla á önnur heimsmarkmið var ólík eftir fræðasviðum en teikn innan háskólans má einnig greina um heimsmarkmið nr. 8 (góð atvinna og hagvöxtur), nr. 9 (nýsköpun og uppbygging), nr. 11 (sjálfbærar borgir og samfélög), nr. 12 (ábyrg neysla og framleiðsla) og nr. 16 (friður og réttlæti). Áhersla á önnur heimsmarkmið virtist lítil eða engin samkvæmt námskeiðslýsingum HÍ. Niðurstöður verða ræddar með hliðsjón af stefnu HÍ 21 og stefnu SÞ. Rætt verður hvort og að hvaða marki þyki gagnlegt að kortleggja námsframboð Háskóla Íslands eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, séð frá sjónarhóli nemenda sem velja sér námsleiðir og kennara sem skipuleggja inntak og aðferðir hvers námskeiðs.

Auður Pálsdóttir
Lára Jóhannsdóttir

# "Nothing happens in a vacuum here": University-industry collaboration in Iceland

In this study Iceland is taken as a case study to exemplify the importance of the Triple Helix – the triadic connection of government, universities and companies which serves the special purpose of enhancing formal university collaboration. The aim of this study is to examine UICs and its formal and informal sides in Iceland in order to create an insight into the needs and roles of universities and companies within the Triple Helix. The study is built on semi-structured interviews conducted with staff in universities, public research organisations and companies. Results reveal that university collaboration with public organisations and companies in Iceland becomes more important and frequent. However, collaborations in Iceland are very informal, rarely bound to contracts, and mostly based on single relations and connections of previous colleagues or researchers. Collaborations are often short-time oriented, especially with regard to contract research, teaching of courses or student project work. Possible reasons can be insufficient developed Triple Helix partnerships especially within universities outside the capital area. Further, there is hardly any private investment running to Icelandic universities and universities have mostly been dependent on the public sector. Also, people in Iceland tend to rely less on formal rules, but more on tight personal networks.

Verena Schnurbus
Thamar M. Heijstra
Ingi Rúnar Eðvarðsson

## The becoming of the sustainable development goals: global governance, developmentality and ownership in senegal

The Sustainable Development Goals (SDGs) are the successor of the Millennium Development Goals (MDGs). In an attempt to respond to the critique of the MDGs, during the forming of the SDGs, a global consultation process was conducted. Practitioners and academia agreed that the ownership of the process should be national and member state led, in the form of national consultations. The overall aim of this presentation is to examine lessons learned from the MDGs and the emerging global post-2015 agenda, with focus on donor-recipient relations and ownership. The presentation is based on fieldwork in Senegal and New York between the years 2011-2013. Methods used were semi-structured interviews, with Senegalese authorities and representatives of the international community, along with participant observations during various donor meetings. The results show that donor-recipient relations in Senegal are characterized by developmentality or indirect power application. They highlight the challenges in estimating ownership through participation. Additionally, the results reveal a contradiction between best practices in development policy-making, namely widespread participation and desired outcomes with local ownership. This presentation calls for further research on ownership and developmentality during policy-making processes. It is a contribution to theories on global governance, developmentality and ownership.

Guðrún Helga Jóhannsdóttir

## Childhood and youth studies for all?

In an increasingly globalised world, the discipline of Childhood and youth studies has found itself at a crossroads where the universality of childhood, and focus on agency, is being questioned. The legitimacy of international conventions, such as the Sustainable Developmental Goals (SDG) and the United Nations' Convention of the Rights of the Child (UNCRC), have further been challenged. Questions have also been raised regarding whether these conventions do indeed protect the rights of all children across cultures. This critique has led to attempts to redefine the concepts of childhood and agency, and calls have been made for scholars to emancipate Childhood and youth studies from the binary-thinking approach to the division of the world: Global/Local, North/South, Minority/Majority, Developed/Developing. This lecture aims to explore these nuances and highlight current debates within the field. It is based on a literature review where binary approaches to the concept of children's agency and world-position are analysed and put into context of the UNCRC and the SDG's, and what this means for policy implementation for children worldwide. Within a binary setting, children are considered to either possess, or to-not possess, agency which highlights the need to move beyond simplified views of children's world and towards a more nuanced approach where the complexities of childhood as a social phenomenon are considered.

Eva Jörgensen

## Child migration in Ghana: Contradiction of living rights and child rights

Children who live in poverty decide at times to migrate in hope for a better life conditions and future potentials. This presenataion aims to examine the concept living rights, i.e., rights that children believe they should have, and how they formulate and fight for them, in relation to rights they are entitled to according to national, regional and global conventions. Here the focus is on children's rights to migrate and the presentation is based on a research conducted in Ghana during four periods for total of 14,5 months from 2013 to 2017. The participants had migrated without the company of a parent or a legal guardian before the age of eighteen from the Upper East region to the Greater Accra region. There were multiple and complicated reasons for their decision of migrating and they agreed they had the right to migrate and stay in the city due to their meagre living conditions in their hometowns. Hence, the participants argued that their right to migrate on their own was crucial for their survival. However, such a right contradicts provisions on protection in the United Nations Convention on the Rights of the Child and The African Charter on the Rights and Welfare of the Child that these children are entitled to but not granted, which assume children should live with their family in a protected environment.

Þóra Björnsdóttir

## Denial of family planning services to women in Malawi

Despite family planning being a development priority since the mid-1990s, barriers to access persist, including women being turned away from facilities without a method of family planning on the day it was sought. The aim of the study is to assess the extent of the current family planning turn-away problem and reasons for it in three districts of Malawi. This study employed client exit surveys to quantify the turn-away rate. Data collectors screened women exiting 30 health facilities and conducted a brief quantitative survey with those whose responses indicated turn-away. Providers at all facilities were also surveyed and a subset were interviewed. In total, data collectors screened 2,246 women and found 562 met the inclusion criteria of being either new or restarting family planning users. Of those, 15% were turned away without a method of family planning. Those turned away reported 14 different reasons. While the 57 surveyed providers were knowledgeable of medical criteria for family planning, their actions did not always reflect it. Some providers expressed discomfort providing methods to nulliparous women under 18, both married and unmarried—the former because she should be having children and the latter because she should not be having sex. The multiple reasons for turn-away indicate that reducing it will not be easily achievable with one or two simple actions.

Jill M. Peterson
Jaden Bendabenda
Alex Mboma
John Stanback

## The experiences of Volunteers of Foreign Background in Iceland

During the last decade foreign volunteers have come to Iceland where they engage in a wide range of work in return for housing and accommodation. The labor unions have condemned their recruitment, and accused the tourist industry, farmers, municipalities and other hosts of violating the collective labor market agreements. The aim of this presentation is to explore the background of the volunteers, their intentions, and their experiences. Twelve foreigners were interviewed in a total of eleven interviews. They were located and the meetings were arranged through posting an ad in a Facebook group, and the meetings were conducted in person. The interviewees' age ranged from 23 to 47 years. Their intentions varied from a temporary cultural experience, to make new friends, or a pathway to immigration into Iceland. Their backgrounds varied also, though most have some University education. Participants overall felt that volunteering is imporant to do, even alongside paid occupations. Multiple volunteers have volunteered full time perviously, often as a mode of affordable travel, and as a permanent career choice. The vast majority have left their volunteer work with mixed or positive experiences. In sumary volunteers, mostly young people, use volunteering to move arround the world in search of local encounters, adventures and to enhance their future opportunities.

Ann Elizabeth Bailey
Jónína Einarsdóttir

## Inequality in access of adolescents to private versus public schools in Bissau, Guinea-Bissau

Inequality in access to education, based on determinants such as wealth, location, gender, language, religion, ethnicity and displacement, is wide-ranging across and within countries. In sub-Saharan Africa, inequality remains at all levels of education, and no region has a higher proportion of children out of school, and over-age enrolment is common. In countries with low secondary completion rates, poverty, and rural location engrave the disadvantage of girls compared to boys. In Guinea-Bissau, public schools are severely underfunded and plagued by teachers' strikes. Here the aim was to identify determinants for school attendance in private versus public schools among adolescents aged 14-19 years in the capital Bissau. In June 2017, a survey with locally adapted 'Planet Youth' questionnaire was conducted in Bissau. Classes in 16 secondary schools, public and private, were weighted by size and randomly selected from a special registry of 114 classes with 4.470 students aged 14-19 years. In total, 2,039 students completed the questionnaire (52% girls), and 52% attended public schools. Gender was not an explanatory variable for attendance in private schools compared to public schools in this urban setting. Determinants for adolescents' attendance in private schools rather than public ones were parental education, father working, and Portuguese spoken at home. The Bissau-Guinean adolescents need support through better public school infrastructure and staff to improve their educational opportunities.

Jónína Einarsdóttir
Fatou Ndure Baboudóttir
Aladje Baldé

## "Teacher' strikes affect all students": Expressions of inequality among Bissau-Guinean adolescents in secondary schools

In low-income countries (LIC), adolescents are a fast-growing age group; in sub-Saharan Africa (SSA) those aged 10- 19 years are 23% of the population. Nonetheless, relatively few studies address their needs, except for reproductive health. Partly due to the Sustainability Development Goals 2016-2030, adolescents have gained global attention and it is increasingly recognised that they face multiple challenges related to their wellbeing, daily life and future aspirations. The aim of this study is to, in Bissau, Guinea-Bissau, describe, appraise and analyse expressions of inequality among adolescents in both private and public schools. The study makes use of qualitative fieldwork and interviews with 37 students aged 14-19 in both private and public secondary schools conducted in 2019-2020. During the 5-months field work, numerous school days were lost in public schools due to political instability and teachers' strikes. No such loss has been observed in private schools, although private school students maintained that the teachers' strikes in public schools also had a negative effect on their education and wellbeing. Further, quality of education differs considerably due to educational facilities, teaching strategies, teachers' attendance and available teaching material. The Bissau-Guinean 'SDG generation' needs support due to failure in the educational infrastructure which systematically limits their opportunities for quality education, and derides them of opportunities to develop their future capabilities.

Fatou N´dure Baboudóttir

## Use of digital technologies among adolescents attending schools in Bissau

Digital technology plays an important role in achieving many of the Sustainable Development Goals, which seek to tackle complex development challenges globally. However, access to these technologies is uneven globally. The aim of the study is to describe and analyze adolescents' access and usage of digital technology in Guinea-Bissau, and its implications in a broader context. In June 2017, a locally adapted 'Planet Youth' style questionnaire was conducted in the capital, Bissau, whereby students in 12 public and 4 private schools were surveyed on a variety of issues. In total, 2,039 randomly selected students participated. The survey included ten questions specifically on access to and use of digital technology, with 98% responding to at 1east one question relating to this topic. 50% had access to desktop/laptops, 1/3 used mobile internet daily, while 2/3 had experience of social media. Adolescents attending private schools had more access to both types of technologies than those in public schools. Furthermore, downsides to access were shown, with experience of social media being significantly linked to bullying, depression and smoking. Many adolescents in Bissau have no experience of using digital technology, including for schoolwork. Improvements to access and education around usage is required to prevent young Bissau-Guineans misusing the technologies and missing out on the vast benefits they can bring.

Thomas Andrew Whitehead
Zeca Jandi
Geir Gunnlaugsson

# Narcotics engagement and criminality among school-attending adolescents in Bissau: Cross-sectional analysis

Referencing Sustainable Development Goal 3 (health and well-being for all), and Goal 16 (justice for all), the UN Office on Drugs and Crime supports interdisciplinary interventions focussing on social determinants of drug use and criminality. Such behaviours are often adopted during adolescence, influencing later health and life-choices. The aim of the study is to describe criminality and drug behaviours among school-attending adolescents in the capital Bissau, Guinea-Bissau. In June 2017, survey data was collected through a locally adapted *Planet Youth* questionnaire across 16 secondary schools in Bissau, targeting those aged 15-16 years. In total, 2,039 adolescents were randomly chosen from a specially compiled class-based register with 4,470 students. Linear regression analysis revealed that experience of drinking alcohol, and of sexual and group violence predicted drug use and criminality. Whilst male gender and changing schools predicted violence, female gender and poor family finance predicted theft. Both violence and theft were predicted by drug use and false police accusation. Drug use was predicted by school dismissal, relationship breakdown and male gender. Overlapping predictive variables suggest single interventions may prevent several antisocial behaviours. Factor analysis showed that alcohol, tobacco and marijuana use were closely linked, indicating simultaneous use of several drugs in the sample. Therefore, interventions tackling multiple drugs may prove equally effective to those addressing one.

Jon Edmund Bollom

Aladje Baldé and Geir Gunnlaugsson

## Bissau-Guinean Quran Schoolboys in Senegal: repatriation as a risky rescue

Repatriated victims of trafficking often confront challenges when returning to their home. Bissau-Guinean Quran schoolboys in Senegal beg for themselves and their teachers, *marabouts*; the children are allegedly victims of trafficking, and the *marabouts* the traffickers. Non-governmental organisations (NGOs) work on rescuing the boys through repatriation. The aim is to explore repatriation as an anti-trafficking measure. Data was collected during a series of fieldworks in the period 2009-2017 in rural Guinea-Bissau and urban Senegal. Methods used were participant-observation and informal and semi-structured interviews with rescued boys, *marabouts*, parents and villagers. Some *marabouts* and parents use the repatriation as free transport home for their boys to work on the fields during the harvest; others stroll around in idleness. All face stigma, mistrust and rejection at family and community level. With time, most return to Senegal to continue with Quran studies while others enter street 'trade' or recruit village peers to beg. The NGOs keep their repatriation centres active to secure funds from the international community. Backed up by global governance and the Palermo Protocol, they strive to keep the boys at home. Thereby, they contribute to disagreement within families and among villagers who accuse the NGOs of being the real traffickers. At community level, the *marabouts*, equipped with symbolic capital, are the masters of the game.

Hamadou Boiro

## Hvernig skipta foreldrar með sér umönnun barna á 21. öld?

Árið 2000 voru lög um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 95/2000) samþykkt á Alþingi. Lögin vöktu alþjóðaatygli fyrir það að veita báðum foreldrum jafnan rétt til töku þriggja mánaða óframseljanlegs orlofs og þegar lögin voru sett veitti ekkert annað land feðrum jafn margar vikur í fæðingarorlofi með sambærilegum greiðslum. Í erindinu verður fjallað um hvernig tekist hefur að uppfylla markmið laganna um að tryggja barni samvistir við báða foreldra. Megindlegra gagna var aflað með viðamiklum könnunum meðal foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árin 1997, 2003, 2009 og 2014. Gögnin gefa einstakt tækifæri til að greina hvernig þátttaka beggja foreldra í umönnun fyrsta barns hefur þróast frá því lögin tóku gildi og hvort breyting hafi orðið á því hvaða hópar foreldra nýta fæðingarorlof og skipta umönnun jafnt á milli sín. Niðurstöður sýna að frá því lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi hafa feður jafnt og þétt aukið þátttöku sína í umönnun fyrsta barns. Töluverður munur er á þátttöku beggja foreldra í umönnun eftir hjúskaparstöðu, menntun og stöðu á vinnumarkaði. Í áranna rás hefur þó orðið nokkur breyting á því hvaða hópar það eru sem nýta fæðingarorlof og skipta umönnun jafnt sín á milli.

Ásdís A. Arnalds
Guðný Björk Eydal
Ingólfur V. Gíslason

## COVID og kynjajafnrétti

COVID-19 faraldurinn er áhugaverður frá mörgum sjónarhornum og ekki síst kynjajafnrétti. Faraldurinn hefur raskaði mjög atvinnulífi og heimilislífi, með lokun vinnustaða, heimavinnu og fleiri þáttum. Áhugavert í því samhengi er hvort einhverjar breytingar hafi orðið á stöðu og samskiptum kynjanna í tengslum við foreldrahlutverk. Að frumkvæði Utrecht háskólans var hrint úr vör fjölþjóðlegri rannsókn sem ber heitið "Gender (In)equality in Times of COVID-19". Í þessari rannsókn er reynt að komast að því hvort og þá hvernig viðbrögð stjórnvalda og vinnumarkaðar hafi haft áhrif á stöðu feðra og mæðra, innan og utan heimila. Á Íslandi var spurt um hvaða áhrif faraldurinn hefur haft á aðstæður í vinnu og heima frá því að hann hófst og þar til samkomubanni var að hluta til aflétt 4. maí sl. Þessar spurningar sneru m.a. að samkomulagi og ágreiningi í parsamböndum varðandi skiptingu heimilisstarfa, skiptingu launavinnu og umhyggju barna. Spurningakönnun var framkvæmd af Gallup eftir að samkomubanni lauk og var þátttökuhlutfall 49%. Nokkuð ósamræmi er í svörum karla og kvenna varðandi umhyggju barna en þó er samræmi hvað það varðar að karlar hafi aukið þátttöku sína eftir að faraldurinn hófst. Þá dró úr ágreiningi maka um alla þætti sem spurt var um eftir að faraldurinn hófst.

Ingólfur V. Gíslason
Guðný Björk Eydal

## Innleiðing jafnlaunastaðals

Innleiðing jafnlaunastaðals í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla var staðfest með breytingartillögu L. 56/2017 sem tók gildi þann 1. janúar 2018. Í lögunum er krafist að vinnustaðir, þar sem að jafnaði 25 eða fleiri starfa á ársgrundvelli, öðlist jafnlaunavottun að undangenginni úttekt vottunaraðila. Vottunin staðfestir jafnlaunakerfi og framkvæmd þess gagnvart kröfum gæðastaðalsins ÍST 85/2012. Innleiðing jafnlaunastaðals er í mörgum tilvikum fyrsta reynsla vinnustaða af því vinnulagi sem krafist er í gæðastöðum svo sem upplýsinga- og skjalastjórn. Í þessari rannsókn er kannað hvernig staðið er að innleiðingu jafnlaunastaðals. Eins er skoðað hvernig ýmsir hagsmunaaðilar og almenningur hafi brugðist við lögleiðingu staðalsins. Í rannsókninni eru höfð til grundvallar 24 hálfstöðluð viðtöl við fagfólk hjá átta ólíkum vinnustöðum auk textagreiningar á gæðastaðlinum ÍST 85/2012, innsend erindi og umsagnir um lögleiðingu staðalsins sem bárust Alþingi og fjölmiðlaumræða. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að vinnustaðir hafi ekki tekið nauðsynleg skref fyrir innleiðingu jafnlaunastaðals. Ferlið hafi verið tímafrekt og ýmsar hindranir í veginum, ekki síst varðandi upplýsinga- og skjalastjórn. Þetta er áhyggjuefni í ljósi þess fjölda vinnustaða sem enn eiga eftir að innleiða staðalinn fyrir lok árs 2022. Textagreining leiddi í ljós gagnrýnisraddir sem beindust að lögleiðingu staðalsins og markmiðum hans. Gagnrýnisraddir beindust einnig að stöðu eftirlitsaðila sem skortir fjármagn og mannafla til að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu af krafti.

Ragna Kemp Haraldsdóttir

## Að baða sig í ljóma annarra, kænskubragð í þágu karlmennskuauðmagns

Karlmennska er ekki einhlítt hugtak og hugmyndir um karlmennsku eru fljótandi og breytilegar í tíma og rúmi. Hugtakið karlmennska er nátengt hugmyndum um völd og á hverjum tíma takast á mismunandi karlmennskuhugmyndir. Höfundar hafa kortlagt karlmennskuhugmyndir í aðdraganda og kjölfar Hrunsins 2008 í ljósi kenninga Bourdieu um félagslegt og táknrænt auðmagn þar sem tókust á viðskiptakarlmennska og stjórnmálakarlmennska. Í þessu erindi verða hugmyndir um táknrænt auðmagn teknar lengra og tengdar við það fyrirbæri þegar einstaklingar reyna að bæta eigin ímynd með því að baða sig í ljóma annarra. Hugtakið BIRG eða "basking in reflected glory" sem á íslensku mætti kalla "basla" (baða sig í ljóma annarra), hefur verið notað um þá sem tengja sig við eftirsóknarverða einstaklinga í þeim tilgangi auka eigin virðingu og völd. Orðræðugreiningu er beitt til að rýna hvernig annars vegar þrír gengnir stjórnmálaforingar hafa verið skapaðir sem stórmenni í ævisögum og pólitískum eftirmælum. Hins vegar verður skoðað hvernig slík orðræða hefur verið nýtt í sjálfssköpun þriggja stjórnmálamanna í okkar samtíma, eins og hún birtist viðtölum og pólitískri umfjöllun. Fjallað er um basl sem kænskubragð ætlað til að auka virðingu og þar með táknrænt auðmagn.

Þorgerður J. Einarsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

# Að vernda og þjóna á meðan staðið er vörð um karllægar áherslur: Ráðandi karlmennska og forréttindi í lögreglunni

Lögreglustarfið er kynjað og karllægt og breytingar í átt að kynjajafnrétti eru hægar. Rannsóknir benda til þess að beina þurfi sjónum að viðhorfum karla innan lögreglunnar til jafnréttis, skoðunum þeirra og fordómum, sem viðhalda karllægum valdastrúktúr. Byggt á könnun meðal lögreglumanna í íslensku lögreglunni sjáum við ólík viðhorf meðal karla annars vegar og kvenna hins vegar til jafnréttis og kynjaðra staðalmynda. Karlar eru líklegri en konur til að hafa þá skoðun að innan lögreglunnar ríki jöfn tækifæri, en á sama tíma viðhafa þeir neikvæð viðhorf varðandi getu kvenna til að starfa í lögreglunni. Ungir karlar og karlar sem er óánægðir með framgang sinn í starfi eru líklegri til að hafa neikvæð viðhorf til kvenna en eldri karlar og þeir sem ánægðari eru með framgang sinn. Byggt á kenningum Connell um ráðandi karlmennsku (e. hegemonic masculinity), Silvestri um „fyrirmyndar" lögreglumann (e. the 'ideal' police officer) og Kimmel um tilætlunarsemi (e. sense of entitlement) færum við rök fyrir því að ráðandi karlmennska, sérstaklega hugmyndir um fyrirmyndar lögreglumann, ýta undir karllæga tilætlunarsemi. Breytingar í jafnréttisátt innan vinnustaða skapar ógn við tilætlunarsama karla, karla sem jafnvel upplifa sig ekki í valdastöðu en trúa því að þeir eigi tilkall til valda vegna ráðandi hugmynda um hvað það er að vera lögreglumaður.

Finnborg Salome Steinþórsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

## Karlar í andstöðu

Reglulega heyrast kröftugar efasemdaraddir og gagnrýni á femíníska nálgun sem miðar að því að ná fram jafnri samfélagsstöðu kvenna og jaðarhópa á við karla. Sér í lagi þegar gagnrýnin beinist að karlmennskuhugmyndum eða birtingarmyndum karllægra yfirráða sem hindrun á vegi jafnréttis. Þetta erindi byggir á einum hluta meistararannsóknar í kynjafræðum á viðhorfum karla til jafnréttis sem skilgreindu sig ekki sem femínista. Tekin voru 6 óstöðluð djúpviðtöl með það að markmiði að öðlast innsýn í viðhorf viðmælenda til jafnréttis. Tilgangurinn var að leita að vísbendingum sem kynnu að skýra andspyrnu karla við femínisma og varpa ljósi á viðhorf og hugmyndir sem andspyrna sprettur fram úr. Þemagreining viðtalanna sýnir að andstaða karla við femíníska nálgun er ekki einhlít heldur flókin, margvísleg og mótsagnakennd. Hins vegar er sameiginlegur þráður í viðhorfum þeirra að efast um tilvist kynjakerfis og kynjaðra valdatengsla. Í erindinu verður fjallað um nokkrar birtingarmyndir á þessari afstöðu og hvernig hún tengist einstaklingshyggju, líffræðilegri nauðhyggju og ónæmi fyrir eigin forréttindum. Þá verður í erindinu vikið að því hvernig má auka skilning karla á femíniskri nálgun í jafnréttisstarfi.

Þorsteinn V. Einarsson

## Strákarnir okkar – um álitamál og þróun á þátttöku karla í íslensku kynjajafnréttisstarfi frá 1990

Aðstæður karlyns femínista „á markaði“ einkennast af mikilli eftirspurn og takmörkuðu framboði af körlum. Það virðist þykja virðisaukandi að fá karla til liðs við kynjajafnréttisbaráttu (e. engaging men), og karlar eru eftirsóttir á sviði kynjajafnréttis-starfs. Ýmis álitamál fylgja þátttöku karla í kynjajafnréttisstarfi. Má þar nefna forréttindi, athygli, tækifæri, fjármagn, áheyrn og aðgengi að rými og aðilum sem taka mikilvægar ákvarðanir, m.a. um framgang jafnréttissjónarmiða á vegum hins opinbera, innan einkageirans og víðar. Kynjajafnréttisstarf á Íslandi hefur á um 3-4 áratugum þróast úr ólaunaðri femíniskri grasrótarstarfsemi sem konur ráku nánast eingöngu, yfir í stofnanavædda starfsemi þarsem aðkoma karla hefur aukist talsvert. Það birtist m.a. í því að lög gera ráð fyrir að karlar séu að lágmarki 40% fulltrúa í öllu opinberu jafnréttisnefndarstarf. Karlar sinna ýmsum störfum og hlutverkum á vettvangi kynjajafnréttis innan stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, og karlar birtast einnig sem talsmenn herferða og verkefna á þessum vettvangi. Í erindinu verður farið yfir sögu „karlastarfs“ í íslenskum femínisma og kynjajafnréttis-starfi síðustu 3 áratugina, fjallað um sum þeirra álitamála sem komið geta upp í tengslum við þátttöku karla í kynjajafnréttis-starfi, og rýnt í ávinning og fórnarkostnað af þátttöku karla á þessum vettvangi. Erindið byggir á doktorsverkefni þar sem stuðst er við eigindleg viðtöl við karla og konur sem starfa á vettvangi kynjajafnréttisstarfs á Íslandi. Ennfremur er notast við innihaldsgreiningu á fyrirliggjandi gögnum.

Arnar Gíslason

## Birtingarmyndir karlmennsku í kvennastétt (Males “doing gender” in a female dominated occupation)

Í starfi mæta karlar oft þröngum gildum og skilgreiningum á því hvað telst viðeigandi framganga sem oft leiðir til samkeppni meðal þeirra. Um 2% hjúkrunarfræðinga á Íslandi eru karlar. Starfið krefst eiginleika þar sem líkamlegur styrkur, áræðni og hollusta við vinnustað og félaga er mikils metnir. Þessir eiginleikar tengjast einnig rótgrónum karlmennskuhugmyndum og fram hefur komið að vegna viðhorfa til kynjahlutverka og vegna kynjahallans finni karlkyns hjúkrunarfræðingar sig knúna til að skapa sér sérstöðu til að viðhalda karlmennsku sinni og aðgreina sig frá þeim hugmyndum um kvenleika sem þeir telja heftandi í starfi. Ýmislegt bendir til að karlar í hjúkrun njóti ýmissa forréttinda sem tengjast kyni þeirra, svo sem að þeir njóti frekari tækifæra í starfi en kvenkyns hjúkrunarfræðingar. Fyrirlesturinn byggir á 16 hálfstöðluðum einstaklingsviðtölum við hjúkrunarfræðinga, 6 karla og 10 konur. Markmiðið er að leita svara um hvort þátttakendur hafi upplifað merki um karlmennskukeppni innan raða karlanna, sem tengjast hinum ætluðu forréttindum þeirra og minnihlutastöðu. Þar er litið til reynslu og hugmynda þátttakenda um mismunandi kynbundin tækifæri og væntingar til þeirra í starfi. Greint verður frá fyrstu niðurstöðum á Þjóðarspeglinum í nóvember næstkomandi.

Klara Þorsteins
Thamar M. Heijstra

# Að greina samfélagið í gegnum kvikmyndir: Litróf félagsfræðilegra kenninga í kvikmyndinni Joker

Kennsluhættir í félagsfræði hafa um langa hríð frekar miðast við að láta nemendur lesa félagsfræði en að sjá félagsfræði. Við lifum og hrærumst aftur á móti í sjónrænum heimi þar sem félagsfræðilegar kenningar og hugtök geta öðlast líf í fjölbreyttum félagsheimi (raunverulegum eða skáldlegum) beint fyrir framan augun á okkur. Ein leið til að læra og þróa með sér félagsfræðilegt innsæi í samfélagið (e. sociological imagination) er því að nota sjónræna miðla, eins og kvikmyndir, sem viðfangsefni félagsfræðilegrar greiningar. Í þessu erindi mun ég notast við kvikmyndina Joker (frá 2019) sem dæmi til að sýna hvenig litróf fjölbreyttra – og ólíkra - félagsfræðilegra kenninga og hugtaka birtist í kvikmyndinni og veita áhorfandanum mismunandi sjónarhorn á félagsfræðileg viðfangsefni. Nánar tiltekið þá mun ég sýna dæmi um hvernig hægt er að greina kvikmyndina útfrá sjónarhorni virknikenninga (e. functionalism), átakakenninga (e. conflict theories), samskiptakenninga (e. symbolic interactionism), feminisma sem og útfrá og póst-móderniskum hugmyndum.

Viðar Halldórsson

# Andrej Rublev eftir Tarkowsky

Kvikmyndin Andrei Rublev eftir Andrei Tarkovsky er jafnan flokkuð meðal mikilvægustu kvikmynda Sovétríkjanna af kvikmyndafræðingum og hafa fjölmörg fræðirit verið skrifuð um hana víðsvegar um heim. Þegar myndin var forsýnd 1966 var hún umsvifalaust bönnuð en það bann var dregið til baka þremur árum síðar og hún send á kvikmyndahátíðina í Cannes í Frakklandi þar sem hún hlaut alþjóðleg verðlaun kvikmyndagagnrýnenda. Kvikmyndin fjallar um ævi rússneska íkonamálarans Andrei Rúblevs (1360-1430) en veitir um leið athyglisverða innsýn í rússneska menningu, þjóðarvitund og ríkisvald með táknrænni framsetningu sem sótt er í mystíska trúarhefð rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar. Markmið rannsóknarinnar er að leiða í ljós hvernig greina megi myndina sem lýsingu á stöðu listamanna í Rússlandi á dögum keisaranna og sömuleiðis í Sovétríkjunum á þeim tíma sem hún var gerð og hvort þar sé um dulda gagnrýni að ræða sem skýri hvers vegna hún féll þegar í ónáð hjá yfirvöldum. Þessi greining tekur mið af fyrri fræðiskrifum en byggir í megindráttum á íkonafræði rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar sem leikstjórinn vinnur markvisst með. Niðurstaðan er sú að kvikmyndin sé táknrænt listaverk sem dragi fram megineinkenni rússneskrar þjóðarvitundar allt frá upphafi keisaraveldisins og fram á daga Sovétríkjanna og veiti hún enn mikilvæga innsýn í rússneskt samfélag nú á dögum.

Pétur Pétursson

# Taglhnýtingurinn: Um fylgispekt við fasisma í mynd Bernardos Bertolucci

Í kvikmyndinni Il Conformista greinir Bernardo Bertolucci uppgang fasismans á Ítalíu út frá sögu taglhnýtingsins Marcellos Clerici (Jean Louis Trintignant). Marcello finnst hann vera utangátta í ítölsku þjóðfélagi og hann tilheyri ekki mikilvægum hópum samfélagsins. Marcello bælir ótta sinn við að vera samkynhneigður en óttinn brýst út í þörf hans til þess að vera normal. Við þetta bætist að hann er þjakaður af sektarkennd yfir því að hafa skotið bílstjóra sem reyndi að misnota hann í æsku. Hann leitar í skjól ráðandi afla og gerist fasisti. Þannig uppfyllir hann þörf sína til þess að lifa borgaralegu lífi venjulegs millistéttarmanns og fá þá vernd frá valdhöfum sem hann telur sig þurfa. Til þess að sanna hollustu sína við flokkinn tekur hann að sér að myrða fyrrverandi leiðbeinanda sinn prófessor Quadri, sem er einn af leiðtogum ítölsku andspyrnuhreyfingarinnar. Bertolucci vinnur út frá kenningum Freuds annars vegar og Marxískum kenningum, sem eru endurbættar með „réttum" skilningi á innræti ítalskar millistéttar, hins vegar. Þegar duldir kraftar, sem búa í undirmeðvitund mannskepnunnar, fléttast saman við hagsmuni svikullar millistéttar verður útkoman persónulegur og pólitíkskur hildarleikur. Eins og oft vill verða vindur atburðarásin upp á sig og útkoman verður margslungið listaverk þar sem settar eru fram félagsfræðilegar og félagssálfræðilegar kenningar um uppgang fasismans á ítalíu.

Þórólfur Þórlindsson

# Isolation in the Lighthouse

The article uses discourse analysis to interpret the movie *The Lighthouse* (2019) using as its base Foucault's research on the subject of madness and madhouses as seen in his opus *Madness & Civilization: A History of Insanity in the Age of Reason* (1965). The understanding is that *The Lighthouse* focuses on Ephraim Winslow (Robert Pattinson) as a man whose guilty conscience has led to a state of mental isolation which, in turn, pushes him deeper into self-punishment and further away from reason. Such reading allows for an association with the psychological and social impacts of enforced isolation due to the advent of COVID-19, as reported in articles that explore isolation per se as well as recent studies regarding the pandemic. Since social interaction is essential for the well-being of the individual and of society itself, then the methods of isolation being enforced during the COVID-19 pandemic stand as potential harm if done without due care, reflecting the narrative of the film.

Marcello Milanezi

## Skortir stjórnir hugrekki til að ráða konu í forstjórastólinn?

Engin kona situr á forstjórastóli í skráðu félagi í Kauphöll Íslands. Erindið greinir frá niðurstöðum rannsóknar á upplifun kvenna sem sæti eiga í stjórnum þessara félaga á því að taka þátt í ráðningarferli forstjóra og á því hvað ræður hver verður fyrir valinu. Erlendar rannsóknir benda til að karlaslagsíðu í forstjórastöðum megi skýra með því að karlar sitji fremur við stjórnvölinn og velji fremur að ráða karla en konur. Enn fremur að óformlegt og ógagnsætt ráðningaferli sé hagstæðara körlum og að tengslanet karla hafi of mikil áhrif í ráðningarferli forstjóra. Fram hefur komið að ráðningarþjónustur telja erfiðara að finna konur sem uppfylla þær kröfur sem fyrirtæki setja um hæfni og reynslu og að þær konur sem komast á lista séu fljótt strikaðar út vegna þess að kröfurnar breytast eða efast sé um vilja þeirra og hæfni til að takast á við forstjórastarfið. Í rannsókninni voru tekin viðtöl við stjórnarkonur allra skráðra félaga, 22 talsins. Viðtölin voru greind samkvæmt fyrirbærafræðilegri aðferð. Upplifun kvennanna af ráðningarferlunum var að margt gerði þau útilokandi fyrir konur; m.a. væri mikið byggt á tengslaneti stjórnarmeðlima og nafnalistum frá ráðningarráðgjöfum, þau væru að jafnaði lokuð og mikil pressa á að þau gangi hratt fyrir sig.

Þóra H. Christiansen

## „Áhætta að ráða konur“: Upplifun stjórnarkvenna á hindrunum í að ná í æðstu stjórnunarstöður.

Margt hefur áunnist í jafnréttismálum á Íslandi og mælist Ísland mjög hátt í jafnrétttiskönnunum Alþjóðaefnahagsráðsins. Ýmislegt hefur verið gert til að jafna stöðu kynjanna eins og að setja kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja og konum markvisst fjölgað í framkvæmdastjórnum fyrirtækja. Helstu áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir er ójafnvægi kynjanna í æðstu stöður þegar kemur að því að vinna að heimsmarkmiði 5 um jafnrétti kynjanna. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða upplifun og sýn stjórnarkvenna í skráðum félögum á Íslandi á því hvað hindri konur í að ná æðstu stjórnunarstöðum. Tekin voru viðtöl við 22 konur sem sitja í stjórnum allra félaganna og notast var fyrir fyrirbærafræðileg aðferðafræði við vinnslu og greiningu gagna. Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með var: Hver er upplifun kvenna í stjórnum félaga á því hvers vegna svo fáar konur hljóta brautargengi í æðstu stöður? Þau byrjunarþemu sem birtust upp úr gögnunum eru; „Ráðningar í forstjórastöður þurfa að ganga hratt fyrir sig“ ;mæla ekki með konum nema að hún viti að hún passi akkúrat í starfið“ ; „…ákveðin áhætta að ráða konu…hitt verður áhættulítið“ ; “…karlar í meirihluta þannig að þá bara einhvern veginn gerist það að kona verður á kantinum.“ Niðurstöður sýna fram á að þrátt fyrir aukna áherslu á jafnrétti kynjanna í íslensku atvinnulífi upplifa konur enn margvíslegar hindranir í að ná í æðstu stjórnunarstöður.

Erla S. Kristjánsdóttir

## „Erum pottþétt ekki að gera nóg" Upplifun stjórnarkvenna á stuðningi við konur til að gegna æðstu stjórnunarstöðum

Verulega hefur hallað á konur í stjórnum félaga hér á landi og þrátt fyrir framfarir undanfarin ár er enn til staðar tregða til að ráða konur í æðstu stjórnunarstöður. Sanngirni, jafnrétti og viðurkenning á hæfni eru taldir sjálfsagðir þættir á vinnumarkaði en samt sem áður hefur aukinn fjöldi menntaðra, reynslumikilla og hæfra kvenna hér á landi ekki endurspeglast í fjölda kvenna í æðstu stjórnunarstöðum. Rannsóknir sýna góðan árangur kvenna í stjórnun fyrirtækja en þrátt fyrir það er rík tilhneiging til að styðja fremur hefðbundin einkenni karla við ráðningar í æðstu stjórnunarstöður. Fram hefur komið að tengslanet karla hafi áhrif á hver studdur er til að sækja um þessi störf og að styðja þurfi konur enn frekar til að sækja um æðstu stjórnunarstöður, sérstaklega í karllægu samkeppnisumhverfi. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða reynslu og upplifun stjórnarkvenna í skráðum félögum á stuðningi við konur til að komast í æðstu stjórnunarstöður og að varpa ljósi á reynslu þeirra af stuðningi karla í þessum efnum. Tekin voru viðtöl við 22 konur sem sitja í stjórnum allra félaganna og notuð fyrirbærafræðileg aðferð við vinnslu og greiningu gagna. Niðurstöður sýna að konur njóta ekki síður stuðnings karla en kvenna þegar kemur að tækifærum til starfsframa og vísbendingar eru um að konur vilji styðja hver aðra enn betur og markvissar þegar kemur að ráðningum í æðstu stöður.

Sigrún Gunnarsdóttir

# Hvernig má fjölga konum í æðstu stöðum skráðra félaga á Íslandi að mati stjórnarkvenna?

Samkvæmt niðurstöðu úttektar Alþjóðaefnahagsráðsins árið 2019 hefur Íslendingum tekist að jafna allt að 87% af því kynjabili sem hér hefur ríkt og Ísland hefur náð hvað lengst á sviði jafnréttis. Árið 2010 voru samþykkt lög á Íslandi um að hvort kyn skyldi vera að lágmarki 40% í stjórnum fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn á ársgrundvelli. Það sama ár, þegar umræðan um kynjakvóta komst í hámæli hér á landi voru margir sem sögðust vera andvígir þeim. Þeir sem voru hvað mest andvígir slíkum kvótum töldu þá ganga gegn lögmálum samkeppni á markaði og þeirri meginreglu að sá hæfasti sé fenginn til starfans. Þrátt fyrir að lög um kynjakvóta gildi fyrir stjórnir stærri félaga á Íslandi gegnir engin kona stöðu forstjóra í skráðu félagi árið 2020 og fáar konur eru í framkvæmdastjórnum, því hafa smitáhrif ekki átt sér stað. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða reynslu og upplifun stjórnarkvenna í skráðum félögum á því hvað kemur í veg fyrir að konur hljóti brautargengi í æðstu stöður fyrirtækja. Tekin voru viðtöl við 22 konur sem sitja í stjórnum allra skráðra félaga á Íslandi. Niðurstöður gefa vísbendingu um að stjórnarkonur telji breytinga þörf til að fjölga konum í æðstu stjórnunarstöðum, m.a. að skoða möguleikann á kynjakvótum á stjórnendastöður og að setja ákvæði um fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum í eigendastefnu félaga.

Ásta Dís Óladóttir

## Kynjamunur í sögnum íslenska torfbæjarsamfélagsins

Í fyrirlestrinum verður fjallað um sagnamenningu íslenskra kvenna í torfbæjarsamfélaginu. Markmið rannsóknarinnar er að greina helstu sérkenni á sögnum kvennanna og takmarkast hún við sagnasjóði tvö hundruð heimildarkvenna þjóðfræðasafnarans Hallfreðar Arnar Eiríkssonar (1934-2005) sem fæddar voru á síðustu áratugum 19. aldar. Auk þess var tekinn til skoðunar lítill hópur karla úr sama heimildasafni og sagnasjóðir þeirra greindir. Inntak og form sagna eins það birtist í sagnasjóðum kvenna er borið saman við form og inntak sagna sem karlar segja en aðferðafræði rannsóknarinnar fólst meðal annars í því að efninu voru gefnar merkingar sem flokkuðu sagnagerðir, sögutíma, sögusvið, sögupersónur og efnistök sagna í sagnasjóðum heimildarfólksins. Niðurstöður rannsóknarinnar, sem er hluti af doktorsrannsókn höfundar, eru þær að þótt mikill meirihluti sagna beggja kynja gerist í samtíma sögumanna en ekki fjarlægri fortíð, þá nýttu konurnar sér í mun ríkari mæli þjóðtrúarhefð í sinni sagnasköpun. Þegar litið er til inntaks sagna heimildafólksins þá kemur í ljós að þótt karlpersónur birtist mun oftar í sögnum beggja kynja en kvenpersónur, þá sögðu konurnar hlutfallslega mun fleiri sagnir af konum en karlarnir. Þá má merkja nokkurn mun hvað varðar sagnaefnið sjálft, þar sem ákveðin þemu á borð við drauma og huldufólk, birtust áberandi oftar í sagnasjóðum kvennanna.

Júlíana Þóra Magnúsdóttir

# Konur sem afneita móðurhlutverkinu í íslenskum sögnum

Þjóðsagnir geta sagt okkur margt um þau samfélög sem þær tilheyra, þær endurspegla á vissan hátt þann hugmyndaheim og jarðveg sem þær spretta úr. Þær gengu milli einstaklinga í munnlegri geymd áður en þeim var safnað og þær gefnar út í þjóðsagnasöfnum. Í þeim má fræðast um viðhorf fólks, greina ádeilu á yfirvöld, og í þeim birtast gjörólíkar hugmyndir eins og samkennd með minnimáttar og fordómar, hræðsla og stolt. Um leið hafa þær mótandi áhrif með því að segja til um hvað sé viðeigandi hegðun eða óæskileg. Í erindinu verður fjallað um íslenskar sagnir í útgefnum þjóðsagnasöfnum frá 19. og 20. öld um konur sem afneita móðurhlutverkinu á einhvern hátt, annað hvort með því að kjósa að eignast ekki börn eða bera út börnin sem þær eignast. Notast er við aðferðir sögulegrar orðræðugreiningar auk þess sem gagnrýnum kenningum kynjafræðinnar er beitt á efnið. Hugmyndin um móðureðlið lýsir rótgrónum viðhorfum um hlutverk kvenna, sagnirnar varpa ljósi á viðhorf til þeirra kvenna sem brjóta gegn þessum gildum. Erindið er hluti af doktorsrannsókn höfundar um birtingarmynd kvenna í íslenskum þjóðsögum og fjallað verður um boðskapinn sem sagnirnar miðla um hlutverk og hegðun kvenna út frá þjóðfræðilegu og kynjafræðilegu sjónarhorni.

Dagrún Ósk Jónsdóttir

## Representations of Gender and Biological Sex in Bear Legends in Iceland and Beyond

Legends can serve to reinforce attitudes, beliefs, categorisations and boundaries within the societies that tell them. Distinctions between attributes, behaviours and spaces associated with men and women respectively are to be found across all genres of Icelandic folk narrative. In hunting tales, however, such boundaries are especially prominent. The key purpose of this research is to examine bear legends as a medium through which conventional human gender roles are explored, whilst also tackling the issue of the bear as a gendered being within human narrative tradition. Additionally, we aim to open a dialogue about gender-aware approaches to fieldwork when collecting narratives belonging to a tradition in which notions of gender have historically had a strong influence. This research seeks to apply methods from the fields of folk narrative and gender studies to bear legends collected in Iceland from 1850 to the present day, preserved both in writing and on tape. Taking into account ethnological research from areas of the world in which bear narratives form a larger part of the narrative tradition, we identified methods employed by narrators which served to perpetuate conceptions of traditional gender roles. Strategies employed to this effect included the subversion of traditional roles for narrative effect, gender-based humour, and the imposition of cultural ideas about sex and gender onto the figure of the bear itself.

Vitalina Ostimchuk
Alice Bower
Kristinn Helgi Magnússon Schram

## Munnleg hefð í elstu rímum

Heimildir okkar um munnlega hefð og flutning fyrri alda eru allar því marki brenndar að vera skriflegar og hafa flestar hlotið þau örlög að vera lesnar og túlkaðar sem textar og bókmenntir. Á löngum tíma er eðlilegt að efni sem varðveitist munnlega skolist til og taki breytingum og við skrásetningu munnmennta er algengt að sköpulag efnisins breytist – áherslur og flúr munnlegs flutnings víkur og efnið verður meitlaðra. Rímur eru þess eðlis að örðugt er að breyta þeim nema að yrkja þær upp á nýtt og því má leiða líkum að því að rímur þær sem skráðar voru á skinn á 14.–16. öld séu að töluverðum hluta eins og tíðkaðist að flytja þær. Rannsókn mín miðaði að því að kanna hvort finna mætti í elstu rímum vísbendingar um flutning þeirra. Fjörtíu rímnaflokkar ortir fyrir 1600 voru lesnir ítarlega og orðfæri þeirra um skáldskap og flutning tekið saman. Niðurstöður benda eindregið til þess að rímur hafi alla tíð verið efni ort til flutnings frammi fyrir áheyrendum, en einnig komu í ljós einkenni á rímunum sem benda sterklega til þess að rímur hafi verið munnlegur kveðskapur á elsta stigi þróunar sinnar og að munnleg einkenni hafi orðið að föstum þáttum í vinnubrögðum rímnaskálda um aldir.

Pétur Húni Björnsson

## Miðausturlenskar sögur sagðar á Íslandi

Þegar Jón Árnason hóf að safna þjóðsögum úr munnlegri geymd á 19. öld fór hann þá leið að skrifa mönnum víðs vegar um landið og biðja þá um að safna sögum. Margir brugðust við kallinu og héldu jafnvel áfram að senda honum sögur eftir að frumútgáfa þjóðsagnasafnsins var komin út í tveimur bindum árið 1864. Næstum 100 árum seinna, þegar farið var að huga að endur- og heildarútgáfu á safni Jóns Árnasonar, fyllti það sex bindi. Í safninu er að finna sagnir og ævintýri og þar á meðal eru nokkrar sögur sem auðsjáanlega eru komnar úr miðausturlenskum sagnasöfnum, eins og 1001 nótt og 1001 dagur, en hafa hafnað í munnlegri geymd á Íslandi. Hér verður sagt frá þessum sögum, skoðað hvaðan þær koma upphaflega, hverjir söfnuðu þeim hér á landi og hvað þær geta sagt okkur, bæði um fólkið sem sagði þær og sagnamenningu Íslendinga á 19. öld. Í ljós kom að þær sögur sem gengu í munnmælum virðast hafa verið mun fjölbreyttari en útgefin þjóðsagnasöfn gefa til kynna. Einnig sést að eins og tilfellið er með aðrar munnmælasögur og ævintýri velur sagnafólk sér sögur eftir sínum eigin smekk og lagar þær bæði að eigin viðhorfum og því sem passar fyrir áheyrendur sagnanna.

Rósa Þorsteinsdóttir

## Grínað á viðsjárverðum tíma: erindi og samtal við safnara

Á dögum kórónuveirunnar er gríni dreift um samfélagsmiðla sem aldrei fyrr. Húmor á viðsjárverðum tímum hefur lengi verið viðfangsefni þjóðfræðinga. Sem dæmi hafa stórslys, hryðjuverk og efnahagshrun öll verið umfjöllunarefni í vægðarlausum „gálgahúmor". Á stundum eru fyrstu viðbrögðin að grípa til grófrar framandgervingar eða að tjá ólíkar upplifanir okkar með gríni. Þjóðfræðingar greina það stundum sem leið til að verjast eða losa um erfiðar eða bældar tilfinningar. Í erindinu verður fjallað um rannsókn á því hvernig alþýðlegt, og stundum óheflað, grín er notað til að orða og deila erfiðri reynslu og koma böndum á furðulegar aðstæður. Með hliðsjón af húmorsrannsóknum þjóðfræðinnar og skyldra fræða, greinir höfundur söfn þjóðfræðiefnis á samfélagsmiðlum. Niðurstöður sýna meðal annars hvernig slíkur húmor getur endurspeglað ákveðnar sviptingar í samfélaginu um hvað telst ráðlegt eða óráðlegt. Þær sýna ekki síður hvernig svokallað Facelore getur sameinað fólk í sérstakri hversdagslegri reynslu. Þá vakna spurningar um hvort, og þá hvernig, söfnun á vettvangi samfélagsmiðla geti varpað ljósi á heimsmynd samfélaganna að baki þeirra. Í málstofunni verður einnig rætt við fulltrúa þjóðfræðisöfnunar á tímum kórónuveirunar um grín, alvöru og áskoranir við söfnun á samfélagsmiðlum.

Kristinn Schram

# „Mínir bestu dagar eru þeir dagar sem ég þarf ekki að vera með varnarmúrinn uppi“: Skilningur fatlaðra ungmenna á lífsgæðum og þátttöku í ófötluðum heimi

Markmið LIFE-DCY rannsóknarinnar, sem hér verður til umfjöllunar, var að rýna í lífsgæði og þátttöku fatlaðra barna og ungmenna á Íslandi. Aðferð rannsóknarinnar byggði á rýnihópaviðtölum við ungt fatlað fólk um lykilhugtökin lífsgæði og þátttaka í því skyni að draga fram, með gagnvirkri samræðu, skilning og hugmyndir viðmælendanna sjálfra um hvað hugtökin fela í sér og hvernig sá skilningur hefur þróast frá barnæsku. Í fyrirlestrinum verður varpað ljósi á hvernig viðmælendur skilgreindu og upplifðu lífsgæði og hvernig þau töldu að best sé að tryggja fötluðum börnum og ungmennum möguleika til fullrar þátttöku í samfélaginu. Niðurstöður og lærdómar varpa ljósi á að þegar þátttakendur komust á unglingsár fundu þau fyrir margþættri mismunun og að ekki væri gert ráð fyrir að þau væru kynverur, tækju þátt í stefnumótamenningu eða ættu ástarlíf. Dregið verður fram hvað hefur helst staðið í vegi fyrir því að þau upplifi gott líf og hvernig formlegur og óformlegur stuðningur, viðhorf til fötlunar og aðgengi að fyrirmyndum og framtíðarsýn getur skipt sköpum fyrir upplifun þeirra af eigin líkama, lífi og samfélagi. Þátttakendur voru sammála um að mestu lífsgæðin felist í að geta lagt niður varnarmúrinn, þ.e. upplifa að þau tilheyri, að á þau sé hlustað, einkalíf þeirra sé virt og að tilvist þeirra sé aldrei álitin íþyngjandi fyrir annað fólk og samfélagið.

Freyja Haraldsdóttir

# Hvað er gott líf og hvað felst í því að taka þátt? Tilurð og áherslur lífsgæðarannsóknar

Rannsóknir sem beinast að lífsgæðum og þátttöku fatlaðra barna eru oft smáar að sniðum og veita fyrst og fremst upplýsingar um sjónarmið fullorðinna eða tiltekinna hópa barna. Stórar samanburðarrannsóknir sem beinast að lífi, líðan og aðstæðum barna eru sjaldnast aðgengilegar fötluðum börnum þar sem nauðsynlega aðlögun skortir. Í fyrsta áfanga rannsóknarinnar (kortlagning) var KIDSCREEN-27 spurningalistinn notaður til að kanna hvernig fötluð og ófötluð börn og foreldrar þeirra meta lífsgæði barnanna. Sýn foreldra á þátttöku barna sinna og áhrif umhverfisins á þátttöku barnanna heima fyrir, í skólanum og í samfélaginu, var metin með með PEM-CY spurningalistanum. Svör foreldra við spurningalistunum tveimur voru einnig borin saman. Í öðrum áfanga rannsóknarinnar (skilningur) var gagna aflað með tilviksathugunum og rýnihópaumræðum. Sjónum var sérstaklega beint að því hvenær, hvernig og hversu oft fötluð börn og ungmenni fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um mikilvæga þætti í lífi sínu. Við úrvinnslu gagna var beitt gagnrýnum sjónarhornum til að rýna í áhrif félagslegs umhverfis á lífsgæði og þátttöku barnanna. Reynsla fatlaðra barna og ungmenna af lífsgæðum og þátttöku er ekki stöðug heldur háð bakgrunni, tækifærum og aðstæðum hverju sinni. Blandað snið rannsóknarinnar veitir mikilvæga innsýn í hvernig fötluð börn og unglingar upplifa lífsgæði sín og þátttöku í ólíku umhverfi – og hvernig hugsmíðarnar tvær kunna að tengjast innbyrðis.

Snæfríður Þóra Egilson

# NPA og ég

Notendastýrð persónulega aðstoð (NPA) er þjónustuform sem byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Markmið NPA er að fatlað fólk geti haft sömu möguleika og ófatlað fólk, til dæmis ráðið því hvar það býr og með hverjum. Fatlað fólk stýrir því jafnframt hvernig aðstoðin er skipulögð, hvað aðstoð er veitt við, hvar og hvenær aðstoðin fer fram og hver veitir hana. NPA hefur um nokkurt skeið verið í boði fyrir fullorðið fatlað fólk en þar til nýlega hefur NPA ekki verið í boði fyrir börn. Í fyrirlestrinum fjallar Þórdís, ungur NPA notandi um reynslu sína af NPA og dregur fram kosti og galla í því sambandi. Hún fjallar einnig um mikilvægi þess að skipulag og hönnun bygginga taki mið af fjölbreytileikanum - þar með talið fólki sem notar hjálpartæki - og miðlar af eigin reynslu í þeim efnum.

Þórdís Arnarsdóttir

## Enginn skilinn eftir – um starfsemi ungmennaráðs Þroskahjálpar

Í erindinu verður fjallað um ungmennaráð Þroskahjálpar, markmið þess og verkefni. Markmið ráðsins er að veita ungu fólki með þroskahömlun tækifæri til þátttöku og áhrifa í umræðu og stefnumótun um réttindi þess og mikilvæg hagsmunamál, t,d. tækifæri til jafns við aðra á öllum sviðum, stjórn á eigin lífi og sjálfstætt líf í samfélagi án aðgreiningar. Ungmennaráðið er Þroskahjálp og öðrum aðilum til leiðbeiningar, ráðgjafar og umsagnar um mikilvæg mál. Ungmennaráðið er vettvangur fyrir ungt fólk til að láta rödd sína heyrast og fá stuðning til þess að tjá skoðanir sínar og miðla hugmyndum og reynslu. Við undirbúning stofnunar ráðsins var leitað eftir samstarfi við starfsbrautir framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Deildarstjórum/kennurum sem lýstu áhuga á verkefninu var boðið til samráðs um skipulag og framkvæmd. 22 ungmenni mættu á stofnfund í janúar 2020 þar sem áhersluatriði og mikilvæg verkefni voru skilgreind. Í kjölfarið hafa verið reglulegir fundir sem eru blanda af fræðslu, hagsmunabaráttu og samveru. Framundan er að kynna verkefnið utan höfuðborgarsvæðis. Af verkefnum sem ungmennaráðið, eða einstakir meðlimir þess, hafa tekið að sér, má nefna umsögn um drög að frumvarpi menntamálaráðherra um nýja skólastefnu, seta í samhæfingahópi um aðgerðir í mennta- og atvinnumálum vegna COVID-19 og samráðsfundur menntamálaráðuneytis vegna mótunar æskulýðsstefnu. Ungmennaráð Þroskahjálpar er virkur aðili að Landssamtökum ungmennahreyfinga.

Anna Lára Steindal
Haukur Hákon Loftsson

## Sérfræðihópur fatlaðra barna

Umboðsmaður barna setti á stofn sérfræðihóp fatlaðra barna í lok ársins 2018 að sænskri fyrirmynd með það að markmiði að skapa rými og tækifæri fyrir fötluð börn og unglinga, til að ræða málefni að eigin vali, og koma með ábendingar byggðar á eigin reynslu og skoðunum. Embættið fékk styrk á grundvelli framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks fyrir verkefni sem fékk heitið Raddir fatlaðra barna. Leitað var samstarfs við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um framkvæmd verkefnisins. Notast var við eigindlegar rannsóknaraðferðir þar sem umræðuefnið var ekki fyrirfram ákveðið heldur var lögð áhersla á að þátttakendur gætu sjálfir stýrt því hvað væri til umræðu. Þátttakendur fengu því tækifæri til að tala frjálslega út frá eigin sjónarhorni um það sem þeim þótti mikilvægt og koma á framfæri og tillögum og ábendingum. Haldnir voru átta sérfræðifundir í húsakynnum umboðsmanns barna. Á fyrstu þrem sérfræðifundunum tóku allir þátttakendur þátt en þeim var svo skipt í tvo hópa sem hver um sig hélt tvo til þrjá fundi. Í erindinu verður fjallað um helstu niðurstöður sérfræðihópsins en þær sýna hversu fjölbreytt málefni brenna á fötluðum ungmennum, má þar nefna skólamál, aðgengi að íþróttaiðkun en ekki síst reynslu þeirra af einelti, fordómum og ofbeldi.

Salvör Nordal

## Lífsgæði og atbeini heyrnarlausra barna og unglinga: niðurstöður tilviksrannsóknar á Íslandi

Í fyrirlestrinum verða kynntar niðurstöður tilviksrannsóknar um lífsgæði og þátttöku heyrnarlausra barna/unglinga með kuðungsígræðslu. Heyrnarlaus börn/unglingar móta hugmyndir um hvað er gott líf út frá samspili ólíkra þátta og í samskiptum við aðra svo sem foreldra, vini, kennara og fagfólk sem veitir þjónustu. Erlendar rannsóknir sýna að heyrnarlaus börn/-unglingar upplifa áhrif þess hvernig aðrir gefa lífsgæði merkingu í tengslum við heyrnarleysi, en mynda sér einnig sjálf skoðun á hvað þeim finnst mikilvægt til að lifa góðu lífi og upplifa þátttöku. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig heyrnarlaus börn/unglingar með kuðungsígræðslu, foreldrar þeirra og kennarar móta hugtökin lífsgæði og þátttöku. Tilviksrannsóknin byggir á eigindlegri gagnaöflun með viðtölum og þátttökuathugunum við tvo heyrnarlausa unglinga með kuðungsígræðslu, foreldra þeirra og kennara. Gagnagreining í anda gagnrýnnar orðræðunálgunar leggur áherslu á menningarlegt samhengi og valdatengsl milli ólíkra aðila. Niðurstöður benda til þess að í stað þeirrar merkingar sem hefðbundnar orðræður um heyrnarleysi fela í sér, leggja heyrnarlausu unglingarnir í þessari rannsókn áherslu á félagslegan, námslegan og efnahagslegan árangur sem undirstöður lífsgæði. Þrátt fyrir jákvæða afstöðu gagnvart táknmáli líta þeir á kuðungsígræðslu sem tækifæri til árangurs í heimi heyrandi fólks, ekki síst í tengslum við menntun og félagslíf. Sjálfskilningur heyrnarlausu unglinganna virðist vera margþættur og grundvallast í fyrrnefndum árangri. Rannsóknin sýnir mikilvægi þess að hlusta á raddir heyrnarlausra barna/-unglinga í tengslum við þjónustu og stefnumótun.

Stefan C. Hardonk

## I made it through the wilderness – táningsárin frá sjónarhóli einhverfu

Mun færri stúlkur en drengir fá einhverfugreiningu í barnæsku auk þess sem stúlkur greinast oft seinna, jafnvel ekki fyrr en á fullorðinsárum. Margar þessara kvenna hafa fikrað sig í gegnum tilveruna án þess að vita að þær eru einhverfar. Þær upplifa sig öðruvísi en fá ekki nauðsynlegan skilning. Vegna þess álags sem þær upplifa við að reyna að passa inn í samfélagið, þá lenda margar þeirra í því að veikjast, andlega eða líkamlega, og eru komnar með ýmsar greiningar áður en einhverfan uppgötvast. Oft er talað um að stúlkur á einhverfurófi virðist „ósýnilegar" en undanfarin ár hefur aukinni athygli verið beint að stöðu þeirra innan einhverfusamfélagsins og því hvaða afleiðingar það getur haft fyrir þær og fjölskyldur þeirra að fá ekki viðeigandi stuðning í daglegu lífi.

Í fyrirlestri sínum lít ég um öxl til bernsku og unglingsára, en ég fékk mína einhverfugreiningu 46 ára gömul. Margt horfir öðruvísi við þegar það er skoðað út frá sjónarhorni einhverfunnar. Ég starfa í dag við fræðslumál hjá Einhverfusamtökunum og brenn fyrir því að gera einhverfar stúlkur sýnilegri og stuðla að því að þær fái viðeigandi stuðning og þar með tækifæri til að blómstra á eigin forsendum.

Guðlaug Svala Kristjánsdóttirð

## Þáttur rannsókna í þjónustu við fötluð börn og ungmenni

Fjallað verður um hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar í þjónustu við fötluð börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra. Samkvæmt lögum ber stofnuninni meðal annars að afla þekkingar og miðla henni, þróa, rannsaka og dreifa aðferðum og gögnum til greiningar á fötlunum og mismunandi meðferðarleiðum auk þess að stunda fræðilegar rannsóknir og sinna fræðslu á sviði fatlana og þroskaraskana. Í gildi eru samstarfssamningar við háskólana hér á landi um fræðslu og rannsóknir. Ennfremur tekur Greiningar- og ráðgjafarstöð þátt í samstarfi við aðrar stofnanir og fyrirtæki innan lands og utan. Mikilvægi rannsóknarstarfs og gildi þess fyrir þróun þjónustu og umbætur verður rætt, ásamt samspili þessara þátta. Skoðað verður hvaða þættir hafa áhrif á innleiðingu þekkingar í klínískt starf. Rannsóknir benda til þess að langan tíma taki að breyta þjónustu í takt við nýjustu þekkingu. Greint verður frá samstarfi vegna rannsóknarverkefnisins „Lífsgæði og þátttaka barna og unglinga: Umbreytingarannsókn". Fjallað verður um ferlið, reynsluna og lærdóminn sem draga má af verkefninu, frá sjónarhóli starfsmanna. Niðurstöðurnar gefa skýr skilaboð um hið augljósa, að það þurfi að ræða við börnin. Einnig gefa þær vísbendingar um þætti í umhverfinu sem ýta undir eða torvelda þátttöku. Þessi þekking skapar tækifæri til að breyta starfsháttum og þróa umbætur í þjónustu. Brýnt er að fagfólk nýti möguleikana og stuðli að skilvirkri innleiðingu nýrrar þekkingar, börnum og fjölskyldum til hagsbóta. Hverjar eru helstu hindranirnar í þessum efnum og hvernig má ryðja þeim úr vegi?

Þóra Leósdóttir
Unnur Árnadóttir
Evald Sæmundsen

## Hvernig NPA samningurinn breytti lífi mínu

Vilhjálmur Hauksson er 11 ára gamall drengur með CP tvenndarlömun. Þegar hann var 10 ára fékk hann fyrst NPA samning og réði fjölskyldan tvo unga menn sem aðstoðarmenn hans. Í erindinu mun Vilhjálmur lýsa því hvaða áhrif það hefur haft á líf hans að fá slíkan samning. Samningurinn gerir honum kleift að vera sjálfstæðari og taka sjálfur ákvarðanir í sínu daglega lífi. Aðstoðarmenn hans eru með honum frá því skóla líkur á daginn og aðstoða hann við að taka þátt í daglegu lífi ungs drengs. Það hefur reynst mjög valdeflandi fyrir Vilhjálm að hafa slíkan samning og hefur hann sterkar skoðanir á því að börn eigi að hafa aðgang að slíkum samningi og færir rök fyrir því. Kolbrún, móðir Vilhjálms, mun ræða um hvaða þýðingu það hefur fyrir foreldra og fjölskyldur fatlaðra barna að þau eigi rétt á NPA. Það styrkir börnin og gerir þau sjálfstæðari auk þess að gefa foreldrum færi á því að stíga aðeins út úr því hlutverki að vera umönnunaraðilar og gefur barninu jafnframt færi á að auka sjálfstæði sitt gagnvart foreldrunum.

Vilhjálmur Hauksson
Kolbrún Benediktsdóttir

## Birtingarmyndir margþættrar mismununar: reynsla mín sem lituð, fötluð, hinsegin ung kona í hvítu samfélagi

Í þessu erindi mun ég deila reynslu minni sem lituð, fötluð, hinsegin kona og fjalla um hvernig var að upplifa fordóma á grundvelli allra þessara þátta sem barn, unglingur og nú sem ung kona. Ég mun varpa ljósi á mikilvægi þess að tekið sé tillit til þess að ólíkar mismununarbreytur hafa áhrif á líf okkar og því að ekki sé hægt að fjalla um þær í einangrun. Þetta getur haft sérstaklega mikil áhrif á kynverund en sem fötluð kona er ég stimpluð sem óæskilegur maki en sem lituð kona er ég hlutgerð á kynferðislegan hátt. Sem ættleidd fötluð kona mun ég jafnframt velta upp menningarmun á skilningi á fötlun og hvernig viðmót ég hefði upplifað og hver sjálfsmynd mín væri ef ég hefði alist upp á Indlandi. Þá vil ég einnig velta fyrir mér hvernig áhrif það hefur á líf fatlaðs fólks að vera með ósýnilega eða missýnilega fötlun. Að lokum mun ég fjalla um hvaða sálrænu afleiðingar ableismi, rasismi og kvenfyrirlitning hefur á fötluð börn og ungmenni og hvernig við getum stutt þau til þess að valdeflast og skapa jákvæða sjálfsmynd.

Steinunn Anna Radha

## „Á vegferð til fullorðinsára — fatlað ungt fólk úti á lífinu. „ Ó mæ god eigum við að fara tala um sögurnar okkar af djamminu“

Vegferðin að fullorðinsárum (e. transitioning) felur í sér félagslegt ferli sem byggir á samspili persónulegra og menningarlegra þátta. Umfjöllun um ungt fólk á þessu skeiði er því ekki síst skoðun á þátttöku í samfélagslegu samhengi. Rannsóknir á djamminu sem lið í að verða fullorðinn eru ekki margar, sér í lagi þegar kemur að reynsluheimi fatlaðs ungs fólks. Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu fatlaðs ungs fólks af djamminu frá sjónarhorni gagnrýninnar fötlunarfræði (e. critical disability studies). Gagna er aflað með rýnihópaviðtölum við ungt fatlað fólk á aldrinum 18-35 ára. Alls tóku 21 einstaklingur þátt, 11 konur og 10 karlmenn. Rannsóknin er unnin samkvæmt verklagi grundaðrar kenningar í anda Charmaz. Niðurstöður hafa leitt í ljós mikilvægi raunverulegs vals um þátttöku á vettvangi menningar og er skemmtanalíf þar engin undantekning. Frásagnirnar spegla fjölþætta reynslu sem oft var þversagnakennd. Þátttakendum var tíðrætt um hvernig þau voru ýmist látin afskiptalaus eða undir smásjá. Þá kom fram hvernig þau upplifðu gjá milli eigin hugmynda og annarra sem ekki sáu þau sem kynverur. Umræður innan hópanna voru oft gagnrýnar þar sem þátttakendur voru sammála um fáránleikann í viðbrögðum annarra. Niðurstöðurnar sýna því að djammið er pólitískur vettvangur þar sem fram fer andóf fatlaðs ungs fólks.

Anna Sigrún Ingimarsdóttir
Snæfríður Þóra Egilson

## Markaðshneigð íslenskra matvöruverslana með viðskiptavinagrunduðu MARKOR mælitæki

Markaðshneigð hverfist um að þekkja sína viðskiptavini og færa þeim í sífellu aukið virði með því að uppfylla þarfir þeirra og óskir. Ávinningur markaðshneigðar er meiri ánægja starfsfólks og viðskiptavina sem leiðir til betri heildarframmistöðu fyrirtækisins. Markmið rannsóknarinnar var að skoða sambandið á milli markaðshneigðar, ánægju viðskiptavina sem og hvort þeir séu líklegri til þess að mæla með versluninni við aðra. Með þessu er verið að þróa nýtt mælitæki á markaðshneigð. Tilgangur rannsóknarinnar var því að að prófa nýtt mælitæki og mæla hvort marktæk tengsl væru á milli ákveðinna breyta. Í þessari rannsókn er viðskiptavinagrundað MARKOR mælitæki þróað og notað við mælingu á markaðshneigð matvöruverslana. Rannsóknaraðferðin skilgreinist sem megindleg, þar sem lögð var fyrir viðskiptavini verslana spurningakönnun. Settar voru fram fjórar tilgátur auk rannsóknarspurningar: Hvaða áhrif hefur markaðshneigð á viðskiptavini matvöruverslana? Niðurstöður leiddu í ljós að innri áreiðanleiki viðskiptavinagrundaða MARKOR mælitækisins var mikill eða $\alpha$ = 0,868 sem segir til um hvort mælitæki sé að mæla það sem það á að mæla og að ef mælt er aftur, á svipuðum tíma á öðru úrtaki, verði mælingin svipuð. Mælitækið uppfyllir því það sem því var ætlað.

Brynjar Þór Þorsteinsson
Vera Dögg Höskuldsdóttir

# Þjónustugæði farfuglaheimila: þjónustuvíddir og aðferðir við mælingar

Í fyrirlestrinum er skoðað hvaða aðferðum er beitt við mælingar á þjónustugæðum hjá bakpokaferðalöngum á farfuglaheimilum. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja umræðu um viðfangsefnið og undirbyggja frekari rannsóknir á þjónustugæðum hjá farfuglaheimilum á Íslandi. Notast var við fyrirliggjandi gögn úr rafrænum gagnabönkum á www.leitir.is þar sem rýndar voru útgefnar rannsóknir í ritrýndum tímaritum á viðeigandi fræðasviðum. Leitarorðin voru: „service quality", hostel og backpackers en alls skilaði leitin 96 greinum, sem voru rýndar frekar og liggja til grundvallar þeim niðurstöðum sem fjallað verður um. Helstu niðurstöður eru að hægt er að skipta mælingum á þjónustugæðum farfuglaheimila meðal markhópsins í fjórar til sex víddir sem eru: félagslegt andrúmsloft, staðsetning, starfsfólk, hreinlæti, öryggi og aðstaða. Ein vídd sem er sérstök fyrir þjónustugæði farfuglaheimila er félagslegt andrúmsloft og hefur hún mikil áhrif á heildarþjónustugæðin. Ásamt félagslegu andrúmslofti þá skiptir starfsfólk farfuglaheimilis miklu máli þegar kemur að jákvæðni gagnvart meðmælum og líkum á að ferðamaður heimsæki sama farfuglaheimilið aftur. Þjónustugæði farfuglaheimila hafa verið skoðuð út frá ólíkri menningu og samanburður gerður á farfuglaheimilum og viðskiptavinum þeirra í ólíkum heimsálfum. Þar kemur fram munur á því hvað þykja mikilvægustu eiginleikar farfuglaheimilis. Þjónustugæði farfuglaheimila virðast ekki hafa verið sérlega mikið rannsökuð þó til séu nokkrar áhugaverðar rannsóknir á þessu sviði.

Árný Björk Björnsdóttir
Magnús Haukur Ásgeirsson

# Innri Markaðssetning: Stefna og Framkvæmd

Í fyrirlesturinn verður skoðað hvort og þá hvernig hugmyndafræði um innri markaðssetningu birtist í daglegum rekstri þjónustufyrirtækis á Íslandi. Allmargar skilgreiningar eru til á fyrirbærinu innri markaðssetning en allar eiga þær það sammerkt að ýta undir m.a. þátttöku, hvatningu og þjónustuvilja starfsmanna. Rannsóknir þessu tengdu hafa sýnt fram á að sé þessum aðferðum beitt í hvívetna hefur það jákvæð áhrif á árangur fyrirtækja, til lengri tíma. Hvort heldur ef horft er til ytri þjónustugæða sem metin eru af viðskiptavinum, innri þjónustugæða sem metin eru af starfsmönnum eða fjárhagslegs ávinning fyrirtækis. Tekin voru átta hálfopin viðtöl við starfsmenn og stjórnendur, sem allir starfa í sömu deild innan fyrirtækisins. Helstu niðurstöður gáfu til kynna að fyrirtækið nýtir sér ýmsar aðferðir sem flokka mætti sem innri markaðssetningu, án þess þó að hugtakið sjálft sé nýtt í vinnuskjölum og stefnu fyrirtækisins. Aðgerðir sem nýttar eru innan fyrirtækisins eru m.a. virk upplýsingagjöf, námskeið og jákvæð endurgjöf. Mikið er lagt upp úr umbótahugsun og er starfsmönnum gefið frelsi til að nálgast viðskiptavini með ólíkum hætti, eftir því sem við á. Með þessum aðferðum tekst ágætlega að vinna að markmiðum innri markaðssetningar, þar á meðal að gera starfsfólkið áhugasamt um viðskiptavinina, veita þjónustuna á viðskiptavina- og þjónustumiðaðan máta og að tryggja skilning á þeirra mikilvægi sem fulltrúar markaðsmála í hlutastarfi.

Eydís Rós Ármannsdóttir

Magnús Haukur Ásgeirsson

## NPS og traust

Markmið rannsóknarinnar er að skoða tengslin á milli meðmælavísitölu (NPS) og ímyndarþáttarins trausts. NPS hefur frá 2003, þegar aðferðin var kynnt í Harvard Business Review, verið mikið notuð af skipulagsheildum til að leggja mat á árangur í starfi og talin góður spávísir fyrir vöxt. Ástæðan fyrir vinsældum þessa mælitækis er sú að um sé að ræða eina spurningu, framkvæmdin sé einföld og niðurstaðan henti vel til alþjóðlegs samanburðar. Gagnrýnt hefur verið að NPS sé takmarkaður mælikvarði á árangur og sé ekki góður spávísir fyrir vöxt. Í þessari rannsókn er sett fram sú tilgáta að NPS sé góður spávísir fyrir ímyndarþáttinn traust en ímynd er þekktur árangursmælikvarði skipulagsheilda. Byggt er á könnun meðal viðskiptavina íslensku viðskiptabankanna í febrúar 2019. Um var að ræða netkönnun (n = 542) sem framkvæmd hefur verið með sama hætti frá árinu 2004. Gögnin voru vigtuð út frá aldri og kyni. Niðurstöður benda til þess að sterk fylgni sé milli NPS og trausts (r = 0,51) sem felur í sér að ef NPS er hátt þá gæti mat á skynjuðu trausti einnig verið hátt. Þessi tengsl eru mun sterkari þegar skoðuð er afstaða viðskiptavina til þess banka sem þeir eru í viðskiptum hjá (r = 0,69 til 0,75). Því fæst stuðningur við tilgátuna og dregin sú ályktun að NPS geti verið góður spávísir fyrir jákvæða ímynd skipulagsheilda.

Þórhallur Guðlaugsson

## „Þjónustuhneigð í ferðaþjónustu: Ný þekking eða bergmál fyrri tíma?

Í fyrirlestrinum verður skoðað hvernig kenningar um þjónustuhneigð hafa verið færðar frá markaðs-og þjónustufræðum yfir í ferðamálafræði. Þekkingaryfirfærsla milli fræðigreina er oft og tíðum höktandi, ekki síst þegar kemur að mjög þverfaglegum greinum, líkt og á við í tilfelli ferðamálafræði. Algengt er að það vanti upp á að grunn þekking á bakvið hugtök eða aðferðir skili sér í rannsóknir á nýja fræðasviðinu og er þá hætta að umræðan sé grunn og ógagnrýnin. Afleiðing þessa er að oft tekur það langan tíma fyrir nýja þekkingu að færast milli fræðasviða. Erindið byggir á rýni fræðigreina sem aflað var með ákveðnum lykilorðum tengdum ferðamálum og þjónustuhneigð, í gegnum leitarvefinn www.leitir.is. Aðeins var leitað að greinum eftir 2008, til dagsins í dag, þar sem sambærileg rannsókn liggur til grundvallar fram að þeim tíma. Alls skilaði leitin 96 greinum og eftir frekari rýni stóðu eftir 46 greinar, sem voru rýndar frekar og liggja til grundavallar niðurstöðum. Helstu niðurstöður eru þær að rannsóknarsnið rannsókna á þjónustuhneigð í ferðamálafræði er mjög einskorðað við megindlega aðferðafræði í formi spurningakönnunar. Nær allar greinarnar nýta lykilhugtök beint án gagnrýninnar umræðu eða nýsköpunar þekkingar. Það er athyglivert og í raun staðfestir vangaveltur um vandamál tengdum þekkingaryfirfærslu á milli fræðasviða.

Magnús Haukur Ásgeirsson

## Þjónustumenning sem áhrifaþáttur í árangri

Í erindi þessu verður farið yfir niðurstöður rannsóknar á tengslum fyrirtækjamenningar við markaðs- og þjónustuhneigð. Markmið rannsóknarinnar var að kanna samsetningu þjónustumenningar og hvort slík menning geti haft áhrif á árangur fyrirtækja á samkeppnismarkaði. Aðgreining frá samkeppnisaðilum spilar stórt hlutverk í því þegar fyrirtæki vilja ná betri árangri og hefur verið litið á þjónustu og uppbyggingu hennar, m.a. í gegnum þjónustumenningu, sem leynivopn í því samhengi. Þjónustumenning hefur verið skilgreind sem þjónustuhneigð fyrirtækjamenning sem hefur það að keppikefli að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina jafnt sem starfsmanna.

Stuðst var við mælitækin SERV*OR og MKTOR til að skilgreina áhrifaþætti í þjónustu- og markaðshneigð ásamt því að aðferð Denison var notuð til þess að leggja mat á fyrirtækjamenningu. Spurningakönnun var lögð fyrir starfsmenn hjá íslensku fjármálafyrirtæki á vordögum 2020 og byggja þessar niðurstöður á svörum þátttakenda (n=127).

Niðurstöðurnar benda til þess að sambland þekktra mælitækja fyrirtækjamenningar annarsvegar og markaðs- og hneigðar hinsvegar nái utan um lykilþætti í uppbyggingu þjónustumenningar. Einnig benda árangursvísar til þess að rík þjónustumenning leiði til betri árangurs fyrirtækja.

Anna Margrét Steingrímsdóttir

# Langtímarannsókn á viðhorfum ferðamanna í Landmannalaugum

Langtímarannsóknir í ferðamálafræðum fela í sér söfnum sambærilegra gagna á a.m.k. tveimur tímapunktum, ásamt greiningu og samanburði á gögnunum á milli tímabilanna sem um ræðir. Í þeim er leitast við að skilja hvernig og hvers vegna mismunandi þættir ferðaþjónustunnar, ferðamanna og ferðamannastaða breytast. Langtímarannsóknir sem greina þróun á ánægju og viðhorfum ferðamanna til víðerna og lítt raskaðrar náttúru eru mjög takmarkaðar, ekki aðeins hér á landi heldur einnig á heimsvísu. Slíkar upplýsingar eru hins vegar mjög mikilvægar til að viðhalda samkeppnishæfni ferðamannastaða og eru grundvöllur sjálfbærrar nýtingar þeirra. Í þessu erindi er greint frá niðurstöðum langtímarannsóknar á viðhorfum ferðamanna í Landmannalaugum. Rannsóknin byggir á spurningalistakönnunum sem var lögð fyrir ferðamenn í Landmannalaugum sumrin 2000, 2009 og 2019. Alls fengust svör frá um 2.900 einstaklingum. Meginmarkmiðið var að greina hvernig ánægja ferðamanna og skynjun þeirra á fólksfjölda, umhverfinu og innviðum hefur breyst á árunum 2000, 2009 og 2019. Niðurstöður leiddu í ljós að ferðamenn eru almennt mjög ánægðir með dvöl sína á svæðinu en þó benda niðurstöðurnar til þess að ánægja ferðamanna sé að dvína. Ástæður þess eru margvíslegar en tengjast annars vegar innviðum, skipulagi og þjónustu og hins vegar vaxandi fjölda ferðamanna..

Anna Dóra Sæþórsdóttir

# Erlendir ferðamenn í Landmannalaugum: Fyrirframþekking og upplifun af landslagi

Í erindinu er horft til hlutverks fyrirframþekkingar í upplifun af landslagi, út frjá sjónarhóli tilvistarlegrar fyrirbærafræði. Nánar tiltekið er horft til þess hvernig upplifun af landslagi grundvallast á tengslum manns og umhverfis: Annars vegar þeim líkamlegu tengslum sem verða til í skynjun manns á umhverfi sínu og hins vegar þeim hugmyndum sem maðurinn kemur með inn í það tengslanet. Fjallað verður um upplifun erlendra ferðamanna í Landmannalaugum í þessu ljósi. Byggt er á eigindlegri viðtalsrannsókn sem hefur það markmið að leita skilnings á þeim þáttum sem móta upplifun af þessum tiltekna stað. Tekin voru viðtöl, 21 að tölu, við fjölbreyttan hóp 33 erlendra ferðamanna. Í viðtölunum var spurt út í upplifun ferðamannanna af svæðinu og um þekkingu þeirra af svæðinu áður en þeir komu þangað. Greining viðtalsgagnanna leiðir í ljós að meginþættir í upplifun viðmælenda af Landamannalaugum lúta annars vegar að sjónarmiðum tengdum umhverfismálum og hins vegar að skynjun þeirra á umhverfi Landmannalauga. Fyrirframþekking viðmælenda virðist að einhverju leyti liggja upplifun þeirra og viðhorfum til grundvallar, þá sérstaklega hugmyndir um fólksfjölda. Nánar tiltekið sú forsenda að Landmannalaugar séu fjölmennur ferðamannastaður sem allir hafi rétt á að heimsækja. Í erindinu verður rætt um hvaða þýðingu þetta getur haft fyrir þróun innviða og náttúrufars, sem og þróun Landamannalauga sem áfangastað fyrir ferðamenn.

Edda R. H. Waage

## Vindorka og viðhorf ferðaþjónustunnar

Þróun í framleiðslu vindorku hefur verið hröð á undanförnum árum og er hún orðin hagkvæmari en framleiðsla á orku með vatni og jarðvarma. Áhugi á vindorkuframleiðslu hefur því aukist mikið bæði á heimsvísu en einnig hér á landi. Rannsóknir erlendis hafa leitt í ljós að ein helsta ástæða fyrir andstöðu við vindorkuframleiðslu er neikvæð sjónræn áhrif. Vindmyllur eru áberandi mannvirki í landslaginu og breyta þar með ásýnd lands og upplifun fólks á landslaginu. Þar sem vindorka er nýr orkukostur á Íslandi er þekking á samspili hennar og ferðaþjónustunnar mjög takmörkuð. Í ljósi þess að náttúran, þar með talið náttúrulegt landslag, er ein helsta auðlind íslenskrar ferðaþjónustu er mikilvægt að átta sig á mögulegum áhrifum vindorkuvera á ferðaþjónustuna. Í erindi þessu er greint frá rannsókn þar sem leitast er við að varpa ljósi á viðhorf ferðaþjónustuaðila til fjögurra vindorkuvera sem eru til skoðunar í fjórða áfanga Rammaáætlunar (Vernd- og orkunýtingaráætlunar): Garpsdal og Sólheimum á Vesturlandi, Hörgárdal við Eyjafjörð og svokölluðum Búrfellslundi við Þjórsá. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við rúmlega fjörutíu ferðaþjónustuaðila. Niðurstöður benda til þess að viðmælendur töldu vindorkuver oft á tíðum hafa neikvæðari áhrif á ferðaþjónustu í samanburði við vatnsafls- og jarðgufustöðvar, og er það einkum vegna sjónrænu áhrifa vindmyllanna.

Margrét Wendt

## Sjálfbærnivísar sem stýritæki í þróun ferðamennsku

Í stefnuramma ríkisstjórnarinnar um framtíðarsýn og áherslur í ferðaþjónustu til 2030 er stefnan sett á að vera leiðandi í sjálfbærri þróun. Sjálfbær þróun er flókið hugtak sem grundvallast á heildarsýn allra þátta sem hafa áhrif á velferð okkar sem íbúa á ákveðnu svæði. Stefnuyfirlýsing stjórnvalda vekur því meðal annars upp þá spurningu hversu stór fyrirmynd íslensk ferðaþjónusta sé úti í hinum stóra heimi hvað varðar sjálfbæra þróun. Breyttar aðstæður í samfélaginu gefa ákveðið tækifæri til að endurskoða farinn veg. Þessi rannsókn beinir sjónum að þróun sjálfbærnivísa fyrir ferðamennsku með sérstakri áherslu á þátttöku íbúa. Lykilvísar voru valdir, greindir, ræddir og forgangsraðað eftir mikilvægi. Hannaður var matsrammi til að meta raunhæfni vöktunar hvers vísis, og DPSIR-rammalíkanið notað til að greina orsakatengsl á milli mismunandi áhrifaþátta. Niðurstöður sýna að sjálfbærnivísa þarf stöðugt að endurmeta og uppfæra þar sem ferðamennska er hluti af flóknu kerfi sem er sífellt í breytingu. Alþjóðleg viðmið eru í stöðugri þróun, staðbundin verkefni leggja sömuleiðis stöðugt til nýja þekkingu og reynslu heimafólks. Á stöðum þar sem álag ferðamanna er mikið breytist enn fremur viðhorf íbúa til þess hvað mikilvægt sé að taka til greina í vísunum hratt. Þar af leiðandi þarf að endurmeta sjálfbærnivísa reglulega og fara í gegnum ferlið aftur. Sjálfbærnivísa á því í raun aldrei að líta á sem endanlega.

Rannveig Ólafsdóttir

# Perceived size of the impact area of renewable energy infrastructure on tourism: Views of the tourism industry

Renewable energy infrastructure (REI) transforms landscapes and thereby might impact nature-based tourism. The character and scale of these impacts, among other factors, depends on the perceived suitability of REI in specific landscapes. Thus, while analyzing the impacts of REI on tourism it is important to investigate how compatible are the meanings added by REI with the existing place identity. Moreover, there is a need for further research regarding the spatial dimensions of the tourism-REI interrelationships.The present study aims to estimate the size of the impact area of REI on tourism as perceived by the tourism industry and to investigate the factors affecting it. Qualitative research methods were chosen for this study and over forty semi-structured interviews were conducted with the tourism industry stakeholders operating near six existing or proposed hydro-, geothermal and wind power projects in Iceland. During the interviews participatory mapping software was used for the estimation of the impact areas. The results show that the size of the impact areas of REI on tourism is perceived very differently by various tourism industry stakeholders and, among other factors, depends on visual impacts, impacts on visitor experience, movement of tourists, perceptions of landscape and level of development of the area.

Edita Tverijonaite
Anna Dóra Sæþórsdóttir

## Vald og hreyfanleiki á íslenskum vinnumarkaði

Í erindinu er fjallað um vald og hreyfanleika erlends starfsfólks í ferðaþjónustu, í kjölfar mikillar fjölgunar þeirra á vinnumarkaði, 2012-2019. Spáð er í stöðu starfsfólksins og áhrif þróunarinnar á stéttarfélög og fagmennsku í ferðaþjónustu. Hver eru áhrif mikils hreyfanleika erlends starfsfólks á stöðu og starfsframa þeirra innan greinarinnar og möguleika stéttarfélaga til að gæta hagsmuna þeirra? Hver eru möguleg áhrif hárrar starfsmanna-veltu á ferðaþjónustuna? Í ljósi almennrar aðildar að stéttar-félögum og kjarasamningum á Íslandi er áhugavert að skoða stöðuna hér á landi í evrópskum samanburði, þar sem aðild að stéttarfélögum hefur víða dregist mikið saman á 21. öldinni. Fræðileg nálgun er sótt í undirgrein mannvistarlandfræði sem beinir sjónum að samtvinnun hreyfanleika í rými og á vinnu-markaði. Áhersla er á mismunandi stöðu starfsfólks eftir uppruna og fleiri breytum, sem sett er í samhengi við stað-bundna þróun á leikreglum á vinnumarkaði. Erindið byggir á niðurstöðum viðtalsrannsóknar við starfsfólk stéttarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins og erlenda starfsmenn í greininni, árin 2018 og 2019. Niðurstöður eru m.a. að á uppgagnstíma í ferða-þjónustu var landfræðilegur hreyfanleiki starfsfólks á milli starfa víða um land auðveldur, en valdleysi kemur meira fram í mögu-leikum á starfsframa/hreyfanleika innan greinarinnar. Stéttar-félög rekast á veggi í lagaumhverfi og þjónustu í hagsmuna-gæslu fyrir þennan hóp. Þau eiga miserfitt með að ná til starfs-manna, m.a. vegna mikils hreyfanleika og tungumálaörðugleika, sem að einnig ógnar fagmennsku í greininni.

Magnfríður Júlíusdóttir

## Staða erlendra starfsmanna í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði á tímum COVID – 19

Meðfram örum vexti í ferðaþjónustu á Íslandi á undanförnum árum hefur erlendu starfsfólki fjölgað mjög í atvinnugreininni. Í sveitarfélaginu Hornafirði er ferðaþjónusta mjög mikilvæg og vinnuframlag erlends starfsfólks umfangsmikið. Áhrif COVID – 19 hafa hins vegar markað djúp spor í starfsemina á yfirstandandi ári. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á reynslu og stöðu þessa erlenda starfsfólks á tímum COVID-19. Sjónum var beint að félagslegu umhverfi, vinnuskilyrðum og lagalegri stöðu erlendra starfsmanna í þremur starfsgreinum: veitingaþjónustu, afþreyingarferðaþjónustu og á hótelum og gistiheimilum. Þá var einnig spurt um persónulega líðan starfsfólksins. Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekin voru einstaklingsviðtöl, í júlí og ágústmánuði, við 20 manns sem störfuðu í sveitarfélaginu í upphafi fyrstu bylgju faraldursins. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós skert atvinnuöryggi erlends starfsfólks, sem og veik félagsleg tengsl þeirra í heimabyggð. Greina mátti mismun á milli starfsfólks í ólíkum starfsgreinum af COVID – 19, bæði hvað varðar lýsingu á starfsumhverfi, reynslu af brotastarfsemi, persónulegri upplifun af samfélaginu og einnig þegar litið var til framtíðaráforma einstaklinganna. Áberandi munur kom fram á milli einstaklinga innan og utan svæða EES, en viðmælendur í síðarnefnda hópnum lýstu gjarnan neikvæðari upplifun þar sem þeir höfðu ekki notið atvinnuleysisbóta og höfðu ríkari áhyggjur af framtíðardvöl sinni í landinu.

Arndís Ósk Magnúsdóttir
Þorvarður Árnason
Soffía Auður Birgisdóttir
Arndís Lára Kolbrúnardóttir

# Viðhorf og staða atvinnurekenda í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði á tímum COVID-19

Undanfarin ár hefur fjöldi ferðamanna sem heimsækir Ísland aukist verulega. Margir Íslendingar hafa gripið tækifærið og stofnað fyrirtæki í ferðaþjónustu. Íbúar í sveitarfélaginu Hornafirði eru ekki undanskildir enda er ferðaþjónusta ein stærsta atvinnugrein svæðisins. Þegar heimsfaraldur á borð við COVID-19 skellur á stöðvast allt og atvinnurekendur þurfa að vera fljótir að bregðast við breyttum aðstæðum. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf og stöðu atvinnurekenda í ferðaþjónustu í Hornafirði á tímum fyrstu bylgju COVID-19. Lögð var áhersla á að skoða áhrif faraldursins á rekstur fyrirtækja og viðhorf atvinnurekenda til framtíðarinnar. Tekin voru 11 eigindleg viðtöl við atvinnurekendur, bæði við aðila sem stofnað höfðu afþreyingarfyrirtæki, sem og þá sem reka gisti- eða veitingahús. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á mikla óvissu á meðal atvinnurekenda þar sem flestir reyndust mjög svartsýnir þegar litið var til næstu mánaða. COVID-19 hefur komið einna harðast niður á litlum, fjölskyldureknum fyrirtækjum en eigendur stærri og burðugri fyrirtækja, með lengri starfstíma, töldu reksturinn sinn nokkuð öruggan. Sú sýn kynni þó að hafa breyst með annarri og þriðju bylgju faraldursins. Seinni hluti nýliðins sumars fór hins vegar fram úr björtustu vonum atvinnurekenda og vonuðust þeir að ferðamenn héldu áfram að koma til landsins í haust. Viðmælendur í veitingarekstri nefndu þó þann jákvæða þátt að COVID-19 gaf þeim svigrúm til þess að verja meiri tíma með sínum nánustu.

Hafdís Lára Sigurðardóttir
Þorvarður Árnason
Soffía Auður Birgisdóttir
Arndís Lára Kolbrúnardóttir

# Rafræn fræðsla í ferðaþjónustu: Áskoranir, tækifæri og góð fordæmi

Menntun og fræðsla eru grunnþættir fagmennsku og samkeppnishæfni í ferðaþjónustu. Mikil gróska er í skipulagi og þróun námsefnis og námstilboða á sviði ferðamála hér á landi og mörg fyrirtæki vilja efla sí- og endurmenntun starfsfólks og óska eftir sveigjanlegri námstilboðum sem krefjast ekki viðveru námsmanna í staðnámi til lengri tíma. Rafrænni fræðslu er ætlað að mæta þessum þörfum. Í þessu erindi er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknar á áskorunum, tækifærum og góðum fordæmum fyrir árangursríkri rafrænni fræðslu. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig fyrirtæki og fræðsluaðilar vinna að skipulagi og framkvæmd rafrænnar fræðslu og hvaða þættir hafa áhrif á árangur slíkrar fræðslu. Rannsóknin byggir á eigindlegum rannsóknaraðferðum og fór fram sumarið 2020. Tekin voru viðtöl við 21 einstakling og voru viðmælendur valdir með markvissu úrtaki á grundvelli þekkingar og reynslu af uppbyggingu og þróun rafrænnar fræðslu. Niðurstöður leiða í ljós að helstu áskoranir fyrir rafræna fræðslu eru annars vegar kerfislegar og hins vegar einstaklingsbundnar en tæknilegar hliðar fræðslu eru síður vandamál. Jafnframt kemur fram að áskoranir og tækifæri fyrirtækja til að byggja upp og innleiða markvissa fræðslu innan sinna raða eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða minni eða stærri fyrirtæki. Viðmælendur eru almennt sammála um að mörg tækifæri séu til staðar til eflingar á rafrænni fræðslu sem mætir þörfum og óskum fyrirtækja.

Gunnar Þór Jóhannesson
Lilja Karen Kjartansdóttir
María Guðmundsdóttir

# Að taka á móti kínverskum ferðamönnum: Upplifun og reynsla íslenskra ferðaþjónustuaðila

Mikil aukning hefur orðið á komu kínverskra ferðamanna til Íslands síðastliðinn áratug. Samkvæmt brottfaratalningu Ferðamálastofu í Leifsstöð voru kínverskir ferðamenn um 7% allra ferðamanna til landsins árið 2019 og þar með komnir í fjórða sæti yfir fjölmennustu þjóðirnar sem sækja Ísland heim á eftir Bandaríkjamönnum, Bretum og Þjóðverjum. En hvernig hefur tekist til hjá íslenskri ferðaþjónustu að taka á móti þessum nýja markhópi til landsins? Í þessu erindi verður gerð grein fyrir niðurstöðum viðtalsrannsóknar meðal íslenskra ferðaþjónustu-aðila með langa reynslu af að taka á móti kínverskum ferða-mönnum til Íslands. Alls voru tólf viðtöl tekin við þrettán viðmælendur, þar á meðal leiðsögumenn, ferðaskipuleggjendur og starfsfólk hótela og bílaleigna. Viðtölin voru tekin í gegnum síma eða fjarfundarkerfi (t.d. Teams og Skype) vorið og sumarið 2020. Viðmælendur voru spurðir um þeirra reynslu af því að taka á móti kínverskum ferðamönnum, hverjar helstu áskoranirnar hefðu verið og hvaða tækifæri þeir sæju í að taka á móti þessum markhópi. Helstu niðurstöður sýna að til þess að samskiptin gangi sem best fyrir sig þá sé mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar hafi grunnþekkingu á þeim menningarlega mun sem er á milli þjóðanna, til að mynda hvað varðar matarmenningu. Einnig er mikilvægt að kínversku ferðamennirnir fái greinagóðar upplýsingar um Ísland, t.a.m. um þá þjónustu sem í boði er, almennt verðlag á Íslandi, veðurskilyrði og vegakerfið.

Vera Vilhjálmsdóttir

# Algengi þunglyndis-og kvíðaraskana í faraldsfræðilegu ljósi: Yfirlit yfir stöðu þekkingar

Í erindinu er fjallað um stöðu þekkingar á algengi almennra geðraskana (e. Common Mental Health problems) út frá faraldsfræðilegum (eða lýðgrunduðum) rannsóknum. Með almennum geðröskunum er sérstaklega átt við þunglyndi og kvíða, þ.e. geðlægðarlotur, kvíðaraskanir s.s. félagsfælni, almenna kvíðaröskun, sértæka fælni, felmturs röskun, áráttu og þráhyggju, áfallastreituröskun og aðlögunarröskun. Með lýðgrunduðum rannsóknum (e. population-based studies) er átt við skimunar rannsóknir sem lagðar eru fyrir þýði eða hópa fólks burtséð frá því hvort fólkið hafi áður fengið klíníska þunglyndis-eða kvíðagreiningu frá lækni eða heilbrigðisstarfsmanni. Erlendar skimunarrannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á aukið algengi þunglyndis-og kvíðaeinkenna í flestum löndum heims og áætlar Alþjóðaheilbrigðis-málastofnunin (WHO) að einkennin séu ein megin orsök skertrar starfsgetu og/eða örorku í dag. Þá virðist vandinn vera útbreiddari í viðkvæmum hópumsamfélagsins, sérstaklega meðal efnaminna fólks og einstaklinga með takmarkaða menntun að baki. Á Íslandi er þróunin svipuð en opinberar tölur benda til aukinnar útbreiðslu þunglyndis-og kvíðaraskana ef litið er til örorku, aukinnar notkunar þunglyndislyfja og aukinna samskipta við heilsugæslu vegna geðrænna vandamála. Í erindinu verður farið yfir stöðu fræðilegrar þekkingar á viðfangsefninu og hún borin saman við opinbera tölfræði um geðheilbrigði. Markmiðið með samanburðinum er að leggja mat á það hvort–og að hvaða leyti –það sé samhljómur ámilli fræðilegra rannsókna á geðheilbrigði og opinberrar heilbrigðistölfræði.

Svandís Nína Jónsdóttir
Linda Bára Lýðsdóttir

# Áhætta brjóstastækkana: Upplýsingar á vefsíðum íslenskra lýtalækna fyrir markvissa ákvarðanatöku

Markmið rannsóknarinnar er að greina hvernig upplýsingar um áhættu eru settar fram á vefsíðum lækna sem framkvæma brjóstastækkanir. Stuðst var við orðræðgreiningu. Aðferðin felur í sér að orðaval og samhengi textans er greint. Leitast er við, á gagnrýnin hátt, að finna stef sem endurspegla félagslegan veruleika. Á tveimur vefsíðum af sex er ekki greint frá nokkurri áhættu. Á hinum vefsíðunum fjórum er áhætta við ólíkar aðferðir brjóstastækkunar sögð fela í sér minni eða meiri áhættu en aðrar aðferðir. Á öllum síðunum er talað um herpingu (þar sem bandvefur líkamans herpist í kringum púðann) sem eina helstu aukaverkunina. Ein vefsíða tilgreindi hlutfall helstu áhættuþátta. Almennt var orðalag upplýsinga ófullnægjandi fyrir markvissa ákvörðunartöku skjólstæðinga. Á vefsíðunum er áhættu lýst með huglægum samanburði; algengt, meira en, einstaka, nokkur eða örfáar. Slík huglæg lýsing skerðir möguleika skjólstæðinga til að meta áhættu af aðgerðum. Til samanburðar eru aukaverkanir lyfja gefnar upp á stöðluðu formi á fylgiseðli; koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum). Niðurstöðurnar benda til mikilvægi þess að greina hvernig læknar koma upplýsingum um áhættu á framfæri til núverandi og mögulegra skjólstæðinga. Sér í lagi þar sem sú aðferð sem verður fyrir valinu við brjóstastækkun er samstarf læknis og skjólstæðings hans.

Sigrún Ýr Eyjólfsdóttir
Stefán Hrafn Jónsson

# Þróun frestunar læknisþjónustu í samfélagshópum

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar til að athuga hvort notkun einstaklinga og hópa á heilbrigðisþjónustu sé í samræmi við þörf þeirra fyrir þjónustuna. Jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu er mikilvægt markmið félagslegra heilbrigðiskerfa eins og þess íslenska. Rannsóknin athugar þróun hópamunar á aðgengi að læknisþjónustu á Íslandi frá 1998 til 2015. Byggt er á þremur heilbrigðiskönnunum á landsvísu sem fóru fram árin 1998, 2006 og 2015. Þátttakendur voru Íslendingar, búsettir á Íslandi, á aldrinum 18-75 ára, sem valdir voru með slembiaðferð úr Þjóðskrá. Heimtur voru 69% árið 1998, en seinni tvö árin um 60%. Meðal annars var spurt um frestun læknisþjónustu sem þörf var fyrir síðastliðna 6 mánuði. Athugað var hvort þróun hópamunar á tímabnilinu var samsíða (parallel), samleitin (converging), sundurleit (diverging), eða misleit (variable). Munur á frestun læknisþjónustu eftir aldri minnkar yfir könnunarárin, en munur á frestun læknisþjónustu milli kynja og tekjuhópa, og milli langveikra og annara, eykst á síðasta könnunarárinu. Af einstökum hópum og árum reyndist vera mestur munur á frestun milli tekjuhópa árið 2015. Niðurstöðurnar leiða almennt í ljós töluverðan mun á frestun læknisþjónustu milli þeirra samfélagshópa sem teknir voru til skoðunar. Munurinn helst almennt stöðugur fram til ársins 2006, en eykst fram til 2015. Niðurstöður af þessu tagi eru mikilvægur grunnur undir stjórnvaldsaðgerðir til að bæta aðgengi einstaklinga og hópa að heilbrigðisþjónustunni.

Rúnar Vilhjálmsson

## Félagsmiðstöðvar sem fagvettvangur

Félagsmiðstöðvar hérlendis hafa lítt verið rannsakaðar sem fagvettvangur. Markmið þessar rannsóknar er að greina stöðu íslenskra félagsmiðstöðva sem fagvettvangs. Höfundur byggir greiningu sína á kenningum félagsfræðingsins Magali Sarfatti Larson, sem koma fram í líkani hennar Professional Project og fjalla um átta svið fagvettvangs og samspil þeirra. Líkan sem byggir á að fagvettvangur sé stöðugt ferli, í sífelldri þróun. Rannsóknarsnið byggir á aðferðum tilviksrannsókna að grunni til. Greining á aðstæðum, kerfi, umhverfi og þróun í sögulegu ljósi. Í þessu tilfelli með aðaláherslu á ferli og þróun. Framkvæmdin var flókin. Öflun gagna og heimilda var margþætt. Byggði á djúpviðtölum við fólk af vettvangi, opinberum gögnum s.s. lögum, samþykktum, reglum, stefnumótun, fundargerðum og fjárveitingum. Siðareglum, starfslýsingum, námsskrám og opinberri umfjöllun um félagsmiðstöðvar. Helstu niðurstöður eru þær að félagsmiðstöðvar, sem fagvettvangur, falla vel að flestum þáttum líkansins. Þó með þeirri undantekningu að eftir rúmlega sex áratuga starfsemi félagsmiðstöðva hérlendis þá eru skilgreiningar af hálfu ríkisins fyrir og um uppeldistarf af þessum toga ennþá verulega ábótavant. Hugtakið félagsmiðstöð kemur vart fyrir í lagatexta. Lög og reglugerðir eru ekki fyrir hendi. Mörg sveitarfélög hafa samþykkt sérstakar starfsskrár fyrir félagsmiðstöðvar til þess að berja í þá bresti sem eru af hálfu ríkisins.

Árni Guðmundsson

# „Það var erfitt að meta hvað virkaði“ – Félagsmiðstöðvastarf á tímum samkomubanns

Starfsemi félagsmiðstöðva fyrir börn og unglinga á Íslandi færðist að öllu eða mestöllu leyti í stafrænan búning nánast fyrirvaralaust í samkomubanni vegna COVID-19 vorið 2020. Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í starf félagsmiðstöðva í breyttu umhverfi samkomubannsins og kalla eftir sýn starfsfólks félagsmiðstöðva á starfsemina og eigin störf. Gagna var aflað með rýnihópaviðtölum meðal starfsfólks í félagsmiðstöðvum sem svaraði opnu kalli um þátttöku í rannsókninni. Helstu niðurstöður gefa vísbendingar um upplifun starfsfólks á félagsmiðstöðvastarfi í samkomubanni, eigin framlagi og mögulegri þróun félagsmiðstöðvastarfs í stafrænu umhverfi. Jafnframt gefa niðurstöður innsýn í orðræðu og áherslur í starfinu. Gildi rannsóknarinnar felst fyrst og fremst í kortlagningu á aðferðum og áherslum sem breytt starfsemi kallaði á og mögulegum áhrifum þeirra til framtíðar. Rannsóknin er jafnframt liður í að efla þekkingu á starfsemi félagsmiðstöðva á Íslandi og stuðla að þróun fagstarfs og fræða.

Eygló Rúnarsdóttir

# The Garden Project: Approaches to Youth Community Development and Placed-Based Education

Community development is seen as both a process (developing the ability to act collectively); and an outcome where the collective action leads to improvement in a community (i.e. physical, environmental, cultural, social, political, and economic). Youth community development focuses on the rights of youth to participate in a meaningful way in shaping their future and the future of their community. The goal of this research is to explore the connection of placed-based education, youth community development, and youth programs to help build community engagement and capacity; and uses the guiding research question: How can the creation of a community garden help with youth community development? Applying a qualitative research approach, reflection and group discussion was used to further understand from the perspective of the youth the outcomes of a garden project lead by a youth nature club located in Northwest Iceland. Findings show that overall the youth were surprised by how much they liked gardening and how easy it was to create a community garden. This study contributes to the discussion of youth community development more generally and focuses on place-based education as an approach to help build capacity and connection to nature through youth programs.

Jessica F. Aquino

# Tónlist sem tengir: Starf Stelpur rokka! í ljósi kenninga um samtvinnunar femínisma

Markmið erindisins er að gaumgæfa starf sjálfboðaliðareknu samtakanna Stelpur rokka! út frá kenningu Kimberlé Crenshaw um samtvinnunar femínisma (e. intersectional feminism) og kenningum tómstundafræðinnar um mikilvægi frítímans. Samtökin vinna að valdeflingu stúlkna, kynsegin og trans einstaklinga í gegnum tónlistarsköpun og leggja áherslu á að skapa öruggara rými fyrir jaðarsetta einstaklinga og hópa í sínu starfi. Rannsóknir sýna að  ungmenni sem sæta margþættri mismunun hafa setið eftir þegar kemur að aðgengi að fjölbreytilegum tómstundatækifærum. Því er mikilvægt að að frítímastarf taki markvisst til greina áhrif ólíkra bakgrunnsþátta í lífi ungs fólk,s s.s. kyn, kynhneigð, uppruna, fötlun og fjárhagsstöðu, sem kunna að ráða úrslitum um möguleika þeirra á aðgengi og upplifun af innihaldsríkri tómstundaiðju. Erindið byggir á starfendarannsókn þar sem höfundar hafa báðir starfað með Stelpur rokka! og hafa því mikilvæga innsýn inn í starfsaðferðir samtakanna. Þannig rýna höfundar í reynslu sína af starfinu út frá fræðunum og beina sérstakri athygli að því hvernig þar til hafi tekist að skapa öruggara rými, skilgreint sem dýnamísk ferli sem fela í sér bæði persónulega og pólitíska skuldbindingu af hálfu skipuleggjenda. Frumniðurstöður gefa til kynna að starf Stelpur rokka! geti gefið mikilvægt fordæmi um hvernig vinna megi að valdeflandi tómstundastarfi með fjölbreyttum þáttakendahópi.

Eyrún Ólöf Sigurðardóttir
Elísabet Sóldís Þorsteinsdóttir

# Regretting Motherhood: not "an impossible possibility"

The expectation that all women will at some point in their life desire children, become mothers, and enjoy the role of motherhood remains, for the most part, unchallenged. This presentation examines the forbidden territory of regret in motherhood. We posit that an unwillingness to explore regret as a possible emotion in motherhood skews reality. Moreover, we contend that alienating mothers who experience feelings of regret is harmful to all women, and people who can bear children, as it defies emotional logic; perpetuates mythical motherhood scenarios and robs women of critical information that might otherwise be helpful when making reproductive choices. Critical discourse analysis is applied to the preliminary results from eight semi-structured, qualitative interviews with women who have experienced regret in motherhood. From a feminist perspective, we explore contrary discourses to the fixed ideal that all women will accept and enjoy their role as mothers, thus transforming our understanding of the complex nature of motherhood and allowing a space for differing ideas and identities.

Margaret Anne Johnson
Gyða Margrét Pétursdóttir

## Hvað er svona femíniskt við það að þjást?: Notkun kvenna á mænurótardeyfingu í fæðingu

Það að fæða barn er ein sársaukafyllsta reynsla sem þekkist. Notkun mænurótardeyfinga fyrir fæðandi konur er algengasta og áhrifamesta leiðin til þess að milda þennan sársauka og er bæði almenn og algeng á Íslandi. Femínískir rannsakendur hafa margir skilgreint mænurótardeyfingar, auk annarra inngripa, sem hluta af sjúkdómsvæðingu fæðingarinnar, þar sem konur eru oft skilgreindar sem viljalaus verkfæri læknastéttarinnar eða hins sjúkdómsvædda heilbrigðiskerfis. Í þessari viðtalsrannsókn er leitast við að greina viðhorf og upplifanir íslenskra kvenna sem eiga von á sínu fyrsta barn til fæðingarinnar, sársauka í fæðingu og orðræðna um hið „náttúrulega" og hið „sjúkdómsvædda". Tekin voru 38 hálf-stöðluð viðtöl við óléttar konur og nýbakaðar mæður þar sem spurt var út í viðhorf til fæðingarinnar og undirbúning og upplifun af fæðingunni. Niðurstöður benda til þess að menningarlega og innan heilbrigðiskerfisins sé „náttúruleg" fæðing (án deyfinga) skilgreind sem eftirsóknarverð og jafnvel valdeflandi. Þrátt fyrir að viðmælendur séu meðvitaðar um hina ráðandi orðræðu, þá nýta þær sér flestar mænurótardeyfingu þegar þær fæða börn sín og lýsa deyfingunni sem dásamlegri og hjálplegri. Greining viðtala varpar ljósi á það hvernig líkami móður er agaður með orðræðu hins „náttúrulega" og hvernig konur upplifa og mótmæla þeim aga. Höfundar telja því mikilvægt að endurskoða með gagnrýnum hætti andstæðupörin náttúrlegt/sjúkdómsvætt þegar kemur að fæðingarreynslu. Grein með efni rannsóknar hefur verið birt í tímaritinu Feminism & Psychology.

Sunna Símonardóttir
Annadís Gréta Rudólfsdóttir

## „Ég var með stöðugt samviskubit yfir því hvort að ég væri í raun og veru góð móðir“: Áhrif nýfrjálshyggjuhugmynda á reynslu fatlaðra kvenna af formlegum og óformlegum stuðningi í móðurhlutverkinu

Í þessu erindi verður reynsla fatlaðra kvenna af formlegum og óformlegum stuðningi í móðurhlutverkinu skoðuð og hvernig normatívar hugmyndir um móðurhlutverkið og nýfrjálshyggjuhugmyndir hafa áhrif á hvernig fatlaðar mæður nýta sér aðstoð. Um er að ræða fyrstu niðurstöður doktorsrannsóknar en tekið var eitt rýnihópaviðtal og 12 hálfopin einstaklingsviðtöl við fatlaðar og langveikar mæður með ólíkar skerðingar. Gögnin voru greind með þemagreiningu Braun og Clarke. Niðurstöður sýna að þátttakendur í rannsókninni fá misvísandi skilaboð um hvort það að þiggja aðstoð geri þær að „slæmum“ eða „góðum“ mæðrum. Á sama tíma og sumum fötluðum mæðrum er ekki treyst í móðurhlutverkinu eru þær gjarnan smánaðar fyrir að óska eftir stuðningi. Þá er það reynsla þeirra að ríkjandi kynjahugmyndir um fatlaðar konur geri það að verkum að gengið er út frá að þær geti ekki bæði þegið aðstoð og annast börn sín samtímis. Sumum þátttakendum þykir erfitt að óska eftir aðstoð og óttast fordóma frá barnaverndarkerfinu og félagsþjónustu. Þær lýsa eftirsjá með að hafa ekki óskað eftir aðstoð til þess að geta notið móðurhlutverksins betur. Sumar mæðurnar höfðu upplifað forræðishyggju, stimplun og niðurlægingu frá þeim sem veittu aðstoð og lögðu því áherslu á að mikilvægur þáttur í valdeflingu þeirra væri að geta stýrt hver veitir aðstoðina og hvernig þær nýta hana sem fatlaðar mæður.

Freyja Haraldsdóttir
Annadís Gréta Rudólfsdóttir

## Glundroði einkenndi svefn, mataræði og atferli barnanna: Kynjuð orðræða um fjölskyldulíf á tímum heimsfaraldurs

Þessi rannsókn notar póststrúktúralískar kenningar til að greina þemu í orðræðum um fjölskyldulíf á tímum heimsfaraldurs. Skóla- og tómstundastarf barna var verulega skert vorið 2020 sem skapaði álag á útivinnandi foreldra. Rannsóknir sýna að kröfur til foreldra barna, einkum mæðra, hafa aukist gríðarlega í auðugum ríkjum heims og því er mikilvægt að skilja með hvaða hætti fólk skilur foreldrahlutverkið á tímum heimsfaraldurs og skerts skólastarfs. Sögulokaaðferð (e. story-completion method) var notuð til að afla gagna en alls söfnuðust 97 sögur. Gögnin voru þemagreind og skoðað hvaða orðræðum um foreldarhlutverkið og fjölskyldulíf þemun tengdust. Stærstur hluti þátttakenda voru háskólamenntaðar konur og því varpa niðurstöðurnar einkum ljósi á samfélagið út frá þeirra sjónarhorni. Þemun sýna átök á milli krafna foreldrahlutverksins og atvinnuþátttöku. Þessum átökum er einkum mætt á þrennan hátt: Með aga og jákvæðni, með mótspyrnu eða með uppgjöf. Þátttakendur ávörpuðu ólíka þátttöku mæðra og feðra í heimilishaldi meðal annars með því að láta heimfaraldurinn kenna karlrembum lexíu í húsverkum. Greinin birtist í tímaritinu Gender, Work and Organization.

Auður Magndís Auðardóttir
Annadís Gréta Rudólfsdóttir

## „Ég nenni ekki þessu ástandi en reyni að vera jákvæð, sérstaklega við manninn og börnin“ Tilfinningavinna á tímum Kórónaveirunnar

Nýlegar rannsóknir um verkaskiptingu á heimilum benda til þess að kynbundin verkaskipting hafi komið enn skýrar fram meðan á COVID-19 faraldurinn stóð sem hæst og aukið enn á ólaunaða vinnu kvenna. Rannsóknin byggir á dagbókarrannsókn sem framkvæmd var meðan kórónufaraldurinn stóð sem hæst hér á landi í mars og apríl. Markmið rannsóknarinnar var að skoða áhrif COVID-19 faraldursins á heimilislíf, heimilisstörf og umönnun barna, en alls tóku um 50 foreldrar þátt í rannsókninni. Hér verða kynntar niðurstöður sem byggja á opnum dagbókarfærslum tæplega 40 mæðra en ljóst er að skerðingar á leik- og grunnskólastarfi, lokanir framhaldsskóla, háskóla og vinnustaða, auk breytinga á starfsöryggi fólks höfðu víðtæk áhrif á daglegt líf þátttakenda. Mikill tími fór í að sinna heimanámi og hafa ofan af fyrir börnum á sama tíma og flestir þátttakendur þurftu að skila fullu vinnuframlagi að heiman. Mæðurnar voru þó staðráðnar að mæta þessum breyttu aðstæðum með jákvæðni og að láta hvergi bilbug á sér finna. Þær inntu af hendi tilfinningavinnu með því að passa upp á vellíðan annarra fjölskyldumeðlima og styðja þá andlega. Þær fela vanlíðan sína og stress til að gera ekki aðra fjölskyldumeðlimi áhyggjufulla, létta andrúmsloftið á heimilinu og róa fjölskylduna. Niðurstöðurnar verða settar í samhengi við skilgreiningar á tilfinningavinnu mæðra og hugræna byrði þeirra í heimilishaldinu.

Andrea Hjálmsdóttir
Valgerður Bjarnadóttir

## Managing flexible working in teams

The use of flexible working arrangements, that enable employees to control where, when and for how long they work, has been associated with various positive outcomes for individual employees. At the same time, such arrangements reduce the time employees spend face-to-face at the office (facetime) which has been shown to be key to collaboration. This study explores the impact of individual use of flexible working arrangements on collaboration within teams, connecting two streams of literature on teams and flexible working. Seven case studies were conducted in software development teams in three organisations in The Netherlands and Belgium. Findings suggest that the use of telework, part-time work and flexible working hours impact on collaboration within teams because of reduced passive facetime – passive co-presence of team members at the office. Passive facetime was interpreted as availability to others and an enabler to collaboration. A theoretical framework is put forth outlining six sets of contextual features that determine to what extent flexible working impacts on collaboration. These include skill differentiation in teams, task characteristics, temporal characteristics, structural characteristics, individual proactive behaviours and environmental characteristics. This study contributes to theory by outlining the importance of passive facetime in teams, by delineating how structural characteristics can provide teams with sufficient passive facetime and by presenting a framework that can provide guidance to managers implementing such practices in their organisations.

Þóra Þorgeirsdóttir
Clare Kelliher

# Hvernig ríma helstu einkenni góðrar stjórnunar við norrænan stjórnunarstíl? Dæmi frá forystukonum á Íslandi

Meginviðfangsefni þessa erindis er að fjalla um afstöðu og reynsluheim framúrskarandi íslenskra kvenstjórnenda til góðra stjórnunarhátta og bera saman við einkenni norrænar stjórnunar (s.s. opin samskipti, heiðarleika, valddreifingu, lýðræði, umhyggju, samkennd og lærdómshneigð); mikilvægt þema í nútímastjórnun og rekstri fyrirtækja á Norðurlöndum. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn á norrænum kvenleiðtogum. Rannsóknaraðferðin er eigindleg og voru tekin viðtöl við níu íslenskar konur sem eru æðstu stjórnendur í stórum fyrirtækjum og stofnunum. Viðmælendur voru valdir með tilliti til stjórnunarverðlauna og mats álitsgjafa um bestu íslensku kvenstjórnendurna. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að reynsluheimur þátttakenda rímaði við jákvæða þætti í einkennum norrænnar stjórnunar: a) Opin heiðarleg samskipti, traust og gagnsæi þar sem hlustað er á raddir starfsfólks, sem er mjög í anda leiðtogastíls á Norðurlöndum; b) umboð til athafna, valddreifing og fjölbreytileiki, nýta teymisvinnu og nýta hæfileika allra starfsmanna til eflingar einstaklings og fyrirtækis; c) jákvæðni og afslappað andrúmsloft; algengt þema í nútímastjórnun þar sem vinnustaðurinn er með léttan anda og húmor; d) samkennd, umhyggja og mannleg nálgun; vídd sem er einn af hornsteinum norrænnar stjórnunar þar sem horft er heildrænt á samfélagið og umhverfið og að lokum e) forvitni og lærdómshneigð sem viðurkennir breytingar sem sjálfsagðan óumflýjanlegan hlut. Í heildina rímaði mat íslensku viðmælendanna vel við helstu einkenni nútímastjórnunar sem og við marga þætti norrænnar stjórnunar.

Einar Svansson og Sigrún Lilja Einarsdóttir

# Nokkur einkenni slæmrar stjórnunar á Norðurlöndum, Upplifun forystukvenna á Íslandi

Meginviðfangsefni erindisins er að draga fram slæm einkenni stjórnunar. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn á norrænum kvenleiðtogum og skoðar reynsluheim framúrskarandi kvenstjórnenda. Rannsóknaraðferðin er eigindleg, tekin voru viðtöl við níu íslenskar konur sem eru æðstu stjórnendur í stórum fyrirtækjum og stofnunum á tímabilinu frá október 2019 – febrúar 2020. Viðmælendur voru valdir með tilliti til stjórnunarverðlauna. Niðurstöður benda til þess að kulnun sé ein orsök vondrar stjórnunar þar sem of miklu álagi og mikilli ábyrgð er ekki mætt með fyrirbyggjandi aðgerðum. Álag og streita geta leitt til verri samskipta og komið niður á árangri fyrirtækis ekki síst við erfiðar aðstæður. Niðurstöður gefa einnig til kynna að smámunastjórnun (e. micromanagement) hroki, þrjóska og íhaldsemi einkenni oft vonda stjórnun. Stjórnendur sem ekki viðhafa opna og óformlega stjórnun öðlast síður traust undirmanna. Einsleitni stjórnendahóps var talin hafa neikvæð áhrif á árangur. Skortur á sjálftrausti var nefnt sem orsök þess að velja stundum undirmenn sem eru vanhæfari en stjórnandi í stað þess að vera óhræddur við að velja sér hæfara fólk. Andstaða eða hræðsla við breytingar var einnig talin draga úr árangri til lengri tíma litið. Í heildina rímaði mat íslensku viðmælendanna vel við helstu einkenni slæmrar stjórnunar í fyrri rannsóknum. Ábending um kulnun sem áhrifaþátt er þó frekar ný í rannsóknum og verður skoðuð frekar í framhaldinu.

Sigrún Lilja Einarsdóttir
Einar Svansson

## Mannauðsstjórnun á Íslandi í norrænu og alþjóðlegu samhengi

Margt bendir til þess að mannauðsstjórnun á Norðurlöndum einkennist af meiri mýkt, samstarfi og jafnræði en víða annars staðar í heiminum. Það er gjarnan útskýrt með sterkum stéttarfélögum og vel þróuðu velferðarkerfi er leysi mörg erfið mannauðstengd úrlausnarefni er síður þurfi þá að leysa í einstökum fyrirtækjum - líkt og raunin geti verið í öðrum markaðssinnaðri hagkerfum. Það vekur spurningar um hvernig ákvarðanir eru teknar um laun og umbun en einnig hvort mannauðsstjórnun á Norðurlöndum njóti virðingar í formi þátttöku og stöðuvalds. Markmiðið er því að skoða hvernig ákvarðanir um laun sérfræðinga eru teknar og notkun breytilegra launa. Einnig eru skoðaðar vísbendingar um styrk og stöðu mannauðsstjórnunar á Norðurlöndunum og þar með talið á Íslandi. Niðurstöður eru settar í alþjóðlegt samhengi. Gagna var aflað meðal mannauðsstjóra í 994 skipulagsheildum í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð 2014-2016. Einnig eru notuð gögn frá 6.801 skipulagsheildum í alls 35 löndum til alþjóðlegs samanburðar. Niðurstöður benda til víðtækrar notkunar kjarasamninga á landsvísu á Norðurlöndunum en einnig einstaklingsbundinna launa. Breytileg laun eru minna notuð á Norðulöndum en alþjóðlega. Niðurstöður benda til sterkrar faglegrar stöðu mannauðsstjórnunar á Norðurlöndum og bæði þátttöku- og stöðuvalds. Helsta veikleikann hér á landi má rekja til þess að mannauðsdeildir eru þar síður skilgreindar en á öðrum Norðurlöndum en styrkleikinn felst í tilvist mannauðsstefnu og virkri aðkomu mannauðsstjóra að mótun viðskiptastefnu.

Arney Einarsdóttir

## Loftleiðir og norræna stjórnunarmódelið?

Flugfélagið Loftleiðir er merkilegt í loftferðasögu Íslendinga og einnig á heimsvísu. Saga Loftleiða einkennist af nýjungum bæði hvað varðar viðskipti og tækni ásamt frumkvæðni og frumleika. Það er mál sumra að Loftleiðir hafi verið fyrsta lággjalda-flugfélagið. Í þessarri grein munum við bera saman helstu þætti í sögu Loftleiða við „Norræna stjórnunarmódelið" og greina hvort það geti varpað ljósi á stjórnarhætti Loftleiða og framgang þess. Við þessa vinnu var stuðst bækur, kvikmyndir, fundargerðir og blaðagreinar. Við nánari athugun kom í ljós að margar ósam-ræmanlegar kenningar kenna sig við „Norræna stjórnunar-módelið". Til dæmis, þá má flokka flest afbrigðin undir afstæðis-hyggju (relativism) þar sem umhverfisaðstæður í viðkomandi löndum eru taldar fæða af sér sérstaka stjórnunarhætti. Færri höfundar skrifa undir merkjum gildishyggju (normativism) þar sem þeir telja að umhverfisaðstæður skipti minna máli. Niður-staðan var að norræna stjórnunarmódelið sé ennþá, í raun, samansafn af ólíkum hugmyndum sem hafa ekki sameiginlegan fræðilegan stofn, og sé ekki vel til þess falið að skýra stjórnunarhætti Loftleiða. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu var farið í að athuga hvernig stjórnarhættir Loftleiða passa við aðra stjórnunarkenningar. Niðurstaðan af því var að fleiri enn ein aðferð/kenning gat varpað ljósi á hina ýmsu þætti í ákvörðunartöku og rekstri Loftleiða. Sú kenning sem sýndi sig að hafa stærstan skýringarkraft hvað varðar stjórnunarhætti Loftleiða er kenningin um „félagsleg fjarlægð" (social distance).

Ingólfur Arnarson
Guðjón Ragnar Jónasson

## Frumkvöðlastarf kvenna um sköpun með tækni í skólastarfi

Hér verður sagt frá samsettri tilviksrannsókn á frumkvöðlastarfi sjö kvenna úr grasrót kennara, skólasafnskennara, kennsluráðgjafa og verkefnastjóra í upplýsingatækni. Konurnar eru áhugamenn um tækni í skólastarfi, starfa í nokkrum sveitarfélögum og búa að mikilli reynslu. Þær stofnuðu hóp til að kynna vinnubrögð og hugmyndafræði sköpunarsmiðja (e. makerspaces), greiða fyrir innleiðingu þeirra í starf grunnskóla og ýta undir vinnubrögð og færni sem þar tíðkast. Hópurinn hefur leitað þekkingar í öðrum löndum, aflað búnaðar og tæknikunnáttu, sett upp vef, beitt sér í samfélagsmiðlum, haldið kynningar fyrir breiðan hóp skólafólks og boðið upp á námskeið fyrir kennara. Konurnar hafa komið á fót sköpunarsmiðjum þar sem þær starfa og leitast við að virkja kennara og stjórnendur til samstarfs. Gögnum var safnað með hópviðtölum og einstaklingsviðtölum yfir þriggja ára tímabil ásamt athugunum á notkun samfélagsmiðla og þróunarstarfi á vettvangi. Rannsóknin beinist að því sem drífur konurnar áfram, gildum hópsins og atbeina kvennanna, tengslum innan hóps og utan, og þeim leiðum sem hafa verið farnar til að finna sköpunarsmiðjum stað í menningu og starfi grunnskóla. Breytt kennslufræði með áherslu á stafrænt læsi og sköpun með hjálp tækninnar mætir hindrunum en nýtur líka stuðnings stjórnenda, áhugasamra kennara og áhugahópa í samfélagsmiðlum. Konurnar hafa með samstilltu átaki og jafningjastuðningi eflt með sér vald, styrkt eigin athafnagetu, sigrast á áskorunum og tekið sér leiðtogahlutverk á nýju sviði tækninotkunar í skólastarfi.

Skúlína Hlíf Kjartansdóttir
Torfi Hjartarson og Svava Pétursdóttir

# Um það að nota Microsoft Teams til að stuðla að samvinnunámi í háskólakennslu

Í þessari kynningu verður gerð grein fyrir niðurstöðum starfendarannsóknar á notkun Microsoft Teams á háskólanámskeiðum. 2016 kynnti Microsoft hópvinnukerfð Teams. Í maí 2017 kom út sérstök skólaútgáfa þjónustunnar. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir tveggja ára rannsóknum á notkun MS-Teams við háskólakennslu árin 2018-2020. Teams var notað í níu námskeiðum við námsleiðina "Nám Fullorðinna" við Menntavísindasvið og tveimur námskeið við námsleið í Kennslufræði fyrir iðnmeistara. Markmið rannsóknarinnar var að kanna, hvort og hvernig kerfið stuðli að og styðji við samvinnu nemenda í námi. Grundvallarsjónarmið við val á kerfinu voru að velja kerfi sem nemendur muni geta nýtt sjálfir í starfi og kerfi sem er sérstaklega smíðað til að styðja við samvinnu fólks. Microsoft Teams uppfyllti bæði skilyrðin vel og lá vel við höggi þar sem aðgangur háskólans að kerfinu hafði einmitt opnast. Rannsóknin byggir á greiningu á samskiptum nemenda á námskeiðunum, sjálfsmati þeirra í lok námskeiða, dagbókarfærslum kennara og á könnunum sem voru lagðar fyrir nemendur á námskeiðunum. Niðurstöður leiddu í ljós að það tók suma nemendur nokkurn tíma að læra að rata um kerfið, en þegar því var náð þótti þeim allflestum kerfið styðja mjög vel við samvinnu sína við aðra nemendur og kennara. Ákveðnir þættir í kerfinu sjálfu þóttu stuðla að samvinnu nemenda, en markviss stuðningur í skipulagi námsins og í hegðun kennara þótti skipta sköpum.

Hróbjartur Árnason

# MOOC námskeið sem hluti af hefðbundnu háskólanámskeiði

Í þessu erindi er lýst því líkani að íslenskt háskólanámskeið með fjarkennslusniði felli inn erlent MOOC námskeið (Massive Open Online Course). Erindið byggir á starfendarannsókn höfundar þar sem erlent MOOC námskeið var fellt inn sem hluti af námskeiðinu Nám og kennsla á netinu á Menntavísindasviði. Þrír námshópar vorin 2018 (n=16),2019(n=13) og 2020 (n=14) tóku þátt í námskeiði með því sniði.Markmiðið var annars vegar að nemendur tækju þátt í MOOC starfsþróunarnámskeiði í anda hugsmíðahyggju þar sem þeir gætu hannað eigin námseiningar og hins vegar að mynda lítinn nemendahóp/nemendasamfélag á heimavelli sem fer saman í gegnum risastórt MOOC námskeið. Stuðningur var veittur við erlenda MOOC námskeiðið með skjáupptökum og netfundum-/netviðtalstímum og reynt að byggja upp námssamfélag. MOOC námskeiðið var námskeið um námskerfi og netnámskeið sem stóð í fjórar vikur og lauk með viðurkenningu um námsárangur. Þátttaka í MOOC námskeiði reyndist mikilvæg námsreynsla. Stuðningur auðveldaði nemendum að feta sig á stóru MOOC námskeiði sem gat í byrjun virst ruglandi og yfirþyrmandi. Nemendur skoðuðu fyrst og fremst námsefni á MOOC námskeiði og gerðu verkefni en tóku lítinn þátt í námssamfélagi þar. Nemendur tóku þátt í námssamfélagi á íslenska háskólanámskeiðinu.

Salvör Gissurardóttir

## Víkurgarður: um beinagrindur og borgarskipulag

Í miðborg Reykjavíkur lætur Víkurgarður, elsti kirkjugarður Reykvíkinga, lítið fyrir sér fara. Garðurinn hvíldi hljóður undir gangstéttarhellum og steinsteypu við Fógetagarðinn og skrifstofubyggingu sem áður hýsti Landssímann og Póst & síma. Þegar fyrir lá að ný hótelbygging yrði reist á hinum svokallaða Landssímareit var mótmælt kröftuglega og þess krafist að garðurinn yrði friðlýstur sem menningararfur og grafarró látinna ekki raskað. Í opinberri umræðu heyrðust einnig raddir sem spurðu m.a. hvort að miðborgin væri fyrir lifandi eða liðna. Fyrirlesturinn er hluti af yfirstandandi doktorsrannsókn í þjóðfræði þar sem fjallað er um lýðræðislega þátttöku í varðveislu menningararfs með áherslu á manngert umhverfi. Rannsóknin byggir á því að hugtakið menningararfur lýsi fyrst og fremst ferli merkingarmyndunar og þess vegna sé nauðsynlegt að veita fleiri sjónarmiðum athygli en aðeins sjónarhorni sérfræðinga. Í fyrirlestrinum verður fjallað um deilurnar um Víkurgarð og ljósi varpað orðræðu samfélagsins og þau ólíku sjónarmið sem vegast á í tengslum við borgarskipulag og menningararfsvörslu. Að auki eru löggjöf og stjórnvaldsákvarðanir skoðaðar til að greina möguleika og skort á möguleikum til þátttöku og áhrifa. Með djúpviðtölum við ólíka hagsmunaaðila dregur rannsóknin fram mismunandi sjónarmið sem vegast á þegar kemur að menningararfsvörslu í borgarumhverfi og hvort ferlar samfélagsins séu til þess fallnir að skapa lýðræðislegt samtal um menningararf.

Vilhelmína Jónsdóttir

## Lost in transmission?

In the present paper, I examine how the framing of the Faroese chain dance as „ICH ", with the purpose of „safeguarding" it affects the community of active dancers. As many countries are approaching „safeguarding of ICH" within the frame of the UNESCO 2003 convention, it has become clear that although the efforts come in a variety of forms, interventions can have unforeseen side effects. The aim of this study has been to explore potential tension between chain dance staged and performed as „intangible heritage "on the one hand and as perceived by active dancers as „individual experience" at the other hand. My fieldwork (2016-2019) includes qualitative interviews and participant observations with chain dancers, educational staff, and officials, along with analyses of media coverage of the dance. My findings indicate that even though many dancers see the support from official instances as crucial to the survival of their tradition, adapting to fixed perceptions of tradition as official heritage comes with challenges. I argue that the framing of the Faroese chain dance as „ICH" places the community of active dancers in a dilemma, as they strive to maintain their personal understanding of what form of the dance is important to safeguard, whilst attempting to embrace official bodies in the group of „legitimate heirs" of the dance.

Tóta Árnadóttir

## „Það ættu allir að vera eins og Ari“. Lestrarátakið Tími til að lesa undir smásjá

Lestur er oft sagður vera bestur og stjórnvöld hafa ítrekað reynt að auka lestur hjá börnum landsins. Eitt dæmi er lestrarátakið Tími til að lesa. Með vísun í hugmyndina um bókmenntaþjóðina og orðræðu sem fengin er að láni úr íþróttum vildu stjórnvöld „virkja keppnisskap þjóðarinnar“ til að setja heimsmet í lestri á tímum samkommubanns í apríl síðast liðnum. Í þessari rannsókn eru opinber heimsíða og Facebooksíða átaksins ásamt kynningum stjórnavalda á verkefninu greind með aðferðum gagnrýninnar orðræðugreiningar í þeim tilgangi að varpa ljós á opinbera orðræðu um lestur og lestrarmenningu. Niðurstöður sýna að þó að heimsmetstilraunin sé kynnt sem eitthvað skemmtilegt fyrir krakka á erfiðum tímum er hún líka tæki fyrir stjórnvöld til að reyna að uppfylla pólitísk lestrarmarkmið með foreldra sem verkfæri. Þetta var ekki aðeins gert með því að búa til mynd af lestri sem æskilegri hegðun heldur einnig sem hluta af íslenskri menningu. Einnig má segja að lestur hafi verið gerður að tákni fyrir heilbrigði á tímum sýkingar og því á ábyrgð allra ekki síst foreldra sem áttu að hvetja börnin sín til lesturs.Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni í þjóðfræði þar sem áherslur á lestur og lestrarmenningu í íslensku samfélagi eru teknar til skoðunar.

Anna Söderström

## „Við viljum leysa allt með tækni“: Mótun og innleiðing stefnu hjá upplýsingatækni stjórnendum

Rannsóknin varpar ljósi á innsýn og reynslu stjórnenda á sviði upplýsingatækni af mótun og innleiðingu stefnu. Einnig var gerð rannsókn á stjórnunarstíl viðmælenda. Rannsóknin var eigindleg með djúpviðtölum. Aðaláhersla rannsóknarinnar var á hvernig upplýsingatæknistjórnendur nálgast og sinna stefnumótun og hvernig niðurstöðurnar kallast á við fræðin um stefnumiðað starf. Stuðst var m.a. við kenningar Mintzbergs og Waters um átta nálganir í stefnumótun. Lýsing flestra viðmælenda kallaðist á við „regnhlífastefnu“ en einnig „ferlisstefnu“ og mátti finna dæmi um óskrifaða en „sameiginlega stefnu“. Þá var skoðað hvort nálgun stjórnendanna var í anda forskriftaraðferðar eða meira sjálfsprottin og þá í anda birtingaraðferðar. Nálgunin virtist frekar falla undir forskriftaraðferðina en þó mátti finna einkenni birtingaraðferðar. Innleiðing stefnu var skoðuð með hliðsjón af átta skrefum Kotters og virtist hún áskorun. Þó viðmælendurnir gerðu sér grein fyrir mikilvægi mannauðsins virtust þeir horfa frekar til tæknilegra breytinga en menningarbreytinga. Rannsóknin á stjórnunarstíl byggði á sjálfsmati viðmælenda út frá sjálfsmatsaðferð Mintzbergs. Einnig voru lýsingar viðmælenda settar í samhengi við fræði um leiðtogahlutverkið í nýlegum kenningum um þjónandi leiðtoga, teymisleiðtoga og aðlögunarforystu. Niðurstöður sýndu að stjórnunarstíllinn er mismunandi og ekki hægt að alhæfa út frá svo fáum dæmum.

Ragnheiður Birna Björnsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

# Sjávarútvegsklasi Vestfjarða: Tækifæri til nýsköpunar í fámennum og dreifðum byggðum

Nýsköpun gegnir veigamiklu hlutverki í baráttunni við áskoranir framtíðarinnar og er lykilinn að samkeppnishæfni fyrirtækja og þjóða. Nýsköpun vísar ekki einungis til tækniþróunar og uppbyggingar nýrra atvinnugreina heldur er hún líka er forsenda samkeppnishæfni rótgróinna atvinnugreina. Klasasamstarf er talið einkar árangursrík leið til að fóstra nýsköpun og stuðla að efnahagslegri velgengi svæða. Aðalmarkmið rannsóknarinnar sem hér er greint frá var að skoða Sjávarútvegsklasa Vestfjarða út frá kenningum um samkeppnishæfni og klasa með það fyrir augum að rannsaka hvernig þær hafa verið að nýtast á jafn fámennu og dreifðu svæði eins og Vestfirðir eru. Við rannsóknina var beitt raundæmisrannsókn þar sem tekin voru viðtöl við forsvarsmenn Sjávarútvegsklasans og var fyrirliggjandi gögnum safnað sem lýsa samfélagi og atvinnulífi á Vestfjörðum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að aðferðir klasafræða hafa reynst gagnlegar á svæði eins og Vestfjörðum. Það fylgja því ákveðnar áskoranir að starfrækja klasaframtak á svo fámennu svæði. Niðurstöðurnar leiddu líka í ljós áhugaverð dæmi um ávinning af klasasamstarfi á Vest¬fjörðum. Klasasamstarfið hefur styrkt samstarf og tengslanet fyrirtækjanna á svæðinu. Fyrirtækin hafa ráðist í ýmis samstarfsverkefni og þannig ýtt undir nýsköpun á svæðinu. Sjávarútvegsklasinn hefur alla burði til að vera blómlegur vettvangur nýsköpunar á Vestfjörðum, og klasinn hefur marga grunnþætti í sinni starfsemi sem styður við nýsköpun eins og traust, flæði upplýsinga, samstarf og tengslanet ásamt þekkingu og reynslu af sjávarútvegi.

Arna Lára Jónsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

## Samkeppnishæfni hestaferðaþjónustu á Íslandi

Vöxtur ferðaþjónustu hérlendis á undanförnum árum hefur leitt til mikillar eftirspurnar eftir afþreyingu úti í náttúrunni. Stuttar og langar hestaferðir byggja á samspili gesta, gestgjafa, hesta og náttúru. Samkeppni er vaxandi bæði í hestaferðaþjónustu og við annarskonar afþreyingu. Því er mikilvægt að huga að samkeppnishæfni greinarinnar, ekki síst í ljósi núverandi aðstæðna í ferðaþjónustu vegna COVID-19 faraldursins. Í rannsókn á samkeppnishæfni hestaferðaþjónustu á Íslandi var beitt blönduðum rannsóknaraðferðum. Tekin voru viðtöl við rekstraraðila, vefsíður rýndar með megindlegri innihalds-greiningu ofl. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að ákveðnir lykilþættir í innra og ytra umhverfi hestaferðaþjónustu hafi afgerandi áhrif á samkeppnishæfni hennar. Tengdar atvinnugreinar s.s. hestamennska og ferðaþjónusta gegna veigamiklu hlutverki. Ytra umhverfi greinarinnar felur í sér mikilvæga þætti sem lúta að opinberu umhverfi s.s. varðandi laga- og skattalega umgjörð, menntun og rannsóknir. Auðlindir sem greinin nýtir eru einnig forsenda starfseminnar og frekari framþróunar. Eru það t.d. íslenski hesturinn, náttúra, menning og saga, aðgengi að graslendi, reiðleiðum og hæfu starfsfólki. Síðast en ekki síst byggir samkeppnishæfni greinarinnar á innri þáttum þar sem greinin og fyrirtækin innan hennar þurfa að huga að stefnumótun, samstarfi, nýsköpun, sérhæfingu, markaðsmálum, þróun þjónustu og eflingu öryggismála.

Ingibjörg Sigurðardóttir

## Klasar – bók um klasa

Fyrirtæki hafa mikilvægu hlutverki að gegna varðandi verðmætasköpun og hagsæld í samfélaginu. Til að ná árangri verða fyrirtæki að nýta sem best þær auðlindir sem eru til ráðstöfunar hverju sinni og standast samkeppni við önnur fyrirtæki um að veita þjónustu og skila ávinningi til viðskiptavina. Fyrirtækið er hins vegar ekki eyland, það er samhengi í sjálfu sér sem aftur er hluti af stærra og enn flóknara samhengi. Fyrirtæki teljast til atvinnugreina, klasa, svæðis og til ákveðinnar þjóðar. Klasar og klasatengt starf er lykilatriði því virkir klasar ýta mjög undir samkeppnishæfni svæða og þjóða. Í þessu erindi er fókus á klasa og málefni tengd þeim.Tilefnið er ný bók með efni frá höfundi; Klasar – bók um klasa sem gefin var út af Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Klasasetur Íslands á árinu 2020. Bókin hefur að geyma sjö greinar sem hafa birst í Ársriti um klasa á tímabilinu 2015-2019. Auk yfirlitsgreinar sem ber titilinn: Klasar og samkeppnishæfni, er að finna sjö greinar í ritinu. Þær eru: 1) Samkeppnishæfni þjóða og milliaðilar; 2) Klasakort – verkfæri við kortlagningu klasa; 3) Klasaframtök og klasamiðstöðvar sem aflvakar innan klasa; 4) Klasar, klasaframtök og klasastjórnun; 5) Stefna og samkeppnishæfni með hliðsjón af kenningum M.E. Porters; 6) Stefna – forskrifuð, sjálfsprottin eða samtvinnuð nálgun; og 7) Spurningar um stefnu og stefnumótun fyrirtækja. Bókin, Klasar – bók um klasa, kom út í mars á árinu 2020 og hún hefur ekki verið kynnt opinberlega fyrr en nú. Í erindinu er einkum byggt á yfirlitsgrein bókarinnar.

Runólfur Smári Steinþórsson

## Fólk með þroskahömlun á íslenskum vinnumarkaði: viðhorf til starfshæfni

Í fyrirlestrinum verður fyrst vikið að rannsóknarverkefni sem er undirstaða málstofunnar. Um samstarfsverkefni milli Háskóla Íslands og fjögurra háskóla í Noregi er að ræða og ber verkefnið heitið „Rethinking work inclusion for people with intellectual disabilities". Rannsóknin er þríþætt. Hún samanstendur af megindlegri gagnaöflun um sjónarmið vinnuveitenda á atvinnu án aðgreiningar, eigindlegri gagnaöflun um atvinnu með stuðningi, og eigindlegri gagnaöflun um hæfni fólks með þroskahömlun. Hér verður kynntur þriðji þáttur rannsóknarinnar. Markmiðið er að varpa ljósi á það hvernig vinnuveitendur á almennum vinnumarkaði meta hæfni fólks með þroskahömlun og hvernig þeir veita fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að efla og/eða öðlast nýja hæfni. Með því viljum við skilja betur hvernig viðhorf vinnuveitenda til hæfni geta stuðlað að eða dregið úr tækifærum fólks með þroskahömlun á almennum vinnumarkaði. Notast var við eigindlegar rannsóknaraðferðir og gögnum var safnað með hálf opnum viðtölum við 18 vinnuveitendur. Gögnin voru síðan greind með aðferðafræði grundaðrar kenningar í anda Charmaz. Fyrstu niðurstöður benda til þess að vinnuveitendur gera oft óáþreifanlegar kröfur um hæfni starfsmanna, t.d. út frá viðteknum hugmyndum um samskiptahæfni og jákvæðni. Menntunarkröfur eru algengar þegar rætt er um sérhæfð störf og stjórnendastörf en ekki alltaf nauðsynlegar í almennum störfum t.d. framleiðslustörfum innan fyrirtækja. Eðli starfa og viðhorf stjórnenda virðast hafa áhrif á tækifæri sem standa fólki með þroskahömlun til boða.

Bryndís Guðmundsdóttir
Sandra Halldórsdóttir
Stefan C. Hardonk

## Hvernig stuðlar ‚atvinna með stuðningi' að atvinnu án aðgreiningar fyrir fatlað fólk? Rannsókn um sjónarmið ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Þó íslensk yfirvöld stefna að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðs fólks, sýnir tölfræði að þessi hópur fær ekki tækifæri til jafns við aðra á vinnumarkaðnum. Það vekur spurningar um það hvort stuðningsúrræði á vinnumarkaðnum séu áhrifarík, t.d. ‚Atvinna með stuðningi' (AMS) (e. ‚Supported employment') sem er helsta úrræði fyrir fatlað fólk á Íslandi til að fá aðstoð við atvinnuleit. Til þess að skilja ahrif AMS er mikilvægt að fá innsýn í það hvort úrræðið stuðlar að atvinnu án aðgreiningar (e. ‚inclusion'). Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á sjónarmið ráðgjafa AMS með áherslu á hvernig þau lýsa hlutverki sínu sem og hlutverkum skjólstæðinga þeirra og vinnuveitenda. Rannsóknin byggir á hálfopnum viðtölum við 10 ráðgjafa AMS þar sem spurt var um reynslu þeirra og sjónarmið á framvæmd stuðnings. Gagnagreining var framkvæmd í anda grundaðrar kenningar. Niðurstöður benda til þess að ólík sjónarmið eru meðal þátttakenda á þýðingu ‚atvinnu án aðgreiningar' og hvernig AMS geti stuðlað að því. Flestir gera ráð fyrir að þátttaka í starfi leiði sjálfkrafa til atvinnu án aðgreiningar. Áhersla er lögð á mikilvægi einstaklingsbundins stuðnings þótt það þýði ekki að alltaf sé unnið út frá óskum skjólstæðinga. Þátttakendur töluðu um hversu erfitt þeim finnst að takast á við fordóma vinnuveitenda í garð fatlaðs fólks. Að lokum töldu þeir að tímaskortur til að sinna eftirfylgni skjólstæðinga á vinnustaðnum takmarki áhrif úrræðisins.

Sandra Halldórsdóttir
Stefan C. Hardonk

## „Þetta er bara það sem var í boði“ Um aðgreinda vinnustaði fyrir fatlað fólk

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvernig inngilding (e. inclusion) fatlaðs fólks á almennan vinnumarkað birtist á aðgreindum vinnustöðum fyrir fatlað fólk á Íslandi. Til viðmiðunar var Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafður til hliðsjónar og þá sérstaklega 27. gr. samningsins um rétt fatlaðs fólks til vinnu og starfs. Áhersla var lögð á stöðu fatlaðs fólks á aðgreindum vinnustöðum til að fá innsýn í þá þætti sem koma í veg fyrir tilfærslu þeirra yfir á almennan vinnustað. Rannsóknin var unnin með eigindlegum aðferðum. Tekin voru 7 opin viðtöl, þar af fjögur við fatlaða einstaklinga og þrjá forstöðumenn á aðgreindum vinnustöðum. Niðurstöðurnar sýna að fatlaðir viðmælendur upplifa stöðu sína á aðgreindum vinnustöðum sem ákveðna útilokun (e. exclusion) frá almenna vinnumarkaðnum. Ýmislegt í niðurstöðum gefur enn fremur til kynna að þrátt fyrir að um vinnustaði fatlaðs fólks hafi verið að ræða falli vinnustaðirnir ekki undir almenna skilgreiningu um hvað telst vera atvinna. Frásagnir forstöðumanna benda til þess að almennt sé búið að flokka þá sem komast á almenna vinnumarkaðinn út frá getu og hæfni. Inngilding fatlaðs fólks á almenna vinnumarkaðinn virðist því eiga að mestu leyti við hjá þeim einstaklingum sem uppfylla fyrirfram ákveðnar kröfur. Af svörum þátttakendanna að dæma þá skortir tækifæri til að þróast og mótast í starfi innan sem utan aðgreindra vinnustaða.

Álfheiður Hafsteinsdóttir

## Hafa félagsleg samskipti áhrif á sjálfsmynd döff fólks í fámennu samfélagi heyrnarlausra á Íslandi?

Lítið er vitað um sjálfskilning og félagsleg samskipti döff fólks á Íslandi. Döff einstaklingar eru heyrnarlausir sem nota táknmál sem fyrsta móðurmál til samskipta. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvernig döff einstaklingar á Íslandi upplifa félagsleg samskipti við döff og heyrendur og áhrif slíkra samskipta á sjálfsmynd þeirra. Nauðsynlegt var að skoða samskiptin frá sjónarhóli döff fólks til að kynnast upplifun þess og reynslu. Þátttakendur í rannsókninni voru sex heyrnarlausir, þrír karlar og þrjár konur á svipuðum aldri sem tilheyra öll samfélagi heyrnarlausra og líta á sig sem döff. Við rannsóknina, sem var unnin á árunum 2016–2020, var beitt eigindlegum rannsóknaraðferðum. Gagnasöfnun fór fram með viðtölum þar sem rætt var um reynslu þeirra. Gagnagreining byggir á aðferðum fyrirbærafræði. Niðurstöður hennar benda til þess að döff fólk hér á landi nái ekki að hafa nægjanleg félagsleg samskipti á táknmáli og að það hafi mikil áhrif á sjálfsmynd þeirra. Döff samfélagið er fámennt og táknmálskunnáttu heyrandi er almennt ábótavant, sem setur samskiptum þröngar skorður. Döff fólk og samfélag heyrnarlausra standa líka frammi fyrir miklum breytingum. Með auknum kuðungsígræðslum fækkar þeim sem reiða sig eingöngu á táknmál og döff samfélagið minnkar. Að auki hafa ýmsar aðrar tæknibreytingar áhrif á framtíð þeirra og sjálfsmynd. Bregðast þarf við þessu til að tryggja lífsgæði döff fólks hér á landi til dæmis með stóraukinni táknmálskunnáttu almennings.

Kristinn Diego

## Upplifun feðra sem beitt hafa ofbeldi í nánu sambandi: sjálfsvinna, uppeldi og ábyrgð

Í kjölfar rannsókna á erlendum og innlendum vettvangi á upplifun brotaþola hefur áhugi farið vaxandi á að kortleggja einnig upplifanir þeirra sem beitt hafa ofbeldi í nánum samböndum. Það á ekki síst við innan rannsókna um karlmennsku (e. Masculinity studies) þar sem mikil gróska hefur verið undanfarna áratugi. Ofbeldi í nánum samböndum er kynbundið vandamál þó að ljóst sé að öll kyn bæði beita og verða fyrir ofbeldi í nánum samböndum. Enn er þörf á að bæta við þekkingu og rannsóknum og hefur í því samhengi verið bent á að skoða verði upplifun feðra sérstaklega. Í erindinu er gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum úr viðtalshluta doktorsverkefnis sem hefur það að markmiði að fá innsýn í upplifunum feðra sem beitt hafa ofbeldi í nánu sambandi. Niðurstöðurnar byggja á sjö viðtölum, sem tekin voru haustið 2019 og sumarið 2020, við feður sem beitt hafa ofbeldi í nánu sambandi. Upplifun þeirra er sett í samhengi við femínískar kenningar undir áhrifum póst-strúktúralisma og karlmennsku fræða. Frásagnaraðferð (e. Narrative approach) var notuð til að greina reynslu viðmælenda af föðurhlutverkinu, sjálfsmynd og sjálfsvinnu. Niðurstöðurnar benda til þess að nauðsynlegt sé að fá innsýn í upplifun feðra sem beitt hafa ofbeldi til þess að unnt sé að fá heildstæðari mynd af ofbeldi í nánum samböndum og vinna að árangursríkum forvörnum og meðferðarúrræðum.

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir

# „Ég er kannski ekki merkilegur, en ég er allavegana góður gaur“. Um karlmenn sem beita ofbeldi í nánum samböndum og áhrif skammarinnar á mótun sjálfsins.

Skömmin er flókin tilfinning en hún er álitin grundvallar-tilfinning í öllu ofbeldi. Markmið þessa erindis er að varpa ljósi á þátt skammarinnar í ofbeldi í nánum samböndum út frá sjónarhóli þeirra sem ofbeldinu beita, en mikilvægt er að leggja skömmina til grundvallar ef auka á skilning á ofbeldi í nánum samböndum. Ofbeldi karla í garð kvenna í nánum samböndum stríðir gegn jafnréttishugsjón samfélags okkar sem og viður-kenndri hegðun í samböndum. Karlmenn sem uppvísir verða að slíku ofbeldi verða að einskonar föllnu viðfangi karl-mennskunnar, "vondir gæjar", sem gerir það erfitt fyrir einstak-linginn að horfast í augu við ofbeldisfulla hegðun sína. Erindið byggir á átta viðtölum við karlmenn sem beitt hafa ofbeldi í nánum samböndum og eru hluti af doktorsverkefni um sama efni. Viðtölin verða rýnd út frá hugmyndafræði hrifkenninga (e. affect theory) en sjónum verður beint að skömminni eins og hún birtist okkur í frásögnum þessara einstaklinga. Hvaða áhrif hefur skömmin á mótun sjálfsmyndarinnar? Hvernig er skömmin sem félagslegt og menningarlegt fyrirbæri meðtekin og skilin í sam-tímalegu samhengi? Niðurstöður benda til þess að áhrif skammarinnar á mótun sjálfsins tengist eðli ofbeldisins sem framið var og ólíkum tenglsum einstaklingsins við orðræðu jafnréttis. Skömm viðmælenda er djúpstæð og gefur til kynna mikla krísu sjálfsins við úrvinnslu ofbeldisins. Aukinn skilningur á tengslum skammarinnar og ofbeldis karla gegn konum er þannig mikilvægur þáttur í baráttunni gegn ofbeldi í nánum samböndum.

Katrín Ólafsdóttir

# Andspyrna karla og drengja gegn aktívisma á samfélagsmiðlum

Kynferðisofbeldi og áreitni karla gegn konum og stúlkum er algengt í íslensku samfélagi. Instagramsíðan Fávitar var stofnuð árið 2016 með það að markmiði að varpa ljósi á hversu algengt það er að ungar stúlkur á samfélagsmiðlum fái óumbeðnar kynfæramyndir eða kynferðislýsingar sendar til sín frá körlum og drengjum. Slíkt ofbeldi er ekki hægt að einstaklingsgera, heldur er það birtingarmynd á kerfislægu fyrirbæri sem samrýmist fræðikenningum um kynjakerfið. Karlar vörpuðu ljósi á það hvernig sama kynjakerfi takmarkar frelsi og lífsgæði þeirra í frásögnum undir myllumerkinu #karlmennskan á Twitter í mars 2018. Þar var ráðandi íhaldssömum karlmennskuhugmyndum kynjakerfisins mótmælt og í kjölfarið var samfélagsmiðilinn Karlmennskan stofnaður, en miðillinn var hugsaður sem grasrótarátak sem hefði það að markmiði að halda áfram að hreyfa við slíkum hugmyndum. Í erindinu dregur umsjónarfólk samfélagsmiðlanna Fávitar og Karlmennskan saman þá andspyrnu sem þau hafa greint í fjölda athugasemda og skilaboðum sem þeim hafa borist þegar þau hafa gagnrýnt afleiðingar eða birtingarmyndir kynjakerfisins. Í gegnum þá samantekt gefst færi á að draga fram þau umræðuefni sem helst vekja upp sterka andspyrnu en þetta er jafnframt mikilvægt tækifæri til þess að ræða niðurstöður þeirra í samhengi við rannsóknir á karlmennsku og ofbeldi.

Sólborg Guðbrandsdóttir
Þorsteinn V. Einarsson

# What can we learn from previous generations? Álftaver's experience of the 1918 Katla eruption

Residents in Álftaver are very familiar with the 1918 Katla eruption, which caused rapid large-scale flooding of the area. Descriptions of the 1918 events, passed down by older generations, have become an important part of the collective memory. As a future eruption of Katla may impact Álftaver, emergency response plans were developed, and in March 2006 evacuation plans were tested in a full-scale exercise involving residents and emergency response groups. But Álftaver residents questioned the original plans and were reluctant to follow evacuation orders during the exercise, as they felt their knowledge and the experience of their relatives during the 1918 Katla eruption, had not been taken into consideration. This paper provides a vivid account, including detailed maps, of what people experienced and felt during the 1918 Katla eruption. It also considers how these experiences influence current-day perceptions and the impact this may have on behaviour in relation to emergency response strategies. In doing so, the paper aims to improve understanding, from a societal point of view, the nature of eruptions and their associated hazards, and consider how inherited, experiential knowledge might prove useful in the organisation of emergency response strategies and implementation of evacuation plans for a potential Katla eruption.

Guðrún Gísladóttir
Deanne Bird
Emmanuel Pagneux

# Residents' perceptions of social support networks when responding to and recovering from the 2010 eruption of Eyjafjallajökull

Many settlements in Iceland are located near active volcanic systems. Although fatalities are rare, volcanic eruptions can have severe consequences. Localized social support networks, providing emotional, informational and tangible support, are crucial for communities dealing with the impact of eruptions. This study examined how residents living in the vicinity of Eyjafjallajökull experienced the 2010 eruption, the challenges they faced and their perception of social support networks. The research approach was qualitative, focusing on the source of their challenges and how the social support networks enabled residents' response and recovery. The data was drawn from in-depth interviews of families living near Eyjafjallajökull, as well as from public documents. The unanticipated impact of the volcanic ash raised multiple concerns among residents and caused challenges that exceeded their ability to manage. However, strong social support from primary group members and local emergency workers was a key factor in optimizing response and recovery efforts. This research aims to enhance our understanding of the relations between social support networks and disaster mitigation. The paper outlines recommendations on how the social support networks can be better supported to render the recovery phase more efficient and reduce the impact of natural hazards on the population of Iceland.

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir
Guðrún Gísladóttir
Guðrún Pétursdóttir og Deanna K. Bird

## Sustainable food production and land use planning

Rich literature exists on food systems and urban planning, yet less is known about food system and rural planning and further more on the connection between rural planning, agricultural policies and food production. A qualitative systematic literature review is being conducted with focus on the following: 1) Sustainable rural development and land use, with focus on how it relates to agriculture, the characteristics of the land use, elements and effectiveness of agricultural policies, and type of food production. 2) Planning for sustainable rural development and land use, with focus on land use policies, integration with agricultural policies and guidelines on food production. 3) Sustainable food systems, with focus on the agricultural part of the system, the characteristics of its land use and agricultural policies, and the type of food production. 4) Planning for sustainable food system, with focus on land use policies, integration with agricultural policies and guidelines on food production.Moreover, the review illuminates how the balance between the pillars of sustainability; economy, environment and equity, is represented in literature. The study is conducted with special attention on relevance to Icelandic circumstances.All documents are coded using the Atlas.ti software that further eases synergy analysis of subjects and fields.

Salvör Jónsdóttir
Guðrún Gísladóttir

# „Við erum almannaþjónar" Reynsla stjórnenda sveitarfélaga af þjónandi forystu

Skipulag, stjórnun og forysta sveitarfélaga miðar að því að tryggja velferð íbúa og styðja starfsfólk sveitarfélaga í að vinna að því marki. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að starfsánægja og góð þjónusta sveitarfélaga tengist uppbyggilegum samskiptum og styðjandi stjórnun og forystu. Einnig hefur verið sýnt að þjónandi forystu henti vel til að styðja við valdeflingu og samfélagslega ábyrgð sem síðan tengist góðri líðan íbúa, samstarfi og ánægju í starfi.  Fyrir liggja fáar rannsóknirum þjónandi forystu á vettvangi sveitarfélaga en þær sem til eru sýna að hugmyndafræðin hefur jákvæð áhrif á ánægju starfsfólks og árangur í starfi. Tilgangur rannsóknarinnar er auka skilning á þjónandi forystu í sveitarfélögum miðað við reynslu stjórnenda sem hafa reynslu af hagnýtingu þjónandi forystu til efla velferð íbúa og starfsfólks. Tekin voru viðtöl við ellefu stjórnendur í níu sveitarfélögum og þau greind með eigindlegri aðferð. Í ljós komu þrjú þemu sem lýsa reynslu og viðhorfum þátttakenda: 1) Við erum almannaþjónar, 2) Opnara samtal fyrir velferð og áhrif íbúa og 3) Traust og ábyrgð svo að starfsfólk blómstri og nái árangri. Niðurstöður sýna að þátttakendur telja þjónandi forystu gagnlega í sveitarfélögum til að tryggja velferð íbúa og til að bæta ánægju starfsfólks í starfi einkum með því að líta á starfið sem þjónustu, tryggja opin samskipti og að hlutverk og ábyrgð séu skýr.

Sigrún Gunnarsdóttir

# Hvað vitum við um helgun í starfi og tengsl við áhrifaþætti svo sem sálfélagslegan stuðning næsta yfirmanns? Fræðileg heimildagreining.

The aim of this study is to review research-based literature on the phenomenon work engagement and the relationship with antecedents of work engagement and employees' well-being at work and organisational benefits. The objective is to prepare the theoretical framework and originality of a new study. A systematic literature review included 12 selected articles. Most scholars agree that work engagement is characterized by a high level of energy and strong identification with one's work. Prior research have provided empirical evidence on the relationship between work engagement and positive work-related outcomes, for example job satisfaction, less negative job stress and positive organizational benefits such as customer loyalty, high job performance and low employee turnover (intention). Several studies confirm a positive relationship between social support and employees' engagement at work. Workplace social support refers to employees' interaction and relationship with supervisors and co-workers. However, further research is needed to enhance knowledge and understanding of supervisory support, where one key feature is active-empathetic listening, and how this is associated with the dimensions of work engagement (vigor, dedication and absorption).

Inga Jóna Jónsdóttir

## „Þetta er allt mannanna verk“: Upplifun stjórnenda á áhrifum jafnlaunavottunar á kjaraumhverfi

Markmið rannsóknarinnar var að fá frekari innsýn í upplifun og reynslu stjórnenda á áhrifum jafnlaunavottunar á kjaraumhverfi. Jafnlaunavottun var lögfest árið 2017 en tilgangurinn var að stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og draga úr kynbundnum launamun. Málsmeðferð launamála og ákvarðanir um laun skyldu grundvallast á málefnalegum sjónarmiðum án þess að fela í sér kynbundna mismunun. Rannsóknin var unnin eftir aðferðum eigindlegrar aðferðarfræði og voru tekin viðtöl við átta kvenstjórnendur og tvo karlstjórnendur sem störfuðu á vinnustöðum þar sem jafnlaunavottun hafði verið innleidd. Þrjú þemu birtust upp úr gögnunum: „Aukið skrifræði og kerfisvæðing“, „tilfærsla ákvörðunarvalds“ og „tálsýn“. Helstu niðurstöður benda til þess að þrátt fyrir skýran tilgang og markmið með lagasetningu jafnlaunavottunar eru áhrif hennar á kjaraumhverfi önnur og víðtækari. Jafnframt komu í ljós ákveðnir þættir sem geta gert það að verkum að kynbundinn launamunur geti verið til staðar þrátt fyrir að skilyrði til jafnlaunavottunar séu uppfyllt. Niðurstöður leiddu einnig í ljós mikilvægi þess að aðilar á vinnumarkaði séu upplýstir um þær vísbendingar sem gefa til kynna hvaða áhrif jafnlaunavottunin er að hafa og nýti snemmtæk inngrip telji þeir ástæðu til. Fleiri rannsókna er þörf til að fá frekari innsýn í viðhorf og upplifun stjórnenda sem og starfsfólks.

Gerða Björg Hafsteinsdóttir
Erla S. Kristjánsdóttir
Þóra H. Christiansen

# „Á réttum aldri“ Framgangur eldri starfsmanna í stjórnunar- og fræðslustörfum

Fáar rannsóknir eru til um mögulega aldursfordóma á íslenskum vinnumarkaði. Í ljósi þess að íslenskur vinnumarkaður einkennist af sífellt lengri atvinnuþátttöku er mikilvægt að rannsaka reynslu eldri starfsmanna af því að eldast og fá framgang í starfi. Markmið með þessari rannsókn er að skoða hvort og hvenær starfsmenn í stjórnunar- og fræðslustörfum byrja að upplifa að aldur sé fyrirstaða. Sérstaklega verður litið til áhrifa stjórnenda í að styðja við jafnrétti á vinnustað. Niðurstaðan er spegluð í ímynd um ákveðin aldursskeið, einkum eins og hún birtist í opinberri umræðu og aldurstengdum auglýsingum. Fræðileg nálgun tengist meginhugtökum rannsóknar um stjórnun mannauðs, fordóma, aldur, endurmenntun og starfstengdan árangur. Íslenskar aðstæður eru bornar saman við niðurstöður 43 erlendra rannsókna um eldri starfsmenn. Aðferðafræði rannsóknar er eigindleg og notast er við fyrirbærafræðilega nálgun til þess að fá skilning á upplifun og reynslu viðmælenda. Þátttakendur í rannsókn eru sex reynslumiklir stjórnendur og starfsmenn í þjónustufyrirtækjum og menntastofnunum. Niðurstöður gefa til kynna að aldursfordómar eigi sér helst stað meðal starfsmanna með laka eða enga menntun og að endurmenntun skipti máli fyrir starfsmenn á öllum aldri.

Ásdís Emilsdóttir Petersen

## Fjölbreyttar aðferðir í starfstengdum sjálfsrýnirannsóknum

Í þessu erindi verður kynnt rannsókn á aðferðum sem beitt hefur verið í starfstengdri sjálfsrýni í kennaramenntun (SSJÁ). Rýnt var í niðurstöður starfstengdra sjálfsrýnirannsókna yfir 12 ára tímabil. SSJÁ er í eðli sínu eigindleg aðferðafræði sem býður upp á mikinn sveigjanleika og skapandi nálgun. Við rýndum í bókarkafla, bækur og greinar sem lýstu rannsóknum með aðferðafræði og aðferðum SSJÁ á árabilinu 2004-2016. Athyglin beindist að þremur þáttum (1) hvernig gögnum var safnað, (2) aðferðum við gagnaöflun og (3) gagnagreiningarferlinu. Niðurstöður okkar sýna að höfundar SSJÁ beittu fjölbreyttum og oft nýstárlegum aðferðum. Við skiptum niðurstöðunum í tvo meginflokka (1) frásagnarrýni- og textaaðferðir og (2) skapandi- og listrænar aðferðir. Dæmi úr flokki 1 byggðu á: rýnisögum, rýnisamtölum, dagbókarfærslum, viðtölum, sjálfsviðtölum, afgerandi atvikum, sjálfsævisögulegri rýni, samskiptum og umræðum og sögulegum textum. Dæmi úr flokki 2 byggðu á: ljósmyndum, teikningum, safnmyndum (e.collage), áþreifanlegum hlutum, ljóðlist, myndlíkingum, dansi, tónlistartjáningu, leikhússtúlkun og fjölradda sjálfsrýni. Niðurstöður okkar sýndu einnig að SSJÁ aðferðafræðin fól í sér fjölbreytt rannsóknarsnið og aðferðir sem oft ýta við og raska þekktum hugmyndum og ýtir rannsakendum til að rýna undir yfirborðið í eigin störfum og til að dýpka skilning sinn á flóknum hlutverkum í menntun og tilgangi hennar. Sterkur hugmyndafræðilegur grundvöllur var sameiginlegur rannsóknunum sem byggðust á gagnrýnni kennslufræði sem byggir á sýn um, félagslegt réttlæti, lýðræði og mannréttindi.

Svanborg Rannveig Jónsdóttir
Debora Tidwell

## Þróun rannsóknaraðferðarinnar starfstengd sjálfsrýni í kennaramenntun á Íslandi og íslensks tungutaks um hana

Í erindinu verður fjallað um hvernig rannsóknaraðferðin „starfstengd sjálfsrýni í kennaramenntun" (e. selfstudy in teacher education practices) hefur þróast innan kennaramenntunar á Íslandi. Við skráðum námssögur, hver um sig og sameiginlega, um þróun okkar sem kennarar bæði innan kennaramenntunar og á öðrum skólastigum og sem rannsakendur. Þær endurspegla leið okkar að þróun starfstengdrar sjálfsrýni í kennaramenntun á Íslandi og því námssamfélagi sem við höfum skapað til að styðja okkur í mótun rannsóknaraðferðarinnar innan íslenskra menntarannsókna. Sérstök áhersla verður lögð á samræður okkar og ígrundun um kennaramenntun. Við vörpum ljósi á hvernig við höfum þróað faglegt tungutak á íslensku til þess að geta rætt, í fræðasamfélagi okkar, þann kenningagrunn og aðferðafræði sem við byggjum á í rannsóknum á starfi okkar við kennaramenntun. Greiningarferlið, á því hvernig sýn okkar á menntun og gildi sem við leggjum til grundvallar starfi okkar, hefur leitt til aukins skilnings á fagmennsku okkar. Samvinnan hefur þannig styrkt okkur sem menntunarfræðingar til að verða brautryðjendur í þróun starfstengdar sjálfsrýni innan kennaramenntunar.

Jónína Vala Kristinsdóttir
Karen Rut Gísladóttir

## Starfstengd sjálfsrýni í kennaramenntun í Evrópu

Í erindinu verður kynnt hvernig starfstengd sjálfsrýni í kennaramenntun (SSJÁ) hefur þróast í Evrópu. Evrópu má líkja við bútasaumsteppi sem samanstendur af ólíkum ríkjum, menningu og tungumálum. Kennarar sem sinna kennaramenntun í Evrópu eru einnig ólíkir er varðar bakgrunn, verkefni og tækifæri til faglegrar þróunar og þátttöku í SSJÁ. Tilgangur rannsóknarinnar var að kortleggja stöðu SSJÁ í Evrópu og var skjalagreiningu beitt til að fá svör við rannsóknarspurningunni. Við skoðuðum allar rannsóknarniðurstöður um SSJÁ sem birst hafa um kennaramenntun í Evrópu. Það kom í ljóst að það eru fyrst og fremst ákveðnir einstaklingar og hópar sem hafa þróað SSJÁ

í Evrópu og þó fleiri lönd komi við sögu þá verður þróunin í Englandi, á Íslandi, Írlandi og Hollandi kynnt í þessu erindi. SSJÁ hefur nýst vel og verið hvetjandi í þessum löndum hjá kennurum sem hafa færst úr almennu kennarastarfi í að verða kennarar í kennaramenntun og rannsakendur. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar hefur samstarf og jafningjaleiðsögn hjálpað mest þeim sem hafa þróað með sér SSJÁ, en einnig hefur það hjálpað þeim að birta rannsóknaniðurstöður opinberlega. Árlegar ráðstefnur í Norður Ameríku og á Englandi með fagfólki víðsvegar að úr heiminum hafa einnig átt stóran þátt í að efla þátttakendur í SSJÁ.

Hafdís Guðjónsdóttir

## Kennaramenntun fyrir skóla án aðgreiningar

Ein helsta áskorun kennara og þeirra sem mennta kennara í nútímanum er stöðug leit þeirra að kennslufræði og aðferðum til að mæta vaxandi fjölbreytileika innan skóla án aðgreiningar. Hugmyndir um nám án aðgreiningar gera ráð fyrir að allir nemendur hafi jafnan aðgang að gæðamenntun og að skólar skipuleggi námsrými sem henta öllum í anda altækrar hönnunar náms. Skólar og kennarar sem standa frammi fyrir þessari áskorun þurfa að huga að því hvernig þeir bregðast við. Við fullyrðum, eins og aðrir hafa gert á undan okkur að kennarar séu lykilaðilar í að þróa skólastarf og kennslufræði án aðgreiningar. Í erindinu munum við ræða starfstengda sjálfrýni sem snýr að undirbúningi kennaranema til að starfa í skólum án aðgreiningar. Við munum útskýra hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og gefa stutt yfirlit yfir sjálfrýnirannsóknir sem snúa að hugmyndafræðinni. Auk þess munum við gefa nýlegt dæmi um starfstengda sjálfrýnirannsókn í einum skóla sem starfar samkvæmt hugmyndafræðinni og ræða hvernig rannsóknin hefur aukið skilning á hugmyndafræðinni, hefur komið af stað endurskipulagningu á stuðningskerfi skólans og gefið upplýsingar um hvar frekari rannsókna er þörf.

Edda Óskarsdóttir

## At the dawn of revolution in teaching: A hybrid educator's prospect of self-study in Japan

The purpose of the study was to investigate how self-study of teacher education practices (S-STEP) would be discussed in the Japanese education context. As a hybrid educator between Japan and Iceland, I aim to inform all educators to learn about their challenges through the personal history self-study method. My personal reflective stories, Japanese S-STEP related articles and an interview with a Japanese teacher educator whom I reached via Facebook served as qualitative data. Findings revealed that it was struggling for Japanese teachers to understand S-STEP as a research methodology because of cultural and language barriers. International S-STEP researchers offered seminars to Japanese teachers in English. Because seminars were based on the western context, they were too foreign for Japanese teachers to understand what would be S-STEP. Japanese teachers' professional reflection would be negative, as they would focus on their mistakes in teacher-centred contexts. Talking about their successful experiences would be arrogant. English is not a common language among Japanese and it hindered their access to major S-STEP literature. Upon this circumstance, I prospected my role as a critical friend to the Japanese teacher educators and teachers for their self-study journey through inquiry in the same mother tongue.

Megumi Nishida

## Lyktarheimur torfbæjarins

Í vestrænni menningu hefur heimurinn yfirleitt verið skilgreindur út frá sjón og heyrn. En á undanförnum árum hefur fræðasamfélagið fengið meiri áhuga á því að skilja líkamlega reynslu fólks á fyrri tímum og öðrum skynfærum eins og lyktarskyninu hefur verið veitt meiri athygli. Í þessu erindi verður fjallað um lykt fortíðar og reynt að veita örlitla innsýn í íslenska lyktarsögu með könnunarferð inn í horfinn heim torfbæjarins. Með því að gera tilraun til að endurskapa lyktarheim fortíðar, þ.e. að rýna í minningar þeirra sem bjuggu í torfbæjum, komumst við nær því að skynja lifnaðarhætti fyrri tíma. Í þessari rannsókn voru skoðaðar endurminningar fólks sem bjó í torfbæjum og tekin viðtöl við nokkra einstaklinga sem ólust upp í torfhúsi. Rannsóknin leiddi meðal annars í ljós að lyktarheimur torfbæjarins var mjög afmarkaður og einkenndist jafnframt af því að torfbærinn var bæði heimili og vinnustaðar. Lyktina af dýrum, fólki, torfi, reyknum úr hlóðaeldhúsinu og matnum mátti finna í flestum lýsingum. Þó að stundum sé talað um að allir torfbæir hafi lyktað eins, kemur í ljós að hver torfbær var sérstæður og heimilislyktin frábrugðin eins og á nútímaheimilum. Jafnframt er ljóst að lykt hvers samfélags og tímabils er einungis tímabundinn spegill þess samfélags sem hann tilheyrir sem verður ekki endurskapaður að fullu nema með því að taka aftur upp sömu búskaparhætti.

Vilborg Bjarkadóttir

## Rými torfbæjarins og líkamleg fötlun

Á síðustu áratugum hefur sjónum talsvert verið beint að því hvernig hönnun og skipulag íveruhúsa hefur áhrif á lífsgæði einstaklinga með líkamlegar skerðingar af einhverju tagi. Slíkar rannsóknir hafa einkum beinst að húsakosti samtímans, ekki síst í þéttbýli, og fást meðal annars við spurningar um aðgengi og hreyfanleika innan og utan veggja heimilanna t.d. fyrir fólk sem notar stoðtæki eða hjólastóla. Í erindinu er slíkum sjónarmiðum varpað á fyrri tíð með athugun á félagslegu rými fötlunar í torfbæjarsamfélagi nítjándu aldar. Á grundvelli valinna dæma af einstaklingum sem höfðu líkamlegar skerðingar verður samspil fötlunar og hversdagsrýmis torfbæjarins tekið til skoðunar. Dregið verður fram hvernig miðlæg staða bæjarins í daglegu lífi fólks – sem heimili, vinnustaður, vettvangur menntunar og félagslífs – skapaði önnur tækifæri til samfélagsþátttöku einstaklinga með líkamlega fötlun heldur en iðnvædda borgarsamfélagið átti eftir að gera. Sjónum verður ekki síst beint að því hvernig rýmisskipan hinna lífrænu torfhúsa skapaði annars konar samtal við ólíka líkama heldur en módernísku rými iðnvædda borgarsamfélagsins sem til skamms tíma miðuðust nær alfarið við viðtekna og staðlaða líkama hinna ófötluðu. Þótt ómannúðleg framkoma, frumstæð hjálpartæki og grimmileg örbirgð hafi vissulega orðið hlutskipti margra einstaklinga með skerðingu á fyrri tíð verður sá möguleiki skoðaður hvort rými og skipan torbæjarsamfélagsins hafi á vissan hátt stuðlað að minni fötlun fólks með öðruvísi líkama heldur en þéttbýlissamfélag tuttugustu aldar bauð upp á.

Ólafur Rastrick

## Anarkismi, arfleifð og torfhús

Á undanförnum árum hefur umræða um íslenskan menningararf gengið í endurnýjun lífdaga. Horfið hefur verið frá einstrengingslegum skilgreiningum á menningararfi á grundvelli hugmyndarinnar um íslenska þjóð og gerðar tilraunir til að endurmeta arfleifðina sem hluta af alþjóðlegu samhengi. Íslensk torfhús eru dæmi um viðfangsefni í þessum efnum, þar sem þeim hefur verið lýst sem mótandi afl íslensks samfélags og menningar, og þar af leiðandi talin eitt af helstu ummerkjum efnislegrar menningar í landinu sem beri að varðveita. Á síðari árum hefur losnað um þjóðernislegar skoðanir á torfhúsum og farið að gera því skóna að þau séu „menningararfur mannskyns alls." Ástæðurnar fyrir endurmatinu eru að minnsta kosti þrennskonar. Menningarpólitík á Íslandi hefur haldist í hendur við víðtækar samfélagsbreytingar undanfarin 30 ár, þar sem áhersla hefur verið lögð á einstaklingsframtak, frumkvæði og endurmat á hlutverkum menningarstofnana. Aukin hnattræn tengsl hafa opnað nýja möguleika í stjórnkerfi menningarinnar um skipan sannleikans um þá menningararfleifð sem fyrirfinnst á Íslandi. Og gagnrýnin fræðileg umræða um menningararf hefur jafnframt verið að skjóta rótum um skilgreiningar og iðkun í tengslum við menningararf. Það sem þessir þræðir eiga sameiginlegt er að þeir afhjúpa flókið samspil félagslegs fyrirkomulags sem vekur upp spurningar um atbeina, vald og valdleysi í tengslum við skilgreiningar og iðkun á menningararfi. Í þessu erindi verður sjónum beint að torfhúsum í samhengi við áðurtalda þróun.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson

## Á milli torfveggja: líf inní framandi rými

Grenjaðarstaður er torfbær, reistur 1865. Þar hefur verið starfrækt byggðasafn frá 1958 sem er nú undir umsjón Menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Á stuttum tíma breyttist bærinn úr lifandi híbýlum yfir í byggðasafn en búið var í bænum fram á fimmta áratug 20. aldar. Þessi snögga umbreyting segir sitthvað um stöðu torfbæjarins á 20. öld en einnig þeirri 21. Í rúmt hálft ár hafa starfsmenn safnsins verið að undirbúa leiðsagnarbækling um bæinn en við þá vinnu hafa ótal spurningar vaknað. Ljóst er að bærinn gegnir í dag því hlutverki að standa fyrst og fremst fyrir eitthvað sem var, sem eftirmynd af einhverju óljósu sem flókið er að ná utan um. Í dag er lífið innan bæjarins skapað af gestum og starfsmönnum sem nýta hann sem leið til að mynda tengsl við og skilja eitthvað sem er þeim í raun framandi. Spurningar um hvaða forgangsröðun skuli höfð á staðreyndum, hverju er mikilvægt að miðla og hvaða reynslu eigi að skapa fyrir safngestinn hafa leitt af sér lifandi umræður á meðal starfsmanna og hugleiðingar um tilgang staða líkt og Grenjaðarstaðar. Í fyrirlestrinum verður nokkrum þáttum af þessu sköpunarferli lýst og rætt hvað vinna sem þessi segir okkur um staði líkt og Grenjaðarstað.

Sigurlaug Dagsdóttir

## Stéttarmyndun, ríkisvald og íslenskir lögfræðingar, 1890-1940

Í stjórnmálaumræðu í upphafi tuttugustu aldar var sú gagnrýni áberandi að Íslandi væri stjórnað af samheldinni lögfræðielítu sem sæti að hálaunuðum embættum á sviðum stjórnmála, stjórnsýslu og dómstóla. Í þessu erindi verður fjallað um þróun lögfræðistéttarinnar á Íslandi með áherslu á tengsl stéttar-þróunarinnar við myndun íslenska ríkisvaldsins á áratugunum í kjölfar heimastjórnar árið 1904. Spurt verður hvort skoða megi lögfræðistéttina á tímabilinu sem aðgreinda valdaelítu og rýnt í helstu einkenni hennar. Aðferðin er blönduð og samanstendur af lýsandi tölfræði, tengslagreiningu og orðræðugreiningu. Gerð verður grein fyrir fjölda útskrifaðra lögfræðinga á tímabilinu, félagslegum bakgrunni þeirra og störfum að útskrift lokinni. Einnig verður rýnt í fjölda lögfræðinga sem tóku sæti á Alþingi og störfuðu innan stjórnsýslunnar og hann borinn saman við sambærilegar fagstéttir. Jafnframt verður framkvæmd greining á ættar- og stjórnmálatengslum þeirra. Orðræðugreiningu verður svo beitt á umfjöllun um lögfræðistéttina eins og hún birtist í alþingistíðindum, blöðum og tímaritum, og málgögnum fagstéttarinnar. Helstu niðurstöður eru þær að lögfræðistéttin uppfyllti að miklu leyti viðmið um elítuhópa. Lögfræðingar voru flestir synir embættismanna og tóku sjálfir við embættum að námi loknu. Stéttin fór ört vaxandi og samkeppni við aðrar fagstéttir um veraldleg embætti var lítil sem engin. Jafnframt tóku þeir fljótlega við af guðfræðingum sem fjölmennasta fagstéttin á Alþingi. Innbyrðis tengsl lögfræðinga voru töluverð, þeir höfðu mótandi áhrif á hægri væng stjórnmálanna, og áhrif þeirra á ríkisvaldið voru svo mikil að mörgum fannst nóg um.

Sveinn Máni Jóhannesson
Hildur Fjóla Antonsdóttir

## Gildi, val og foreldrastarf erlendra þverþjóðlegra efristéttarmæðra (expadriates) í íslensku menntakerfi

Þetta erindi er byggt á rannsóknargögnum úr rannsókninni Virkni, val og skyldur foreldra á menntavettvangi. Meginniðurstöður þessa erindis byggja á eigindlegum viðtölum við hvítar mæður af erlendum uppruna sem búa við ríkulegan efnahagsauð og þverþjóðlegan hreyfanleika. Þetta er eigindleg viðtalsrannsókn sem nær yfir þrjú svið foreldravirkni, þ.e. skólaval, samskipti við skóla/kennara og vinna við heimanám. Greina mátti þrjár mismunandi drifkrafta í menntagildum mæðranna; að velja menntakerfi a) sem skapaði barninu sterka stöðu í samanburði við önnur börn, b) sem lagaði sig að sérþörfum barns sem teldist með frávik, c) sem skapaði börnum upplifanir og menningarleg verðmæti. Allar mæðurnar völdu skóla í því hverfi sem þær bjuggu, þar af ein í einkareknum skóla. Þær voru ánægðar með hversu inngildandi íslenskir skólar væru og ekki eins staðlaðir og prófmiðaðir eins og víðast annars staðar. Það sem þeim fannst skorta í íslenskri námskrá og kennslu bættu þær upp með efni frá heimalandi sínu eða með því að kaupa einkakennslu fyrir börnin sín. Þær eyddu mjög miklum tíma í skólun barna sinna og hefðu flestar viljað fá að taka meiri þátt í skólastarfi barnanna, en þær skynjuðu að foreldramenningin í skólanum gerði ekki ráð fyrir því. Niðurstöður eru settar í víðara fræðilegt samhengi og velt er fyrir sér hvernig þessi hópur nær að tengjast og nýta stéttarstöðu sína inn í íslensku skólakerfi.

Berglind Rós Magnúsdóttir
Angela Marie Shapow

## Að ómerkja stéttaskiptingu á Íslandi

Íslensku þjóðfélagi hefur lengi verið lýst sem stéttlausu í almennri umræðu og á vettvangi stjórnmálanna. Þessi umræða endurspeglar og mótar sjálfsögð sannindi um tiltölulegt stéttleysi Íslands. Sem kapítalískt þjóðfélag með ójafna eigna-skiptingu og annars konar stéttbundinn ójöfnuð er Ísland hinsvegar alls ekki stéttlaust. Erindið varpar ljósi á þessa mótsögn og byggir á eigindlegri greiningu stéttaorðræðu í Morgunblaðinu (N=500) og umræðum á Alþingi (N=135) á árunum 1986 til 2012. Við túlkun niðurstaðna er stuðst við kenningu félagsfræðingsins Wayne Brekhus um félagslega merkingu (e. social markedness) sem vísar til þess hvernig fólk leggur áherslu á aðra hlið andstæðna en hunsar hina sem þekkingarfræðilega ómerkilega. Niðurstöðurnar sýna að Íslendingar eru gjarnir að merkja (e. mark) aðrar samfélagsgerðir sem stéttskiptar en líta framhjá stéttaskiptingu eigin samtíma-þjóðfélags sem ómarkverðri (e. unremarkable). Samfélags-gerðirnar sem um ræðir eru önnur samtímaþjóðfélög, Ísland fortíðar og framtíðar og ímyndaðar samfélagsgerðir. Þetta félagslega ferli ómerkir (e. unmarks) stéttaskiptingu á Íslandi og viðheldur þar með hugmyndum um stéttleysi Íslands. Niður-stöðurnar sýna hvernig stéttavitund er að hluta félagsleg sköpun sem byggir á samanburði.

Guðmundur Oddsson

## Forræði þess að vera hvítur - Upplifun íslenskra kvenna sem eiga ættir að rekja til Mið-Austurlanda

Á síðustu árum hefur fræðafólk rannsakað hugmyndir um sakleysi Norðurlandanna á heimsvalda- og nýlendutímanum en almennt er oft lítið gert úr þátttöku þeirra eða þeim gróða sem þau hlutu beint eða óbeint af nýlendukapphlaupinu. Þessar hugmyndir um sakleysi eiga þátt í að móta kynþáttahugmyndir á Norðurlöndunum og ýta undir að lítið sé gert úr kynþáttafordómum sem þar finnast í dag. Að sama skapi hefur verið bent á hvernig hvítleiki hefur orðið fyrirframgefinn sem tákn og einkenni þessara landa. Þannig er íslenskt þjóðerni oft beintengt hvítleika og ákveðnum uppruna í hugum Íslendinga. Í okkar fyrirlestri fjöllum við um forræði hvítleikans á Íslandi út frá reynslu íslenskra kvenna sem eiga annað foreldri eða bæði frá Mið-Austurlöndum. Fyrirlesturinn byggjum við á rannsókn sem sýnir fram á margþætta fordóma sem þessir einstaklingar verða fyrir. Þar fléttast saman kynja- og kynþáttafordómar, sem og svokallaðir nýir kynþáttafordómar (e. neo-racism) þar sem trúarbrögð hafa orðið tákn fyrir óæðri stöðu í stað kynþáttar. Erlend nöfn kvennanna og útlit vekja hugmyndir um framandleika í hugum samlanda þeirra og engu breytir þó íslenska sé þeirra fyrsta mál og þær skilgreini sig sjálfar sem Íslendinga. Þar af leiðir að reynsla kvennanna skarast á ákveðinn hátt, þær eru einhvers staðar á milli þess að tilheyra hér og tilheyra ekki – og spurningin vaknar, hver getur talist Íslendingur í augum samfélagsins?

Miriam Petra Ómarsdóttir Awad
Kristín Loftsdóttir

## Stjórnarhættir og eigendastefna

Nýir fræðilegir straumar innan stjórnarhátta fyrirtækja hafa þróast síðasta áratuginn í það sem kalla mætti næstu kynslóð hugmynda um virkt eignarhald; þ.e. ábyrgt eignarhald (e. responsible ownership). Þessi rannsókn miðar að því að auka við fræðilega umræðu með því að fjalla um þátt ábyrgs eignarhalds, sem enn er ekki að fullu mótað, en það er samstilling eigenda (e. collective action). Fáar rannsóknir á sviði ábyrgs eignarhalds og eigendastefnu hafa verið framkvæmdar alþjóðlega og engin á Íslandi svo vitað sé. Eigendastefna, sem hluthafar sameinast um, er kynnt sem stjórnháttartæki til samstillingar eigenda og ábyrgs eignarhalds. Enn fremur eru kynntar niðurstöður rannsóknar á eigendastefnu. Viðtöl voru tekin við hluthafa fyrirtækis, stjórnarmenn þess og stjórnendur með það að markmiði að skýra og skilgreina hugtakið eigendastefna og staðsetja innan fyrrgreindra fræða. Þá voru fundargerðir greindar og önnur gögn sem hafa með eigendastefnu fyrirtækisins að gera. Niðurstöður eru þær að eigendastefna virkar sem samtarfssáttmáli hluthafa, stuðlar að langtímaáherslu þeirra og samstillingar. Í hnotskurn má segja að eigendastefna sé grunnur fyrir það sem kallað hefur verið ábyrgt eignarhald. Sem slíkt, bendir það til nýrra strauma í rannsóknum á stjórnarháttum fyrirtækja.

Guðrún Erla Jónsdóttir
Þröstur Olaf Sigurjónsson

## Stjórnarhættir og tilnefningarnefndir

Tilnefningarnefndir hafa á síðustu árum rutt sér til rúms innan stjórnarhátta á Íslandi. Hefur meirihluti skráðra félaga stofnað slíka nefnd. Skiptar skoðanir eru þó á ágæti nefndanna og þáttum er snúa að skipulagi þeirra. Nefndirnar starfa með mismunandi hætti á Norðurlöndunum, eru ýmist undirnefndir stjórnar eða heyra beint undir hluthafa. Erlendar rannsóknir sýna að tilnefningarnefndir geta haft jákvæð áhrif á stjórnarhætti og starf þeirra getur bætt ferlið við skipun stjórnarmanna. Tilnefningarnefndir hafa ekki verið rannsakaðar á Íslandi og markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í skipulag þeirra og starf. Þrettán viðtöl voru tekin við hluthafa, stjórnarmenn og tilnefningarnefndarmenn. Einnig var stuðst við niðurstöður spurningakönnunar sem framkvæmd var í samstarfi við Viðskiptaráð Íslands. Alls svöruðu 138. Niðurstöður gefa til kynna að ferli við skipun stjórnarmanna á Íslandi sé faglegra ef tilnefningarnefndir eru starfandi. Þrátt fyrir það eru hluthafar ekki eins ánægðir með starf nefndanna og aðrir þátttakendur. Þá er talið farsælla að tilnefningarnefnd heyri undi hluthafa og sé kosin af þeim. Það getur verið gagnlegt að fráfarandi stjórnarmenn sitji í nefndinni en annars er ekki talið ákjósanlegt að einstaklingar sitji í stjórn og tilnefningarnefnd sama félags. Rannsóknin styður við helstu niðurstöður alþjóðlegrar rannsókna.

Hildur Magnúsdóttir
Þröstur Olaf Sigurjónsson

## Stjórnarhættir og samrunar og yfirtökur fyrirtækja

Markmið þessa erindis er að greina frá samrunum og yfirtökum (S&Y) út frá áhrifum á stjórnarhætti fyrirtækja. Rannsóknum ber saman um að oft njóta hluthafar fyrirtækis góðs af S&Y í formi aukins hagnaðar. Enn fremur virðast aðgerðir í kjölfar S&Y, eins og breytingar á stofnskrá, ekki draga úr hagsmunum hluthafa. Þó er þekkt að stjórnendur geta haft persónulegan óhag af S&Y og reynt að koma í veg fyrir slíkt með mögulegum skaða fyrir hluthafa. Möguleiki til „óvinveittra S&Y" virðist þá vera eitt sterkasta stjórntækið til aðhalds stjórnendum. Rannsóknir sýna að lög gegn yfirtökum hafa ekki bein áhrif á nýsköpun. Óvinveittar yfirtökur geta jafnvel verið hagstæðar nýsköpun. Enn fremur geta stjórnarhættir virkað sem staðgengill, það er ef engin hætta stafar af óvinveittum yfirtökum. Stjórnarhættir virðast hafa áhrif á líkur á S&Y. Þegar stjórnarskipulag er umfangslítið og veikt geta óvinveittar yfirtökur verið notaðar til að skipta stjórnendum út. Samkvæmt rannsóknum framkvæmdum í Bandaríkjunum virðast varnir gegn yfirtöku hafa neikvæð áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækja. Aftur á móti virðist það ekki eiga við um Evrópu og Norðurlöndin, þar sem talað er um að áhrifin þar séu annað hvort jákvæð eða engin.

Arnrún Sæby Þórarinsdóttir
Þröstur Olaf Sigurjónsson

## Stjórnarhættir og lögfræðilegt sjónarhorn

Í þessu erindi er markmið að greina hugtakið stjórnarhættir fyrirtækja frá lögfræðilegu sjónarhorni. Til þess er stuðst við lög og reglur ásamt greiningu á fræðilegum heimildum. Almennt er hugtakið ekki skilgreint í lögum og geta útfærslur því verið margar og misjafnar. Fræðimenn á sviði lögfræði sem skrifað hafa um stjórnarhætti fyrirtækja hafa því reynt að skilgreina hugtakið út frá landssvæðum fremur en að reyna að setja fram eina skilgreiningu. Þessi rannsókn greinir einkenni landssvæða út frá norrænum stjórnarháttum og helstu álitaefni frá lögfræðilegu sjónarhorni. Önnur ríki og svæði eru skoðuð til samanburðar, helst þau ríki sem aðhyllast fordæmisrétt og þau sem aðhyllast meginlandsrétt. Með aukinni áherslu á alþjóðaviðskipti komu fram hugmyndir og kenningarnar um samræmingu regluverks varðandi stjórnarhætti fyrirtækja milli landa. Þessar hugmyndir komu fyrst fram á níunda áratugnum og því er rétt að skilja hvaða stöðu lög og reglur hafa í þessu samhengi og hvernig samræmingu reglna hefur undið fram. Niðurstöður gefa til kynna að þrátt fyrir að ólík lög og reglur gildi varðandi stjórnarhætti fyrirtækja milli svæða er þróunin sú að samruni þeirra er yfirvofandi.

Sigmundur Ingi Sigurðsson
Þröstur Olaf Sigurjónsson

## Betri undirbúningur í kennaranámi og faglegur stuðningur er grunnur að farsælli skólagöngu barna

Það er hverju samfélagi mikilvægt að kennarar geti lagað nám að fjölbreytilegum þörfum nemenda. Í erindinu verða kynntar niðurstöður viðhorfskönnunar sem send var kennurum og öðru fagfólki á grunnskólastigi námsveturinn 2018–2019. Markmiðið var að rannsaka hvaða þættir hefðu áhrif, jákvæð eða neikvæð, á getu kennara til að sinna þörfum barna með námsörðugleika. Alls var könnunin send 1444 starfsmönnum hjá 45 grunnskólum vítt og breytt um landið og var svarhlutfallið 45%. Niðurstöðurnar sýna að um helmingur kennara taldi að sér gengi vel að laga námið að þörfum nemenda. Helstu ástæðurnar voru löng starfsreynsla, góður stuðningur frá samstarfsfólki og hæfilegur fjöldi nemenda í bekk. Þeir kennarar sem töldu að sér gengi illa við að aðlaga námið sögðu að ástæðurnar væru að of margir nemendur með hegðunar- og eða námsörðugleika væru í bekkjunum. Einnig kom fram að um sjö af hverjum tíu kennurum töldu sig ekki hafa fengið nægjanlega þjálfun í kennaranáminu til að takast á við fjölbreytileikann í nemendahópnum. Má draga þá ályktun af niðurstöðunum að það þurfi að undirbúa kennara betur til þess að þeir geti sinnt þörfum allra nemenda. Auk þess þurfi að efla faglegan stuðning og handleiðslu fyrir kennara í grunnskóla.

Sigrún Harðardóttir
Ingibjörg Karlsdóttir
Alex B. Stefásson

## Árangursmat PEERS námskeiða í félagsfærni

Í erindinu verður sagt frá niðurstöðum tveggja rannsókna sem höfðu það að markmiði að meta árangur PEERS námskeiða í félagsfærni hjá börnum og unglingum á aldrinum 9-18 ára sem tekið hafa þátt í PEERS námskeiði á vegum Barna- og unglinga-geðdeildar Landspítala, fyrirtækisins Félagsfærni - Lesblinda ehf. og félagsþjónustu Árborgar. Við rannsóknirnar var notast við megindlega rannsóknaraðferð. Til að meta árangur voru lagðir fyrir matslistar til að mæla þekkingu á félagsfærni, félagsvirkni, samkennd og kvíða fyrir og eftir þátttöku á PEERS námskeiði. Úrtakið samanstóð af 154 börnum og unglingum og foreldrum þeirra sem sóttu PEERS námskeið á tímabilinu september 2016 til maí 2019. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á marktækan mun fyrir og eftir þátttöku í flestum matslistunum, sem gefur til kynna að þátttaka á PEERS námskeiði í félagsfærni bæti þekkingu á félagfærni, auki félagslega virkni, samkennd og dragi úr kvíða hjá börnum og unglingum á aldrinum 9-18 ára.

Guðrún Helga Andrésdóttir
Snædís Gerður Hlynsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Kolbeinn Stefánsson

## Suspended mobilities: Transnational migration in times of COVID-19

Global capitalism largely relies upon flexible, temporary and mobile workers. Mobile workers frequently serve as disposable labour surplus, which is recruited in times of labour shortages and let go when no longer needed. Especially seasonal workers in agriculture, tourism and construction industry are often hired on provisional contracts and have limited prospects for legalized settlement. Employers on their part, strive to capitalize migrants' multi-local belongings, double frame of reference and non-citizen status in the host countries. Consequently, the mobility that is often imposed and perpetuated within the neoliberal governance produces transnational modes of living. These so-called mobile livelihoods typically imply back and forth travelling to re-connect with relatives and friends in the places of origin. The current global pandemic displayed the inherent fragility of transnational labour market systems, not only profoundly disturbing international flows of temporary and seasonal workers, but also questioning the very premises of transnational living. In my presentation, using examples from my ongoing ethnographic study among Polish migrants in Iceland, I discuss how the sudden disruption of free travelling affected lives of mobile workers in order to reflect on the theoretical and practical implication of COVID-19 lockdown on the organization of transnational labour.

Anna Wojtyńska

## Poetic autonomies among refugee men in Europe

Recent border struggles in Southern Europe have brought forth alliances among diverse people marginalized by neoliberal restructurings, national ideologies and heterosexual normativities. This research explores the lasting effect of such collaborations among twelve refugee men, currently settled in Sweden, Germany, and Greece. The study builds on transmigration studies, ethnographic methods and previous work among activists in Greece since 2012. While the men's intersectional positions have been fluid and precarious since then, they have spent recent years struggling to build up a gendered identity as desirable partners, caring sons and active citizens. Thus, their narratives on masculine autonomy tends to be poetic; lyrically oscillating between the meaning of human respect and care and surrendering their bodily autonomy to societal expectations and state restrictions. However, in the absence of economic opportunities due to Covid-pandemic, preliminary findings indicate that they draw on their experiences working alongside queer activists, embedding the tactic of defying masculine expectations. As such, they describe their gendered identity as a fallible human being; as a human that struggles but cannot always prevail. In so doing, they claim the right to existence without continually conforming to the image of the hard-working migrant man. Thus, they posit uncertainty through the unruly subject and by re-assembling the poetic performances.

Árdís K. Ingvars

## Trúarathafnir múslíma á tímum kórónaveirunnar

Erindi mitt fjallar um hvernig múslímar glímdu við þá nýju stöðu sem upp kom vegna kórónuveirunnar og hvernig þeir fundu upp nýjar leiðir til að iðka trúarathafnir sínar. Samkomubann var virkt á þeim tíma sem föstumánuðurinn Ramadan átti sér stað. Erindið er byggt á rituðum heimildum og viðtölum við leiðtoga múslíma í Reykjavík en vettvangsrannsókn var ekki möguleg vegna samkomubanns. Trúarathafnir múslíma eru félagslegs eðlis, þar sem samsemd hópsins sem trúna aðhyllast og iðka er mikilvæg. Í þessum athöfnum í Ramadan mánuði eru gildi trúarbragðanna einkum staðfest og birt með þátttöku hópsins. Nálægð, samvera og félagsleg/trúarleg samsömun eru miðlægir þættir, þar sem múslímar sameinast í þessum félagslegu og trúarlegu athöfnum. Í ár (2020) vildi svo til að þessum mikilvægu félagslegu athöfnum þurfti að setja strangar skorður og/eða sleppa alveg vegna kórónuveirufaraldursins. Mikilvæg samvera samfélags múslíma fluttist frá hinu félagslega rými (moskum) til einkarýmis (heimilis) og flestöll samskipti áttu sér stað í gegnum hið stafræna rými (Facebook, Zoom, o.fl.). Þetta var m.a. tilfellið með Ramadan trúarhald Menningarstofnunar múslíma á Íslandi, þar sem ímam stofnunarinnar tók upp og sendi út bænahald á Facebook á hverju kvöldi Ramadan mánaðar. Undirritaður fylgdist með þessum upptökum sem eru hluti af gögnum sem liggja til grundvallar erindisins.

Kristján Þór Sigurðsson

## Lockdown in an urban shanty: an internal gaze through digital anthropology

What were the impacts of the Covid pandemic, and the consequent lockdown, on a Roma community living in a "Nomad camp" in the periphery of Rome? In this paper I argue that in order to address this question I had to integrate traditional forms of ethnographic fieldwork with methodologies elaborated within digital anthropology. Combining long-term relationship with the camp's inhabitants, with the analysis of social media and of interviews conducted at-distance in the last spring, the paper explores the processes triggered by the lockdown and affecting the inner boundaries of the Italian state and the city of Rome. It also scrutinizes the Roma perspectives on the pandemic and the daily life in the camp during the lockdown. The paper thus highlights an ambivalent situation. The measures implemented, on the part of the city authorities, to control the spread of the pandemic reinforced the spatial division between the "Nomad camp" and the urban space surrounding it. This in turn intensified the political and ethnic divisions between citizens and non-citizen, non-Roma and Roma. Nonetheless, in the camp the Roma could circumvent some of the restrictions on sociability and movement imposed by the lockdown, and thus maintain some kind of normalcy in otherwise suspended existences.

Marco Solimene

## Stakeholder perceptions on policy tools in support of sustainable food consumption in Europe: policy implications

Transitioning agri-food systems towards increased sustainability and resilience requires that attention be paid to sustainable food consumption policies. Policy-making processes often require the engagement and acceptance of key stakeholders. This study analyses stakeholders' solutions for creating sustainable agri-food systems, through interviews with a broad range of stakeholders including food value chain actors, non-governmental organizations, governmental institutions, research institutions and academic experts. The study draws on 38 in-depth, semi-structured interviews conducted in four European countries: France, Iceland, Italy, and the UK, as well as three interviews with high-level EU experts. Interviewees' solutions were analysed according to a five-category typology of policy tools, encompassing direct activity regulations, market-based, knowledge-based, governance, and strategic policy tools. Most identified solutions are located in the strategic tools category, reflecting shared recognition of the need to integrate food policy to achieve long-term goals. Emerging solutions, most commonly identified among the different national contexts, were then used to derive empirically-grounded and more universally applicable recommendations for advancing sustainable food consumption policies.

Nína M. Saviolidis

Guðrún Ólafsdóttir, Mariana Nicolau, Antonella Samoggia, Elise Huber, Laura Brimont, Matthew Gorton, David Schamari, Hildigunnur Sigurdardottir, Margherita Del Prete, Cristina Fedato, Pierre-Marie Aubert and Sigurdur G. Bogason

# Social sustainability: Beyond corporate social responsibility

The concept of sustainable development has three important pillars: environment, social, and economic. Though proven to be a challenging topic to explore, there are limited studies exist on the social aspect of sustainable development in developed countries. Business organisations play an important role in the social dimension of sustainability. This study explores the importance of social sustainability for three energy companies in Iceland. The study is primarily based on nine in-depth interviews, using a semi-structured interview frame, with key personnel from HS Orka, Landsvirkjun, and Reykjavik Energy. The data collected from the interviews were thematically analysed using organisational stakeholder interactions: employees, suppliers, communities, and consumers. In the pursuit of achieving their sustainability goals, all three companies faced barriers in fulfilling their social contract. One of the barriers is their interactions and impacts on their employees, suppliers, and consumers which are being challenged by their communication strategy. Sustainability initiatives and programmes are mandated within the organisations to achieve their sustainability goals. However, the phases of the implementation vary from company to company. Moreover, it has been identified that the importance of social sustainability to these companies goes beyond corporate social responsibility. Awareness of corporate actions through accounting and reporting is important but not likely to be insufficient.

Fe Amor Parel Guðmundsson
Sveinn Agnarsson

## Nútímavæðing Íslands að hætti Karl Polanyi

Fræðimaðurinn Karl Polanyi hefur, allt frá því að bók hans The Great Transformation kom út, verið í senn áhrifamikill og umdeildur. Umdeildur vegna afgerandi andúðar á mætti markaðsaflanna, áhrifamikill vegna þess að hann staðhæfir að vægi almannafélagsins (e. civil society) og jafningjaskipta hafi reynst mikilvægari en almennt var ætlað; athafnasvæðið á milli ríkis og markaðar hefur reynst viðameira og margbrotnara en almennt er gert ráð fyrir í viðteknum skilningi á iðnvæðingunni. Töluleg gögn og greiningar á íslenskri hagsögu eru lögð til grundvallar og raundæmi tekin. Markmiðið er að kanna nútímavæðinguna hér á landi og hve þróunin frá örbirgð til alsnægta hefur verið jafn stutt og raun ber vitni, án kviks markaðar, veikburða ríkisvalds og án öflugs iðnaðar. Niðurstaðan er að nútímavæðingin hafi að mestu verið í anda þess sem Polanyi taldi vera ákjósanlegt; öflugs almannafélags og jafningjaskipta en að stöðnun sé nánast innbyggð í slíka samfélagsgerð. Það þurfa að koma utanaðkomandi öfl. Samfélagsgerð Polanyi er haldgóður vegvísir til velsældar og velferðar en fleira þarf að koma til, kvikur markaður og ákjósanleg ytri skilyrði.

Örn D. Jónsson

## Upplifun og mat foreldra á þátttöku í tónlistarnámskeiði fyrir ungbörn

Í þessum fyrirlestri verða kynntar niðurstöður rannsóknar sem gerð var meðal foreldra ungbarna að lokinni þátttöku í tónlistarnámskeiði sem sniðið var að þörfum 8-9-mánaða gamalla barna. Markmiðið var að komast að því hver væri upplifun foreldra af þátttöku í tónlistarnámskeiði með svo ung börn og hvernig foreldrarnir mætu gildi þess og áhrif á börnin. Rannsóknin fór fram þegar tónlistarnámskeiðið hafði staðið í 5 vikur og foreldrar mætt með börn sín tvisvar í viku, alls í tíu skipti. Foreldrarnir (N = 32) skráðu sig til þátttöku í rannsóknarverkefni þar sem fylgst var með hegðan ungbarnanna í tímum sem voru teknir upp á myndskeið með leyfi þátttakenda. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að áhrif þátttöku í tónlistarnámskeiðinu hafi haft meiri áhrif á börnin en foreldrarnir höfðu búist við. Áhrifanna gætti í viðbrögðum barnanna við tónlist í tónlistartímunum en þó enn frekar utan tónlistar-tímanna. Margar vísbendingar voru í svörum foreldra um að námskeiðið auðveldaði þeim að nýta tónlist á jákvæðan hátt í daglegu uppeldi barna sinna og að það hafi ekki síður verið foreldrarnir sem lærðu á námskeiðunum en börnin. Í fyrirlestrinum verða sýnd brot úr myndskeiðum sem sýna þátttöku ungbarnanna og samspil foreldra og barna á slíkum námskeiðum. Rætt verður um fjölþætt gildi þess að vinna með tónlist á þennan hátt með foreldrum og börnum.

Helga Rut Guðmundsdóttir

## Tónlistarstundir fyrir fjölskyldur af pólskum uppruna

Greint verður frá nýju rannsóknarverkefni þar sem rýnt er í áhrif þess á pólskar barnafjölskyldur á Íslandi að taka þátt í tónlistarstundum á pólsku og samanburð við svipað verkefni í Bandaríkjunum þar sem vinsælar fjölskyldu-tónlistarstundir voru þýddar yfir á spænsku fyrir tvítyngdar fjölskyldur í New York. Í báðum löndum hafa tónlistarstundir fyrir fjölskyldur með börn á forskólaaldri verið vinsælar en nýlunda að boðið sé upp á slíkt á tungumáli minnihlutahóps. Markmið verkefnisins er að skoða hvernig tónlistarstundir með barnafjölskyldum getur stutt við sjálfsmynd og velferð þeirra sem tala annað tungumál heima en úti í samfélaginu. Sérstaklega verður litið til gildi þess að nýta tónlistarlegan menningararf pólska minnihlutahópsins á námskeiðunum á Íslandi. Sagt verður frá stöðu þekkingar á rannsóknum á notkun tónlistar sem samfélagslegs afls og tengsl við enska hugtakið ´Community music´. Aðferðir við að beita tónlist í þeim tilgangi að efla fjölskyldutengsl og menningarlega sjálfsmynd innflytjenda verða kynntar. Gagna var safnað með myndupptökum úr tónlistartímum og með djúpviðtölum við foreldra sem hafa tekið þátt með sínum börnum. Frum-niðurstöður verkefnisins eru þær að mikil þörf sé fyrir tónlistarstundir á pólsku fyrir pólskumælandi barnafjölskyldur á Íslandi. Til marks um það, hefur eftirspurn og þátttaka í verkefninu verið langt umfram væntingar og ekki unnt að anna eftirspurn. Í fyrirlestrinum verður vísað í viðtöl við pólska þátttakendur og nokkur myndskeið sýnd.

Adam Switala

# Mat á umhverfiskostnaði af Hólasandslínu 3

Til stendur að reisa nýja raflínu frá Akureyri að Hólasandi í Þingeyjarsýslu, Hólasandslína 3. Hún á að bæta flutningsgetu og afhendingaröryggi flutningskerfis raforku en hefur einnig mikil áhrif á nærumhverfið. Neysla á umhverfisgæðum er oftast án endurgjalds og alla jafna ekki seld á markaði. Því eiga þau sér ekki þekkt verð. Hólasandslína 3 hefur í för með sér rask á náttúru landsins, en á sama tíma færist raforkukerfið í betra horf. Því má velta fyrir sér hvort forsvaranlegt sé að ráðast í slíka framkvæmd þegar umhverfiskostnaður er talinn með og hvort máli skiptir hvaða útfærsla er valin á línunni. Í rannsókninni er fórnarkostnaður umhverfisins metinn með valtilraun, sem byggir á því að þátttakendur í spurningakönnun taka afstöðu til ólíkra útfærslna á Hólasandslínu 3. Niðurstöður rannsóknarinnar eru síðan settar í samhengi við áætlaðan framkvæmdakostnað. Þannig fæst mat á hagkvæmni helstu þátta framkvæmdarinnar.

Ágúst Arnórsson
Kristín Eiríksdóttir

# Getur Ísland náð markmiðum sínum í loftslagmálum til 2030?

Í nýbirtri aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum eru settar fram 48 aðgerðir sem grípa á til svo draga megi út losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi. Markmið áætlunarinnar er að draga úr losun sem nemur rúmlega milljón tonnum af koltvísýringsjafngildi. Aðgerðirnar eru margskonar og snúa að öllum geirum samfélagsins. Fjölmargar rannsóknir styðja þá niðurstöðu að hagkvæmt sé að ráðast í aðgerðir til að draga úr kostnaði vegna loftslagsbreytinga. Flestar þessara rannsókna benda þó til þess að afgerandi máli skipti að aðgerðirnar séu kostnaðarskilvirkar. Vegna þess að kostnaður aðgerða fellur til mun fyrr en ábatinn eru niðurstöður jafnan viðkvæmar fyrir ávöxtunarkröfu og niðurstöðurnar því vandtúlkaðar. Hagfræðingar hafa því talað fyrir aðferðum við að draga úr losun með stuðningi hvata sem stuðla að skilvirkni fremur en aðgerðir sem skilgreina ákveðnar lausnir. Dæmi um slíkar lausnir eru losunarkvóti, skattar á losun og skattar á mengandi aðföng. Margar af aðgerðunum í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar eru fremur á formi lagalegra takmarkana eða ákveðinna aðgerða en á formi hvata. Í erindinu verður lagt mat á kostnaðarskilvirki ólíkra lausna og bent á leiðir sem fara mætti til að tryggja ódýrari og betri árangur í að draga úr losun hér á landi.

Daði Már Kristófersson

## Má nota kolefnisgjöld til þess að draga úr kaupum heimila og fyrirtækja á bensíni og olíu?

Við alla brennslu fer kolefni út í andrúmsloftið. Ef engar hömlur eru lagðar á eldsneytisnotkun breyta þessi úthrif engu um notkun fólks og fyrirtækja á bensíni og olíu. Bregðast má við með beinum inngripum: Með því að banna innflutning á bensínvélum, innleiða hámark á eldsneytisnotkun eða leggja hömlur á innflutning á bensíni og olíu. Önnur leið er að leggja gjald á eldsneyti. Í erindinu verður fjallað um kosti og galla hvorrar leiðar fyrir sig. Þá verður farið yfir niðurstöður tveggja nýrra rannsókna þar sem annars vegar er lagt mat á áhrif kolefnisgjalda á notkun íslenskra heimila á olíu og bensíni og hins vegar á eldsneytisnotkun íslenskra fyrirtækja. Notuð eru ársgögn frá þessari öld og stuðst við svonefnt eftirspurnarkerfi. Þá eru niðurstöður úr rekstrarhagfræði nýttar til þess að auðvelda matið. Niðurstaðan er sú að kolefnisgjald, sem er 1% af bensínverði, dragi úr bensínkaupum fólks og fyrirtækja um 0,3-0,35%. Útkoman er ekki langt frá niðurstöðum nýlegra erlendra rannsókna. Að endingu verða tölulegar niðurstöður rannsóknanna túlkaðar og settar fram hugmyndir um hvað kolefnisgjaldið ætti að vera hátt.

Kári Kristjánsson
Sigurður Jóhannesson

## Pælingar um reiknivexti

Ungt fólk með Grétu Tunberg í broddi fylkingar hefur gagnrýnt ráðamenn og þá sem eldri eru fyrir að taka ónógt tillit til hagsmuna hinna yngri. Núlifandi kynslóð ráðamanna getur aukið eigin hagsæld og hagsæld núlifandi umbjóðenda sinna á kostnað komandi kynslóða með ósjálfbærri og/eða óhóflegri notkun auðlinda og uppsöfnun úrgangsefna á borð við CO2. Sé brugðist við gagnrýni hinna ungu og dregið hratt og harkalega úr auðlindanotkun myndu lífskjör núlifandi kynslóða skerðast verulega. Þjóðhagslegir reiknivextir (Social Discount rate) er eitt lykilhugtakanna í leit að jafnvægi milli hagsmuna nútíma og framtíðar. Í fjármálakerfinu er yfirleitt stuðst við veldisvísisreglur þegar tekjur og gjöld sem falla til á mismunandi tímum eru gerðar sambærilegar. Þessi regla hefur verið yfirfærð yfir á ákvarðanatöku hálf-opinberra og opinberra aðila, gagnrýnilítið. Reiknivextirnir sjálfir, *r*, hafa gjarnan verið ákvarðaðir sem (vegið) meðaltal (áhættulausra) vaxta sem fyrirtæki standa frammi fyrir á fjármagnsmarkaði áður en skattur er greiddur annars vegar og vaxta sem heimili hafa staðið frammfyrir eftir skatt hins vegar.Sýn manna bæði á aðferðir við að ákvarða reiknivexti og á reikniformúlurnar sem notaðar eru til að afvaxta og ávaxta hefur tekið umtalsverðum breytingum á undangengnum árum. Breið-boga-afvöxtun (hyperbolic discounting) er ein þeirra aðferða sem hefur verið sett fram í stað veldisvísisafvöxtunar. Ætlunin er að grein fyrir hugmyndinni um breiðbogaávöxtun, kostum hennar og göllum. Í framhaldinu að fjalla um hvaða þættir aðrir en markaðsvextir ættu að hafa áhrif á reiknivexti og hvaða afleiðingar það hefur varðandi stefnumótun t.d. í loftslagsmálum að beita lægri ávöxtunarkröfu en gert hefur verið.

Þórólfur Matthíasson

## Tímaraðalíkön og þróun hitastigs á jörðinni

Öll gagnagreining byggist á túlkun í gegnum tölfræðileg líkön. Mælingar í tíma kalla á notkun tímaraðalíkana. Þar sem sagan er óendurtakanleg er nauðsynlegt að gefa sér ákveðnar forsendur um ráðandi eiginleika þess ferlis sem rannsaka á. Í þessu erindi eru eiginleikar tímaraðalíkana raktir. Nálganir þekktra vísindamanna á sviði tímaraðagreiningar og spálíkana eru lauslega kynntar. Þar má nefna Armstrong, stofnanda tímaritanna International Journal of Forecasting og Journal of Forecasting. Einnig eru hugleiðingar kennslubókarhöfundarins Mills kynntar. Nýlega (2020) birti Norðmaðurinn Dagsvik greiningu á um 100 tímaröðum af hitastigi á jörðinni í um það bil 200 ár byggða á long-memory líkönum. Slík líkön hafa stundum þótt henta við greiningu á rennsli í ám. Sýnd er niðurstaða úr síðstæðu ARMA líkani í samfelldum tíma um tengsl koltvísýrings og hitastigs síðustum 800.000 ár. Samantekin niðurstaða þessara greininga er að ályktunum um mikla hlýnun á jörðinni beri að taka með varúð.

Helgi Tómasson

# Notkun upplýsingatækni við öflun heilsuupplýsinga meðal fólks sem er 60 ára og eldra

Fjallað verður um könnun þar sem markmiðið var að skoða hvernig fólk hefur tileinkað sér nýjungar í upplýsingatækni í tengslum við öflun og miðlun heilsuupplýsinga. Leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:1) Hvernig notfæra einstaklingar sem eru 60 ára og eldri sér tækninýjungar til að afla upplýsinga um eigin heilsu? 2) Hvernig meta þeir getu sína til að byrja að nota nýja upplýsingtækni? 3) Hvernig meta þeir möguleika sína til að fá aðstoð við að notfæra sér upplýsingatækni? Notaðar voru megindlegar aðferðir og gagna aflað frá 1.800 manna tilviljunarúrtaki fólks 18 ára og eldri í janúar 2019. Svarhlutfall var 39%. Gögnin eru vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að þau endurspegli sem best þýðið. Allar niðurstöður byggja á vigtuðum gögnum. Í erindinu verður áhersla lögð á að kynna niðurstöður um þátttakendur sem tilheyra tveimur elstu aldurshópunum, annars vegar fólk á aldrinum 60 til 67 ára og hins vegar 68 ára og eldra. Alls tóku 165 manns manns 60 ára og eldri þátt, 66 þeirra voru á aldrinum 60 til 67 ára og 99 voru 68 ára eða eldri. Kynntar verða niðurstöður þar sem rýnt verður í mun eftir aldri, kyni og menntun þátttakenda.

Ágústa Pálsdóttir

# Almenningsbókasöfn – Upplýsingafræðingurinn sem fagaðili og hugmyndir um breytingar í starfsemi safnanna

Mikil gróska hefur verið víða erlendis í starfsemi almenningsbókasafna sem tengist breyttum hugmyndum um bókasöfnin sem almenningsrými og þjónustu þeirra við almenning. Í erindinu verður fjallað um alþjóðlega rannsókn á starfsemi almenningsbókasafna, með áherslu á íslenskan hluta hennar. Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í hugmyndir upplýsingafræðinga um það hvernig starfsemi almenningsbókasafna hefur þróast og hvernig þeir skilgreina sitt hlutverk við að styðja við uppbyggingu almenningsrýma. Tilgangurinn er að athuga að hversu miklu leyti viðhorf þátttakenda endurspegla annars vegar sameiginlega sýn þeirra á hlutverk almenningsbókasafna sem og sitt eigið hlutverk sem fagaðilar og hins vegar hvernig þau endurspegla mun sem skýra má með mismunandi aðstæðum milli landa og menningarlegu samhengi. Leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum: 1) Hvernig réttlæta upplýsingafræðingar notkun opinberra fjárveitinga til að halda uppi þónustu almenningsbókasafna? 2) Hvernig líta upplýsingafræðingar á hlutverk almenningsbókasafna sem almenningsrými? 3) Hvaða aðrar starfsstéttir tengja upplýsingafræðingar við verkefnin sem þeir sinna í daglegu starfi? Rannsóknin er megindleg og var gagna aflað með því að senda könnunina í tölvupósti til starfsmanna allra almenningsbókasafna á landinu haustið 2018. Könnunin var ítrekuð tvisvar og var heildarsvarhlutfall 39%. Í erindinu verður áhersla lögð á íslenskan hluta rannsóknar og verða fyrstu niðurstöður úr rannsókninni kynntar.

Jamie Johnston

Ágústa Pálsdóttir

## Virði aflaheimilda sem veðandlag

Ein stærsta eign útgerðarfyrirtækja er óefnisleg og felst í réttinum til að veiða ákveðið hlutfall af heildarkvóta einstakra fisktegunda á Íslandsmiðum. Þessi veiðiréttur er í öllum tilfellum á fiskiskipum sem geta síðan verið veðsett fjármálafyrirtækjum. Virði aflaheimilda sem veðandlag getur verið verulega frábrugðið verði þeirra á kvótamörkuðum eða í viðskiptum milli fyrirtækja. Við mat á gæði veðandlags skiptir máli hvert virði veðsins gæti verið ef á reynir. Áætlun um söluverðmæti fiskaflans í framtíðinni er byggð á gögnum frá Hafrannsóknar-stofnun um ástand fiskistofna og gögnum frá Hagstofu Íslands um aflaverðmæti síðustu ára. Frá núvirtu söluverðmætinu er dreginn frá allur núvirtur kostnaður við veiðarnar. Eftir stendur þá virði veiðiréttarins eða aflaheimildanna. Virði aflaheimildanna var einnig fundið út frá áætlun um að enn væri til staðar hagræðingarmöguleikar í greininni. Verðmæti aflaheimildanna var svo deilt niður á einstakar tegundir, m.a. út frá hlutfalli þeirra í söluverðmæti heildaraflans. Mismunur á verðmæti aflaheimilda tegunda og virði þeirra sem veðandlags er mjög mismunandi. Minnsti munur á virði aflaheimilda fyrir eiganda og virði þess sem veðandlag var í þorski og í safni af mörgum tegundum.

Ægir Páll Friðbertsson
Oddgeir Ágúst Ottesen

# Skiptir uppboðsfyrirkomulag á fiskmörkuðum máli?

Fiskuppboð hafa gengt lykilhlutverki í viðskiptum með ferskan fisk hér á landi frá því þau voru fyrst kynnt til sögunnar 1987. Í upphafi voru uppboðin hefðbundin þar sem fiskur var seldur þeim sem viðstaddir voru. Fljótlega þróuðust þau yfir í fjaruppboð, þar sem hvorki varan né kaupandinn þurfti að vera á tilteknum stað til þess að viðskipti gætu farið fram. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel. Það hefur stuðlað að skilvirkni í verðlagningu og miðlun afla og skapað tækifæri fyrir sjálfstæðar útgerðir og fiskvinnslur. Það hefur jafnframt reynst samþættum fyrirtækjum mikil stoð í að jafna út skammtíma misræmi í innra framboði og eftirspurn. Í upphafi voru tvö ólík kerfi notuð við sölu á fiskmörkuðum, ensk og hollensk uppboð. Uppboðskerfin runnu síðan saman á tíunda áratugnum og studdust þá öll um tíma við ensk uppboð.

Kenningar hagfræðinnar segja að á uppboðum með einsleitar vörur eigi uppboðskerfið ekki að skipta máli varðandi verðmyndun. Þó fiskur geti verið einsleitur hefur hann marga eiginleika, s.s. tegund, meðferð, veiðarfæri og ferskleika sem ráða virði hans. Fyrrnefndar breytingar á uppboðskerfi íslensku fiskuppboðanna gefa tækifæri til að prófa þessa kenningu. Metið er dýnamískt Bayesískt hedónskt líkan og kenningin um hlutleysi verðs prófuð innan þess. Niðurstöðurnar benda ekki til þess að uppboðskerfi hafi áhrif á verð.

Birgir Þór Runólfsson
Daði Már Kristófersson

## Getur straumlínustjórnun hjálpað til við að hagræða í rekstri?

Straumlínustjórnun gengur út á að auka virði viðskiptavinarins en á sama tíma að lágmarka kostnað. Sífellt fleiri íslensk fyrirtæki bætast í hóp þeirra sem vilja hagræða í rekstri og ná betri árangri. Markmiðið með rannsókninni var að kanna viðfangsefnið með því að rýna ferli innanlandsböggla sem sendir eru með Íslandspósti, greina núverandi stöðu, gera grein fyrir sóun og koma með umbótatillögur. Jafnframt að lýsa þeim hindrunum sem fyrirtæki í svipaðri stöðu standa frammi fyrir.

Lagt var upp með að rannsaka hvort straumlínustjórnun gæti nýst þegar kemur að viðfangsefnum og hindrunum í stjórnun fyrirtækisins. Til að svara rannsóknarspurningunni var framkvæmd tilviksrannsókn með eigindlegum rannsóknar-aðferðum en þá eru eitt eða nokkur tilvik rannsökuð í smáatriðum til að þróa eins ítarlegan skilning og mögulegt er á tilvikunum með vettvangsrannsókn. Tekin voru viðtöl við starfsmenn Íslandspósts og fyrirtækja sem senda böggla-sendingar með Íslandspósti daglega. Teiknað var upp núverandi ferli innanlandsböggla, gerð grein fyrir sóun og lagðar voru fram umbótatillögur. Helstu niðurstöður benda til þess að hægt sé að greina sóun og gera ýmsar umbætur í ferlinu og hjálpa til við að hagræða í rekstri. Niðurstöður munu nýtast Íslandspósti til að vinna að enn frekari úrbótum ef þess er þörf en slíkt getur skilað sér í sterkari stöðu fyrir rekstur fyrirtækisins.

Eðvald Möller

# Áhættustýring vegna veðurs hjá Landsneti hf.

Vinna við raforkuflutningskerfi Landsnets hefur í för með sér margskonar áskoranir og áhættu. Markmið Landsnets er að allir starfsmenn skili sér heilir heim á sál og líkama í lok hvers vinnudags. Veturinn 2019/2020 einkenndist af óveðrum og veðurviðvörunum. Á þessu tímabili var í fyrsta sinn gefin út rauð viðvörun vegna veðurs eftir að nýtt viðvörunarkerfi Veðurstofu Íslands var tekið í notkun. Veðurviðvaranir og óveðrin sem gengu yfir Ísland á þessum tíma höfðu mikil áhrif á rekstur raforkuflutningskerfis Landsnets og fyrirtækið þurfti að huga vel að komandi óveðrum til að reyna að minnka áhrif þeirra á rekstur fyrirtækisins. Markmiðið með rannsókninni var að kanna áhættustýringu, ferla og viðbrögð Landsnets við veðurviðvörunum á Íslandi. Einnig að sjá hvort hún hefði jákvæð áhrif á útkomu verkefna. Til að svara rannsóknarspurningunni var framkvæmd eigindleg rannsókn sem byggir á reynslu og upplifun sex aðila sem upplifðu óveðrin sem gengu yfir Ísland í byrjun desember ársins 2019 til loka febrúar ársins 2020. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að hjá Landsneti sé mikill metnaður og að til staðar sé kerfisbundinn undirbúningur til þess að tryggja rekstraröryggi raforkuflutningskerfisins í landinu. Niðurstöður sýna að fyrirbyggjandi aðgerðir í formi áhættustýringar leiði til þess að mikill viðbúnaður sé til staðar, sem og þekking til að tryggja raforkuöryggi.

Vigdís Lea Birgisdóttir
Eðvald Möller

# Lykilþættir sem skapa árangur?

Verkefnastjórnun hefur vaxið sem fagsvið á undanförnum árum. Til marks um það er mikil aukning á fjölda vottaðra verkefnastjóra sem starfa hér á landi. Fyrirtæki stýra einnig stefnumiðuðum markmiðum sínum í síauknum mæli með verkefnavinnu þvert á skipulag. Markmiðið með þessari tvíþættu rannsókn var að draga fram þá lykilþætti sem skapa árangur í verkefnum. Annars vegar er um að ræða megindlega rannsókn á formi spurninga-könnunar sem lögð var fyrir starfandi verkefnastjóra á Íslandi. Hins vegar eigindlega rannsókn á formi viðtala við aðila sem gáfu kost á slíku eftir þátttöku í spurninga-könnun. Markmið rannsóknarinnar var ennfremur að kanna viðhorf verkefnastjóra hér á landi, bæði verkefnastjóra sem hafa hlotið menntun á sviðinu og þeirra sem hafa ekki menntun á sviðinu, þeirra sem hafa hlotið vottun og þeirra sem ekki hafa hlotið vottun og bera saman við þá þætti sem IPMA og PMI leggja til grundvallar árangursríkri verkefnastjórnun. Niðurstaða rannsóknar var að þó verkefnastjórar hér á landi hafi tileinkað sér hluta aðferðafræði IPMA og PMI þá er enn langt í land með að verkefni séu unnin að fullu eftir þeim grunni. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að oft er árangur ekki í fullu samræmi við upphafleg markmið en meginmarkmið aðferðafræði IPMA og PMI er að ná góðri útkomu úr verkefnavinnu með viðurkenndum aðferðum. Þátttakendur í rannsókn mátu teymisvinnu, forystu, heilindi og áreiðanleika sem mikilvægustu þætti sem skapa árangur í verkefnum.

Kristján Þorvaldsson
Eðvald Möller

# Hvað geta stjórnendur gert til að stuðla að heilsusamlegra starfsumhverfi?

Markmið rannsóknarinnar var að skoða streitu og kulnun í starfi meðal starfsfólks og greina áhrif stjórnunarhátta og vinnuaðstæðna á vellíðan starfsfólksins. Rannsóknin byggir á spurningalistakönnun meðal starfsfólks 13 íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2019. Alls svöruðu 5.182 spurningalistanum að einhverju eða öllu leyti (svarhlutfall 54%). Notaður var PPS (Perceived stress scale) mælikvarðinn til að mæla starfstengda streitu og CBI (Copenhagen Burnout Inventory) til að mæla kulnun í starfi. Niðurstöðurnar sýna að meira en helmingur svarenda var haldinn vinnutengdri streitu, tæp 59%. Niðurstöðurnar sýndu einnig að tæp 19% svarenda voru með kulnunareinkenni sem viðkomandi ætti að gera eitthvað í og tæp 3% mældist svo örmagna og útbrunnin að þau ættu að leita sér tafarlaust hjálpar til að breyta stöðu sinni. Fram komu neikvæð tengsl streitu og kulnunar við stjórnunarhætti (hvatningu á vinnustað, félagslegan stuðning, umhyggju fyrir starfsfólki og upplýsingamiðlun) sem og vinnuaðstæður (staðblæ, sjálfræði í starfi, þróun í starfi og samskipti). Niðurstöðurnar sýna glöggt að það er ýmislegt sem stjórnendur geta gert til að hafa áhrif á og draga úr streitu og kulnun á vinnustað. Öll berum við ábyrgð á eigin heilsu og vellíðan en það er á ábyrgð vinnuveitandans að skapa gott vinnuumhverfi þannig að starfsfólk geti unnið sín störf á góðan hátt og að það geti staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til þess.

Hjördís Sigursteinsdóttir
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

## COVID-19 og efnahagskreppan. Hvaða lærdóm getum við dregið af bankahruninu?

Markmið rannsóknarinnar var að skoða tengsl efnahags-kreppunnar 2008 við veikindi og veikindafjarvistir starfsfólks í menntunar- og umönnunarstörfum 17 íslenskra sveitarfélaga á árunum milli 2010 og 2019. Spurt var hvort fólk hafi mætt veikt til vinnu af völdum álags og hvort starfsfólk hafi leitað til læknis vegna aðstæðna í vinnunni á tímabilinu. Bakgrunnsþættir eins og uppsagnir, kyn, aldur, hjúskaparstaða, barnafjöldi og tegund atvinnu voru einnig skoðaðir. Byggt er á langtíma panelgögnum 1254 starfsmanna sem svöruðu öllum fyrirlögnum árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. GEE módel var notað til að spá fyrir þróun yfir tíma.

Niðurstöðurnar sýna aukningu veikindafjarvista á tímabilinu. Marktæk tengsl voru við uppsagnir, aldur, hjúskaparstöðu, börn á heimili og vinnu í leikskóla. Fleiri mættu einnig veikir til vinnu vegna álags og það sama gilti um að hafa leitað til læknis vegna aðstæðna í vinnunni. Rannsóknin sýnir mikilvægi þess að skoða heilsu og líðan í kjölfar efnahagshruns, ekki aðeins fyrstu árin eftir hrun heldur mörg ár þar á eftir. Rannsóknin er innlegg í umræðu um vinnutengda líðan í kjölfar efnahagskreppa, sem brýnt er að skoða vegna COVID-19.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Hjördís Sigursteinsdóttir

# Andleg líðan íslenskra ungmenna og vinna með skóla: Munur eftir kyni?

Andleg vanlíðan er algeng meðal unglinga og þá sérstaklega meðal stúlkna. Það er líka algengt að íslensk ungmenni vinni með skóla, þá sérstaklega stúlkur. Þáttur vinnu með skóla í vanlíðaninni og tengsl við kyn hafa hins vegar lítið verið rannsökuð. Markmið rannsóknarinnar er að skoða mun milli andlegrar líðanar og umfangs vinnu með skóla meðal íslenska ungmenna eftir kyni. Spurningakönnun var lögð fyrir 2800 13-19 ára ungmenni, slembivalin úr Þjóðskrá. Svarhlutfall var 48,6%. Spurt var hversu oft ungmennin hefðu fundið fyrir andlegum einkennum síðasta árið og ungmennunum skipt niður í þrjá hópa, þeirra sem ekki vinna með skóla, eru hóflegri vinnu og í mikill vinnu. Marktækni var mæld með Kí-kvaðrat-prófi. Niðurstöðurnar sýna að ungmenni sem vinna ekki með skóla eru ólíklegust en þau sem vinna mikið líklegust til að búa við slæma almenna andlega heilsu og að finna fyrir þreytu eftir fullan svefn, svefnleysi, þunglyndi og áhyggjum eða depurð. Munurinn helst hjá stelpum en hverfur alfarið hjá strákum þegar prófað er eftir kyni. Enginn munur mældist milli umfangs vinnu með skóla og að finna fyrir kvíða eða spennu. Ályktað er að bæta þurfi aðstæður ungmenna í vinnu þannig að þær ýti ekki undir andlega vanlíðan, þá einkum aðstæður stúlkna.

Margrét Einarsdóttir

# Áhrif félagslegs stuðnings á starfsánægju á vinnustað.

Markmið rannsóknarinnar var að skoða áhrif staðblæs á líðan starfsfólks á vinnustað út frá félagslegum stuðningi frá næsta yfirmanni og samstarfsfélögum sem og samhygð á vinnustað. Rannsóknin byggir á spurningarlistakönnun meðal starfsfólks 13 íslenskra sveitarfélaga sem framkvæmd var árið 2019. Svarhlutfall könnunarinnar var ríflega 54% í heild, en alls svöruðu 5.182 einstaklingar könnuninni. Spurningarnar í könnuninni eru allt spurningar sem hafa verið áður notaðar í öðrum vinnustaðarannsóknum þar sem verið er að mæla líðan á vinnustaðnum og starfsánægju. Til að kanna mun á viðhorfum karla og kvenna á félagslegum stuðningi, samhyggð og starfsánægju var notað kí-kvaðratpróf. Niðurstöður sýna að starfsfólk sem upplifir félagslegan stuðning og samhyggð á vinnustaðnum er ánægðara í starfi. Konur töldu í meira mæli en karlar að þær ættu stuðning vísan bæði frá vinnufélögum og yfirmönnum og fleiri konur en karlar töldu að yfirmaður eða vinnufélagi sýndi þeim umhyggju sem einstaklingi. Fram kom jafnframt marktækur munur á starfsánægju kvenna og karla þannig að hlutfallslega fleiri konur eru ánægðari í starfi en karlar. Sterk jákvæð tengslu fundust á milli staðblæs og starfsánægju sem þýðir að líðan starfsfólks á vinnustað var betri þar sem staðblærinn var sterkari en ver þar sem hann var veikari. Niðurstöður sýna fram á mikilvægi þess að stjórnendur stuðli að góðum staðblæ á vinnustaðnum sem skapar vinnuumhverfi þar sem starfsfólk nýtur félagslegs stuðnings og samhyggðar frá yfirmönnum og vinnufélögum.

Fjóla Björk Karlsdóttir

## Ástarkraftur og atvinnan. Er eitthvað kynlegt við það?

Um heim allan eru karlar í meirihluta þegar kemur að áhrifastöðum á vinnumarkaði og það sama gildir um Ísland. Þrátt fyrir að mörg mikilvæg skref hafi verið tekin í átt að auknu jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi þá má að hluta skýra valdamuninn á vinnumarkaði með hugmyndafræðilegri vísan í rómantísk ástarsambönd sem á sér rótgrónar rætur í valdatengslum ástarinnar. Í erindinu beitum við sjónarhorni ástarkraftsins sem ein skýring á ójöfnuði karla og kvenna í stjórnendastöðum. Greiningin byggir á 61 viðtali, tekin á árunum 2009 – 2016. Niðurstöðurnar gefa til kynna að ástarkrafturinn eigi þátt í að fleyta körlum áfram í atvinnulífinu og geti frelsað þá frá fjölskylduábyrgð á meðan sami kraftur festi konur í ástar- og umönnunarfjötrum. Fyrirtækjamenning gerir oft ráð fyrir löngum vinnudegi sem karlar eiga frekar færi á að sinna vegna virðisaukans sem ástin færir þeim. Karlar í framkvæmdarstjórnarstöðum eiga að meðaltali fleiri börn en konur í sömu stöðu, en þó verja þeir mun minni tíma í að sinna fjölskyldu og öðru heimilishaldi en kvenkyns stjórnendur. Þar sem náin sambönd kynjanna hafa í för með sér að karlar í áhrifastöðum fá meiri stuðning til að sinna sjálfum sér og starfsframanum en gildir um konur í sömu stöðu, þá hefur sú ályktun verið dregin að ástin valdefli þá umfram það sem gerist meðal kvenna.

Ólöf Júlíusdóttir

# Tengsl milli menntunar og tekna maka og starfsferilsþróunar doktorsmenntaðra á Íslandi

Rannsóknir á starfsferilsþróun fólks í stjórnunarstöðum og akademíu hafa, á undanförnum áratugum, aukist töluvert. Hluti af þeim rannsóknum hafa sérstaklega beint sjónum sínum að starfsferilsþróun fólks með tilliti til fjölskyldugerðar. Jafnvægi milli vinnu og fjölskyldu í þessu samhengi er einkum áhugavert að skoða í ljósi þess að hugmyndir um möguleikann á að öðlast starfsframa á þessum sviðum var upphaflega byggður á fyrir-vinnu-módelinu. Þrátt fyrir að fyrirvinnu-módelið teljist í dag frekar til undantekningar í hinum vestræna heimi benda rannsóknir þó til þess að hugmyndir um hinn „framúrskarandi rannsakanda“ eða hinn „farsæla stjórnanda“ sem krefjast þess að vinnan fái óskipta athygli og að maki sjái að mestu um allt sem við kemur heimilinu, lifi enn góðu lífi. Í ljósi framsækni Íslands hvað varðar atvinnuþátttöku kvenna, er áhugavert að skoða hlutverk maka í starfsferilsþróun doktorsmenntaðra á Íslandi. Til greiningar verða nýtt langtímagögn Hagstofu Íslands frá árunum á milli 1997 og 2017 og er þýðisramminn einstaklingar með 5 - 20 ára gamalt doktorspróf. Við munum beita dreifnigreiningu (ANOVA) og þannig skoða hvort hjúskaparstaða, menntun og tekjur maka hafi áhrif á tekjuþróun hinna doktorsmenntuðu. Rannsóknin er enn á frumstigi en við munum birta fyrstu niðurstöður á ráðstefnunni.

Maya Staub
Thamar Melanie Heijstra

# Kynbundinn munur á afleiðingum og viðbrögðum við kynferðislegri áreitni á íslenskum vinnustöðum

Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum er algengt vandamál og sýna rannsóknir að konur eru oftar þolendur en karlar sem rakið er til kynbundinna viðhorfa og ójafnrar stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Afleiðingar geta þó verið alvarlegar fyrir bæði kyn og komið niður á vinnu og einkalífi. Í þessari rannsókn var kannað hvort munur var á viðbrögðum kvenna og karla sem urðu fyrir kynferðislegri áreitni og hvort greina megi mismunandi afleiðingar á störf þolenda eftir kyni. Gögnum var safnað með tilviljunarúrtaki úr netpanel Félagsvísindastofnunar (n=2387, svarhlutfall 45%) og að auki var tekið tilviljunarúrtak úr þýði innflytjenda úr Þjóðskrá (n=831, svarhlutfall 32%). Niðurstöður sýndu að 25% kvenna og 7% karla höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað einhvern tímann á starfsferlinum. Algengara var að karlar töldu áreitnina ekki hafa haft nein áhrif á starf sitt eða 79% þeirra á móti 53% kvenna. Álíka hátt hlutfall kvenna (19%) og karla (17%) lagði fram kvörtun á vinnustaðnum. Konur (66%) voru líklegri en karlar (55%) til að ræða við vin, samstarfsfélaga eða fjölskyldumeðlim um áreitnina. Kynferðisleg áreitni hefur afleiðingar fyrir bæði konur og karla, en þó hallar frekar á konur. Mikilvægt er að allar stefnur og aðgerðir innan vinnustaða taki mið af jafnrétti kynjanna.

Ásta Snorradóttir
Ólöf Júlíusdóttir

# Valdaójafnvægi og kynferðisleg áreitni: Reynsla íslenskra íþróttakvenna

Íþróttakonur gáfu út #metoo reynslusögur þann 11. janúar 2018 og síðan þá hafa fleiri stigið fram. Reynsla þeirra lýsir ójafnrétti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem virðist viðgangast í íþróttaumhverfinu á Íslandi. Erlendar rannsóknir benda til þess að kynferðisleg áreitni og ofbeldi sé viðvarandi vandamál innan íþrótta og að menningin innan þeirra ýti jafnvel undir og samþykki slíka hegðun. Rannsóknir benda jafnframt til þess að í íþróttum eigi sér stað normalísering og umburðarlyndi gagnvart kynferðislegri áreitni sem birtist meðal annars í því að litið er fram hjá skaðsemi hennar auk þess sem kynferðisleg sambönd milli ungra iðkenda og þjálfara eru álitin meinlaus og jafnvel viðtekið norm. Í þessu samhengi hefur þó verið sýnt fram á að sterk tengsl séu milli valdaójafnvægis og aukinnar hættu á að verða fyrir kynferðislegri áreitni í íþróttum. Tengslaofbeldi (e. relational violence) getur því átt sér stað, bæði milli þjálfara og nemenda og eins milli iðkenda í þeim tilfellum þar sem valdaójafnvægi er til staðar (t.d. með tilliti til aldurs og aðstæðna). Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á stöðuna á Íslandi með hliðsjón af erlendum rannsóknum en hún byggir á viðtölum sem tekin voru við fyrrverandi og núverandi íþróttakonur um reynslu þeirra af íþróttaumhverfinu. Rannsóknin er enn á frumstigi og öflun gagna er í ferli. Hér verður fjallað um frumniðurstöður úr fyrstu viðtölunum.

Anna Soffía Víkingsdóttir

## Violence, misrecognition and grievability

When we think of violence it is often at distance from us, it is something that happens to the other. Someone far away, not in our near kinship, friendship, or national circles. Yet violence is daily bread to many. In her most recent work Judith Butler discusses violence from the perspective of grievability. How people and groups judge whom to protect and whom it is acceptable to be violent towards. Groups and individuals that are understood as grievable: family members, famous people, people we feel a sense of kinship with are deemed of value and thus grievable; the people we seek to protect. The others are not construed as having grievable value. Through this sorting of individuals into categories we construct justifications for the perpetration of violence on these others who fail to fit into the structure of values. Through this violence becomes systemic and institutionalized as we exclude members of society. This leads to misrecognition of the subject and silencing of their voices in national and cultural discourse. In this brief discussion we will use Butler to examine how cultural and national discourse constructs grievability and how this leads to the misrecognition and silencing of those understood as "other" to frame the discussion in this seminar.

Brynja E. Halldórsdóttir

*Violence, gendered bodies, and heteronormativity: Rethinking the position of violence in the construction of gender and sexuality in post-revolutionary Iran.*

## Matter at School: Construction of Gender and Sexuality and Schooling in the Education System of the Islamic Republic of Iran

Drawing on ethnographic data from the urban area of Tehran, the capital of the Islamic Republic of Iran, the study presented here contributes to the growing field of research on the role of schooling and education with regards to gender and sexuality by focusing on school practices and educational spaces. We argue that the nation-state of the Islamic Republic of Iran is a religious biopolitical state. The official discourse relies on heteronormative as well as gender normative belief system. School spaces are therefore constituted as heteronormative and non-heterosexuality is not recognized as a legitimate subject position. Thus, the education system upholds the ideology of the state, by which the ideal/normal student is read as being heterosexual, adhering to Islamic /state values, and constituted on the axis of strict gender binaries. Education about sexual-gender diversity is therefore excluded and/or silenced. Drawing on interviews with gay identifying young men, as well as analyzing official policy documents (the curriculum) and selected textbooks, the aim here is to explore school practices in terms of gender and sexuality, and how schools construct and regulate sexual and gender identities, with the aim of producing the ideal Islamic/Iranian subject.

Jón Ingvar Kjaran
Mohammad Naeimi

## Trans Men and Trans Women in Contemporary Iranian Society: Reflecting on Mardanegi and Aberu

Mainstream media, mainly Anglophone represents sex change in Iran as an oppressive act of the Islamic state that is forced on homosexuals. The existing literature published outside Iran, too portrays trans as the construction of the state. I perceive these arguments as not only Islamophobic, but also homonormative and anti-trans. For, such arguments fail to notice the legal complexities of sex change and the knowledge of trans people who choose and want to undergo gender affirmation surgery to change their legal gender, which overlook the social and legal violence and discrimination against trans people in Iran. Drawing on semi-structured interviews with trans people, surgeons, lawyers, activists and an Islamic jurist in Iran between 2014 and 2017, I show how trans women are misrecognized and made invisible within Iranian law and society in comparison with trans men who are the public face of trans in Iran. In this paper, I discuss how trans men can benefit from transitioning to become men in comparison to trans women who experience social exclusion, violence and discrimination before and after transitioning. Moreover, I draw on the concept of masculinity in Persian mardanegi and the socio-cultural practices of aberu to illuminate practices of gender and social embodiment in contemporary Iran.

Zara Saeidzadeh

## Performing sexuality in a gender regime: the middle-class Iranian youth

In recent years, there have been a proliferation of studies and research on Iranian youths, their habits and lifestyles. The sentimental and sexual sphere, specifically, has often been mentioned as an example of the innovative and revolutionary requests and features of this generation, commonly depicted as transgressive and sexually disinhibited. Building on an extended literary review, ethnographic data and narrative interviews with young men and women of Tehran's middle class, the present contribution aims to shed light on the multiple, complex and ambiguous ways this segment of the Iranian population engages with and concretely perform sentimental and sexual relationships in its everyday life. The empirical results indicate a much more intricate and multifaceted reality than what is commonly labelled, where sentimental relations and sexuality, although undoubtedly changing, still take shape within the framework of a gendered regime where discriminations and inequalities strongly influence the dynamics of power between individuals.

Rassa Ghaffari

*Violence, gendered bodies, and heteronormativity: Rethinking the position of violence in the construction of gender and sexuality in post-revolutionary Iran.*

## „Violence regimes: Re(thinking) the concept and position of violence

The paper explores the concept and position of violence in relation to violence studies and gender regimes. The purpose is to develop *violence regime* as a feminist theory of violence to enable the analysis of multiple simultaneous intersectional modalities of violence. The aim is three-fold: *First*, to theorise *violence regimes* as a feminist post-disciplinary challenge to conventional directions of violence studies within criminology and psychology. Here, the paper shows how violence is normalised, an expression of power, and directed from the privileged towards the disadvantaged. *Second*, to use *violence regimes* to pose an empirical challenge to gender regimes: *violence regimes* is a framework to empirically examine if/how the institutionalisation and production of violence constitute distinct regimes, in turn enabling further comparison of violence to states and people. Third, the aim is to challenge the position of violence in social theory, often fragmented and peripheral. The paper deploys the concept of *modality of violence* to place violence at the centre of analysis by positioning violence as an organising principle, from which/where other inequality structures are understood. The paper is based on material and results from the VR-funded *Violence Regimes* (Sofia Strid, Dag Balkmar, Jeff Hearn (Örebro University), Anne Laure Humbert (Oxford Brookes University).

Sofia Strid

## Tengsl efnahagslegrar stöðu og hamingju

Í þessari rannsókn er Evrópska lífsgæðakönnunin (e. European Quality of Life Survey) notuð til að skoða tengslin á milli tekna, efnahagslegrar stöðu og hamingju fólks í 34 Evrópulöndum. Meginmarkmiðið er að nota upplýsingar um upplifaða efnahagslega stöðu, þ.e. hvar fólk upplifir sig statt fjárhagslega miðað við aðra, og kanna hver áhrifin af henni eru á hamingju fólks samanborið við áhrifin af tekjum, bæði hlutfallslegum og rauntekjum. Þrjár meginniðurstöður rannsóknarinnar eru eftirfarandi: (1) Sterk tengsl eru á milli hamingju og upplifaðrar efnahagslegrar stöðu. Þeir sem telja sig verr setta en aðra eru umtalsvert óhamingjusamari á meðan þeir sem telja sig betur setta eru örlítið hamingjusamari, miðað við þá sem telja sig hvorki betur né verr setta. (2) Hlutfallslegar tekjur segja meira til um hamingju fólks en rauntekjur, sem er í samræmi við fyrri rannsóknir. (3) Þegar áhrif hlutfallslegra tekna og upplifaðrar efnahagslegrar stöðu á hamingju eru skoðuð í sama líkani, þá sést að upplifuð efnahagsleg staða hefur sterkari tengsl við hamingju en raunverulegar tekjur. Þetta er vísbending um að upplifun fólks á efnahagslegri stöðu sinni í heimalandi sínu segi meira til um hamingju þess en tekjur þeirra.

Guðrún Svavarsdóttir

## Áhrif geðraskana á lífsánægju

Fjöldi rannsókna hafa verið framkvæmdar á sviði sálfræði, hamingjurannsókna og hagfræði til að kanna áhrif geðraskana á lífsánægju. Samt sem áður hefur fræðasamfélaginu ekki tekist að leggja til fullnægjandi aðferð til að bregðast við því tvístefnusambandi sem ríkir milli lífsánægju og geðheilbrigðis-breyta. Ef ekki er brugðist við þessu vandamáli leiðir það til verulega bjagaðs mats á áhrifum geðraskana á lífsánægju. Í þessari rannsókn metum við áhrif þunglyndis og/eða kvíða á lífsánægju með hjálparbreytuaðferð (e. instrumental variable approach), þar sem gagnasafnið HILDA (Household, Income and Labour Dynamics in Australia) er notað. Niðurstöður okkar leiða í ljós að fyrri rannsóknir hafi verulega ofmetið áhrif þunglyndis og/eða kvíða á lífsánægju. Fyrri niðurstöður sýna sjö til átta sinnum stærri áhrif en okkar. Ef þessar niðurstöður eru notaðar til að reikna virði þess að þurfa ekki að búa við þunglyndi og/eða kvíða þá fæst um það bil $17,000 á ári, samanborið við $560,000 - $14,000,000 í fyrri rannsóknum. Það er því afar mikilvægt að taka tillit til þess tvístefnusambands sem ríkir milli lífsánægju og geðheilbrigðisbreyta, ef niðurstöður eiga að geta gagnast stjórnvöldum við að taka upplýstar ákvarðanir á sviði geðheilbrigðismála.

Arnar Már Búason
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Edward Norton
Paul McNamee

## Hvers virði er það að líða vel í vinnunni?

Vanlíðan í starfi, svo sem streita og kulnun, hefur verið mikið í umræðunni á síðustu misserum enda hefur algengi þessara kvilla færst í aukana undanfarna áratugi. Rannsóknir á samfélagslegum kostnaði vinnustreitu og annarra óæskilegra aðstæðna í vinnu taka sjaldnast tillit til þess velferðartaps sem einstaklingurinn sjálfur hlýtur af slíkri vanlíðan. Markmið þessarar rannsóknar er að meta það velferðartap sem einstaklingur verður fyrir vegna óæskilegra vinnuaðstæðna. Þar með er hægt að sjá hvaða þættir starfsumhverfis hafa verstu áhrifin á hamingju einstaklinga. Velferðartapið er reiknað með tekjuuppbótaraðferð, sem byggir á því að meta tölfræðilegt samband hamingju, tekna og óæskilegra aðstæðna í vinnu. Notuð eru gögn frá Embætti Landlæknis um heilsu og líðan Íslendinga frá árunum 2007, 2009, 2012 og 2017, þar sem spurt er út í 15 þætti tengda vinnuaðstæðum. Niðurstöðurnar benda til þess að velferðartap einstaklinga sem upplifa slæmar aðstæður í vinnu hlaupi á hundruðum þúsunda á ári á mann. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að slæm samskipti við yfirmenn sýni sterkasta sambandið milli hamingju af þeim aðstæðum sem eru skoðaðar í rannsókninni.

Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Arnar Már Búason

# Áfengi og lífsánægja

Samband áfengis og lífsánægju er flókið. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa skýrara ljósi á þetta samband. Þá er ljósi varpað á mismunandi aðferðafræðilegar nálganir við mat sambands þessara tveggja breyta. Notast er við ástralska gagnasafnið HILDA (Household, Income and Labour Dynamics in Australia). Hjálparbreytuaðferð (e. instrumental variables approach) og sérstakar aðferðir sem nýta panel-gögn eru notaðar til að bregðast við líklegu tvístefnusambandi (e. endogeneity) áfengis og lífsánægju. Þá er tekjuuppbótar-aðferðin notuð, en hún nýtir samband nytja, tekna og áfengisneyslu til að meta peningalegt virði þeirrar velferðarbreytingar sem einstaklingurinn verður fyrir vegna neyslu áfengis. Vissulega er aukinn skilningur á sambandi áfengis og lífsánægju mikilvægur við opinbera ákvörðunartöku á úthlutun fjár innan heilbrigðiskerfisins og víðar. Við leggjum þó áherslu á að auk þessa hagnýta gildis hafi rannsóknin aðferðafræðilegt gildi. Helstu niðurstöður benda til þess að peningalegt virði sé mjög næmt fyrir smávægilegum breytingum á matslíkönum. Þessar niðurstöður eru mikilvægt framlag til rannsókna á virði óáþreifanlegra gæða og benda til þess að í slíkum rannsóknum sé mikilvægt að huga vel að innri breytu vanda.

Anna Guðrún Ragnarsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Paul McNamee
Edward Norton

# Viðbrögð stjórnvalda vegna Kórónaveirufaraldursins út frá (vel)sældar stefnumótun þeirra

Kórónafaraldurinn sem geisað hefur um allan heim árið 2020 hefur valdið miklum efnahags-, samfélags- og umhverfisáhrifum. Viðbrögð þjóða hafa verið mjög mismunandi alveg frá því að fylgja grannt leiðbeiningum sérfræðinga í faraldsfræðum yfir í að gera sér pólítískan leik, og/eða hundsa alvarleika faraldursins. Tekið hefur verið eftir því að kvenþjóðarleiðtogar hafi verið árangursríkari í að hemja kúrfu sjúkdómstilfella. Niðurstöður sýna að lönd sem hafa kvenkyns leiðtoga voru með mun færri COVID-19 dauðsföll miðað við fólksfjölda og voru áhrifaríkari og hraðari í að fletja út faralduralskúrfuna, með lægri toppi í dauðsföllum daglega. Markmið þessarar greiningar er að bera saman viðbrögð þjóða sem eru meðlimir í samtökum um (vel)sældarhagkerfi (e. Wellbeing Economy Governments, WEGo) við markmið sem þessar þjóðir hafa sett sér um hagsæld og lífsgæði sem einnig er vísað til sem velsæld eða sæld (e. prosperity eða wellbeing). Þessi markmið varða ekki einungis hagsæld, heldur hafa einnig samfélags- og umhverfisvíddir. Sældarmarkmið þjóðanna eru mismörg og aðgerðir þjóðanna eru einnig mismargar og margbreytilegar.  Tilgátan er að WEGo þjóðir hafi tekið betur á faraldrinum en aðrar þjóðir. Í greiningunni verða opinberar aðgerðir hverrar þjóðar bornar saman við framsetta sældarmælikvarða (e. wellbeing indicators) þeirra. Niðurstöður sýna að þjóðir sem hafa setta sældarmælikvarða hafa verið með árangursríkari viðbrögð hvað mælikvarða varða fyrir allar víddir sjálfbærni: Umhverfis-, efnahags- og félagslega. Þrjár af fjórum WEGo þjóðunum eru leiddar af konum: Skotland, Nýja Sjáland og Ísland.

Kristín Vala Ragnarsdóttir

# Til hvers að mæta? COVID-19 og reynsla framhaldsskólanema

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna skuldbindingu ungmenna til náms og skóla (stundent engagement) og afleiðingar COVID-19 á þessa reynslu. Tekin hafa verið viðtöl við 20 nemendur sem stunduðu nám á fyrsta til öðru ári í framhaldsskóla undangengið vor í mismunandi námi og skólum. Gangasöfnun stendur enn yfir. Spurt er um viðhorf til skólans, námsins, kennslunnar, samskipta við kennara, samnemendur og félagslíf og stuðnings frá skóla og fjölskyldu. Meginfókusinn er á áhrif COVID-19 á þessa þætti. Bæði í fræðikenningum og skólastarfi er litið svo á að skuldbinding til náms og skóla sé lykilþáttur í farsælli skólagöngu nemenda. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að skuldbinding skiptir miklu  um námsgengi ungmenna og að eftir því sem hún dvínar því meiri líkur eru á brotthvarfi frá námi. Unglingsárin eru sérstakt áhættutímabil þar sem skuldbinding minnkar að jafnaði á þessum árum en rannsóknir skortir á ástæðum þess. Við teljum að þær óvenjulegu aðstæður sem sköpuðust í skóla og samfélagi við COVID-19 gefi einstakt tækifæri til að auka skilning á hvernig skuldbinding mótast af samspili einstaklingsins og umhverfis hans á þessu viðkvæma aldursskeiði. Í erindinu verða fyrstu niðurstöður þessarar viðmiklu rannsóknar kynntar en þær eru enn í vinnslu. Vonast er til að þær nýtist bæði í forvörnum gegn brotthvarfi og í vinnu með þeim sem horfið hafa frá námi.

Kristjana Stella Blöndal

# Upplifun leiðtoga á Íslandi af álagi, áskorunum og bjargráðum á tímum heimsfaraldurs COVID-19

Á tímum heimsfaraldurs COVID-19 reynir verulega á grunnstoðir íslensks samfélags sem treystir nú sem aldrei fyrr á bæði kven- og karlleiðtoga innan heilbrigðisþjónustunnar og mennta-kerfisins sem daglega standa frammi fyrir afdrifaríkum ákvörðunum og eru á sama tíma að leiða fylgjendur sína áfram í átt að sameiginlegu markmiði sem snýst um líf og heilsu sam-starfsfólks, skjólstæðinga og nemenda. Að því að best er vitað eru ekki fyrirliggjandi rannsóknir sem dýpka þekkingu á reynslu leiðtoga sem standa í framlínunni af álagi, áskorunum og bjargráðum við þessar fordæmalausu aðstæður. Markmið doktorsrannsóknarinnar er að auka þekkingu á upplifun karla og kvenna af álagi, áskorunum og bjargráðum í starfi sínu sem leiðtogar í heilbrigðis- og menntakerfinu á tímum heimsfaraldurs COVID-19. Með eigindlegri aðferð fyrirbæra-fræðinnar er lögð fram rannsóknarspurningin: Hvernig er að vera kven-og karlleiðtogi á Íslandi á tímum heimsfaraldurs með hliðsjón af álagi, áskorunum og bjargráðum? Frumniðurstöður fyrsta hluta rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að marg-þættum, flóknum og áður óþekktum áskorunum sem leiðtogar innan menntakerfis stóðu frammi fyrir vorið 2020, var mætt með samvinnu, auðmýkt, umhyggju og áræðni. Niðurstöðurnar gefa mikilvæg tækifæri til  hagnýtingar innan menntakerfis og meðal leiðtoga og stjórnenda sem standa frammi fyrir krefjandi aðstæðum og áskorunum.

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir

## Hvernig horfir kjaradeila Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair við, út frá sjónarhorni vinnumarkaðsfræðanna?

Þann 19. júlí s.l. undirituðu Flugfreyjufélag Íslands, FFÍ og Icelandair kjarasamning. Tveimur dögum áður hafði Icelandair slitið kjaraviðræðum við FFÍ og sagt upp öllum starfandi flugfreyjum og flugþjónum. Félagið tilkynnti ennfremur að það myndi hefja viðræður við annan samningsaðila á íslenskum vinnumarkaði. Einnig var það tilkynnt að flugmenn félagsins myndu starfa tímabundið sem öryggisliðar um borð í flugvélum Icelandair. Við samþykkt kjarasamningsins voru uppsagnirnar dregnar til baka. Þessi rannsókn fjallar um þessa kjaradeilu frá sjónarhorni vinnumarkaðsfræðanna. Hér er um margt óvenjulega vinnudeilu að ræða. Félagsmenn FFÍ og störfuðu hjá Icelandair voru búnir að vera samningslausir í 18 mánuði. Svo gerist það, mitt í kjarasamningaiðræðunu að yfir heiminn gengur heimsfaraldur kórónuveiru sem um tíma stöðvaði nánast allt farþegaflug í heiminum sem kallaði á umfangsmikilar hagræðingaraðgerðir. Við þessar fordæmalausu aðstæður var FFÍ og Icelandair að reyna að ná samkomulagi um kaup og kjör. Hér er um mjög óvenjulega vinnudeilu að ræða sem á sér vart hliðstæðu á íslenskum vinnumarkaði. Hér verður þessi vinnudeila skoðuð út frá sjónarhorni vinnumarkaðsfræðanna og þeirra samskipta sem hafa þróast á íslenskum vinnumarkaði síðustu áratugi, og byggir á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

# Relationship between Mediterranean diet, body composition and physical fitness in 13 to 16-years old Icelandic students

Physical activity, physical fitness and adherence to the Mediterranean diet (MD) are preventative factor of obesity. The aim of this study was to examine the association between physical fitness, body composition, and adherence to MD in 13 - 16 years old adolescents. A cross-sectional study was conducted, with 387 subjects of 13 - 16 years old students (54% boys) from secondary schools in Reykjavik. The ALPHA Fitness Test was used to measure physical fitness and body composition. The Mediterranean Diet *(KIDMED)* questionnaire was used to assess adherence to MD. One-way ANOVA and Bonferroni post-hoc tests were performed for the associations between MD, body composition, and fitness according to gender and age. The results showed that boys had lower body fat percentage, and wider waist circumference, but no significant difference was found in BMI between genders. High/medium MD group had better performance in endurance test than those with low MD. Among boys, high/medium MD group had lower fat percentage and better performance on the sprint test than low MD group. MD was strongly related to endurance performance. The current findings indicate that MD is a strong determinant of lifestyle related health among adolescents in Iceland.

Þórdís Gísladóttir
Pablo Galan-Lopez
Francis Ries

# Ógnanir og ofbeldi í garð félagsráðgjafa

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort félagsráðgjafar á Íslandi upplifi ógnanir og ofbeldi í starfi. Lagt var upp með að ná til allra starfandi félagsráðgjafa á Íslandi sem skráðir voru í Félagsráðgjafafélag Íslands. Notast var við megindlega aðferð í formi spurningalista sem lagður var fyrir rafrænt. Þátttakendur voru 271 talsins og var svarhlutfall 54,7%. Kynjaskipting var á þá vegu að 94,1% þátttakenda voru konur og 5,9% karlar. Flestir þátttakendur voru annars vegar á aldursbilinu 31-35 ára og hins vegar 56 ára og eldri, eða 17,3% í báðum tilfellum. Algengasta tegund ógnana og tilfinningalegs ofbeldis sem þátttakendur lýstu reyndist vera að skjólstæðingur hafði hrópað eða öskrað á þá, en 70,5% þátttakenda höfðu upplifað slíkt. Algengasta tegund líkamlegs ofbeldis var að skjólstæðingur togaði í eða ýtti félagsráðgjafa af mikilli hörku en 5,5% þátttakenda lýstu slíku. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að félagsráðgjafar sem starfa í barnavernd og/eða fara á heimili skjólstæðinga sinna eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi í starfi. Yngri félagsráðgjafar eru líklegri til þess að verða fyrir ofbeldi í starfi en eldri en niðurstöðurnar benda ekki til þess að munur sé á milli kynja. Rannsóknin sýnir að stór hluti félagsráðgjafa hér á landi verður fyrir ógnunum og tilfinningalegu ofbeldi í starfi og dæmi eru um að þeir verði fyrir líkamlegu ofbeldi. Höfundar telja mikilvægt að brugðist verði við niðurstöðunum til að tryggja betur öryggi félagsráðgjafa í starfi.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Björn Már Sveinbjörnsson Brink

# Innleiðing Kanban í nýtt teymi: Hvað er á bak við töfluna?

Aðferðir verkefnastjórnunar hafa notið síaukinna vinsælda vegna þarfar skipulagsheilda til þess að auka skilvirkni og mæta síbreytilegum kröfum nútíma viðskiptaumhverfis. Kanban aðferðin er einföld en áhrifarík. Hún miðar meðal annars að því að gera vinnuna fyrirsjáanlegri og vinnuálag jafnara. Rannsókn þessi var gerð í samstarfi við ónefnda skipulagsheild, þátttakendur voru ellefu. Markmið rannsóknarinnar var að innleiða tól, í von um að það myndi aðstoða þátttakendur við að bæta starfshætti sína og vinna á skilvirkari hátt. Vegna eðli rannsóknar var framkvæmd starfendarannsókn. Fyrsta skref var að safna gögnum um núverandi stöðu verkefnastjórnunar innan skipulagsheildarinnar. Gögnum var safnað með þremur einstaklingsviðtölum og rýnihóp. Eftir greiningu gagna var ákveðið að innleiða Kanban töflu þar sem hún var talin koma til móts við þarfir skipulagsheildarinnar. Þátttakendur notuðu töfluna í þrjár vikur en á þeim tíma voru gerðar vikulegar athuganir í formi töflufunda. Að þeim tíma loknum átti seinni rýnihópur sér stað, markmið hans var að safna gögnum um reynslu og upplifun þátttakanda á notkun töflunnar. Niðurstöður sýna að þrátt fyrir stuttan reynslutíma þá sáu þátttakendur mikinn ávinning af notkun töflunnar. Þátttakendur sögðust hafa verið skilvirkari og skipulagðari, einkum varðandi aðhald og yfirsýn. Rannsókn þessi sýnir fram á að á stuttum tíma getur innleiðing aðferða og tóla verkefnastjórnunar leitt gott af sér, eins og til dæmis skilvirkari vinnubrögð, betra skipulag og meiri yfirsýn yfir verkefni.

Svanhvít Helga Magnúsdóttir
Inga Minelgaité

## Vinnuverndarfræðsla og öryggisþjálfun íslenskra ungmenna í vinnu

Flest íslensk ungmenni vinna á sumrin frá 14-15 ára aldri og mörg vinna líka með skóla. Lög tryggja ungmennum rétt til öruggs vinnuumhverfis og til öryggisþjálfunar en til að ungmennin eigi tök á að nýta þennan rétt þurfa þau að fá fræðslu um hann í skóla. Lítið er hins vegar vitað um umfang og gæði þeirra vinnuverndarfræðslu og öryggisþjálfunar sem íslenskum ungmennum er boðið upp á. Markmið rannsóknarinnar er að skoða umfang og gæði annars vegar vinnuverndarfræðslu í skólum og hins vegar öryggisþjálfunar ungmenna í vinnu. Rannsóknin byggir á blönduðum rannsóknaraðferðum. Annar vegar á spurningakönnun sem lögð var fyrir 2800 13-19 ára ungmenni, slembivalin úr Þjóðskrá. Svarhlutfall var 48,6%. Hins vegar á 12 hópviðtölum og sjö einstaklingsviðtölum við samtals 45 ungmenni. Niðurstöðurnar sýna að mikið skortir upp á umfang og gæði hvoru tveggja vinnuverndarfræðslu í skólum og öryggisþjálfunar ungmenna í vinnu. Einungis 30% höfðu fengið einhverja vinnuverndarfræðslu og 14% öryggisþjálfun. Að auki var vinnuverndarfræðslan sem í boði var ómarkviss og öryggisþjálfunin einkenndist af óvirkri, einstefnu kennslu. Átti það sérstaklega við í verslunar- og veitingastörfum, algengustu störfum ungmennanna. Sú ályktun er dregin að efla þurfi vinnuverndarfræðslu í skólum og að upplýsa þurfi atvinnurekendur um skyldu þeirra til að tryggja öryggi starfsmanna sinna.

Margrét Einarsdóttir
Ásta Snorradóttir

## A Community of Practice and Gender Budgeting in research and higher education organisations

The paper critically reflects on the opportunities and obstacles of Community of Practice (CoP) in developing and implementing gender budgeting to challenge gender biases in decision-making of research organisations. We employ a case study with the GenBUDGET CoP as a case. The CoP includes sixteen members in ten organisations, and is part of an international network of CoPs, set-up and supported by the Horizon 2020 project ACT in 2019-2021. Through 'Targeted Implementation Projects' (TIPs), the CoP aims to take action as a community, develop shared knowledge on how to implement gender budgeting and deal with resistances. The within-case analysis explores: What is the potential for a CoP to create knowledge about gender budgeting, a relatively new subject, when experience and knowledge about the subject is at different place? The analysis draws on the experiences and knowledge documented on the CoP's monthly meetings, including the Cop members experiences with the TIPs, the progress of their work and the opportunities and barriers they face in their own organisations. The findings reveal, among other things, that some of the CoP members face resistances from key decision-makers in their organisations and need to convince them to employ the gender budgeting tool. However, being part of a H2020 project is important, as it pushes gender equality projects forward.

Laufey Axelsdóttir
Finnborg S. Steinþórsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

## Ónógur svefn meðal íslenskra grunnskólanema

Þrátt fyrir fjölda svefnrannsókna, er enn margt á huldu um útbreiðslu svefnvenja meðal ungmenna. Nægur nætursvefn er mikilvægur fyrir þroska, heilsu og námsgetu ungs fólks. Markmið rannsóknarinnar var að athuga nánar ónógan svefn meðal íslenskra skólanema. Nemendur (N=7.159) á landinu öllu svöruðu stöðluðum spurningalist um Heilsu og lífskjör skólanema (HBSC) í 6., 8. og 10. bekk árið 2018. Þeir voru spurðir hvenær þeir færu venjulega að sofa og hvenær þeir vöknuðu á virkum dögum. Nægur svefn miðaðist við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og er 9-12 klst./nótt í 6. bekk, og 8-10 klst./nótt fyrir nemendur í 8. og 10. bekk. Í heild fengu 30% nemendanna ónógan svefn. Ónógur svefn var algengari meðal pilta en stúlkna, og meðal nemenda í 10. bekk samanborið við nemendur í 6. og 8. bekk. Nemendur sem bjuggu með báðum lífforeldrum fengu oftar nægan svefn en aðrir nemendur. Nemendur sem áttu foreldra af erlendum uppruna fengu sjaldnar nægan svefn en aðrir nemendur. Ónógur svefn var tíðari á landsbyggðinni en Reykjavíkursvæðinu. Loks, nemendur sem bjuggu við lakastan efnahag eða þann besta fengu síður nægan svefn en aðrir nemendur. Af þessu má ráða að umtalsverður hluti íslenskra ungmenna nær ekki nægum nætursvefni. Útbreiðsla ónógs svefns er misjöfn eftir hópum ungmenna. Mikilvægt er að gefa nánari gaum að nætursvefni íslenskra ungmenna, einkum í þeim hópum þar sem staðan er lökust.

Guðrún Kristjánsdóttir
Rúnar Vilhjálmsson

## Þróun líkamlegrar hreyfingar meðal íslenskra ungmenna

Fjölmargar rannsóknir leiða í ljós gildi hreyfingar fyrir þroska og líðan ungmenna. Engu að síður er hreyfingu ungs fólks verulega ábótavant, þótt vandinn sé mis mikill eftir hópum. Rannsóknin athugar þróun hópamunar á líkamlegri hreyfingu íslenskra grunnskólanema frá 2006-2018. Landskönnunin Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC) fór fram árin 2006, 2010, 2014 og 2018 meðal nemenda í 6., 8. og 10. bekk. Alþjóðaheilbrigðis-málastofnunin (WHO) ráðleggur að ungmenni stundi „líkamlega hreyfingu samanlagt í 60 mínútur eða meira á dag." Athugaður var hópamunur í dagafjölda hreyfingar og þróun hópamunarins á tímabilinu. Einungis 21% ungmennanna hreyfði sig nær daglega í 60 mínútur eða meir. Í heild jókst hreyfingin nokkuð með árunum og náði hámarki 2014. Stúlkur hreyfðu sig að jafnaði færri daga en piltar. Elstu unglingarnir hreyfðu sig sömuleiðis minna en þeir sem yngri voru. Lakari efnahagur fjölskyldu tengdist minni líkamlegri hreyfingu. Samspil kom í ljós milli bakgrunnsþátta og árs, sem sýndi að hópamunur var að nokkru leyti breytilegur yfir tímabilið. Niðurstöðurnar sýna viðvarandi ónóga hreyfingu íslenskra ungmenna, ekki síst stúlkna, eldri nemenda og nemenda sem búa við lakari efnahag fjölskyldu. Með undantekningum hélst hópamunur nokkuð stöðugur frá 2006 til 2018. Vinna þarf að aukinni hreyfingu íslenskra ungmenna með fræðslu, hvatningu og auknum tækifærum innan og utan skólanna.

Rúnar Vilhjálmsson

## Góðir hlutir gerast hægt: Áhrif stýrðrar kennslu Engelmanns og fimiþjálfunar á lestrarkunnáttu 11 ára drengs með einhverfu og AMO

Lestur eykur orðaforða, tilfinningu fyrir málinu og stuðlar að því að fólk geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Mikilvægt er að skólar hlúi að nemendum með lestrarörðugleika með viðeigandi inngripi svo þeir dragist ekki aftur úr. Stýrð kennsla Engelmanns og fimiþjálfun eru dæmi um raunprófaðar kennsluaðferðir. Stýrð kennsla byggist á þeirri hugmyndafræði að allir geti lært með skýrum leiðbeiningum. Kennarar fylgja yfirgripsmiklu handriti með dæmum um verkefni sem skipt er niður í lítil skref en þau stýra framvindu kennslunnar. Áhersla er lögð á hrós, rétta leiðréttingu rangra svara og sýnikennslu. Fimiþjálfun byggist á því að ná fram fimi nemenda í ákveðnum verkefnum og að svörun þeirra verði áreynslulaus, rétt og hröð. Aðferðin getur bæði reynst sem kennslu- og matstæki á framvindu kennslunnar. Þátttakandi þessarar rannsóknar hafði tekið þátt í sambærilegu verkefni tvisvar áður og var því markmið rannsóknarinnar að kanna áframhaldandi áhrif kennsluaðferðanna á lestrargetu 11 ára drengs með einhverfu og athyglisbrest með ofvirkni. Kennslustundir fóru fram fjórum sinnum í viku yfir sjö vikna tímabil. Áður en það hófst voru grunnskeiðsmælingar teknar og að því loknu eftirfylgnimælingar. Niðurstöður sýndu fram á aukna færni þátttakanda í að þekkja og hljóða lágstafi. Fyrir kennslutímabilið þekkti hann 7 stafi en undir lok þess þekkti hann 22. Bendir þetta til þess að aðferðirnar stýrð kennsla og fimiþjálfun hafi skilað árangri.

Björg Einarsdóttir
Elín Margrét Ólafsdóttir
Zuilma Gabríela Sigurðardóttir